


**skoðun 16**




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



**Aftur til fortíðar**

*Margrét Eir flytur lög úr söngleikjum í Tjarnarbíói annað kvöld.*

**allt 2**


# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
**7. október 2011**
234. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


**Vel heppnað stórvirki**

*Ragna Sigurðardóttir, gagnrýnandi Fréttablaðsins, gefur Listasögu Íslands fjórar stjörnur.*

**menning 32**



**Góðir gestir Ghostigital**

*David Byrne og Damon Albarn eru meðal góðra gesta á plötu Ghostigital.*

**fólk 46**

**Áttu aldrei möguleika**

*Enska U-21 árs liðið vann afar auðveldan sigur á því íslenska í Laugardal í gær.*

**sport 42**






**veðrið í dag**




**HVESSIR Í KVÖLD** Í dag verður víða hæg norðlæg átt og léttskýjað en í kvöld gengur í hvassa SA-átt með úrkomu, fyrst SV-lands. Hiti 0-8 stig.

**VEÐUR 4**

# Norðurál íhugar að skila orku vegna nýrrar virkjunar

**Orkufyrirtæki gætu setið uppi með umframorku ákveði Norðurál að minnka orkukaup sín. Deilt um hvort beita megi ákvæði sem á við um áföll í rekstri. Skuldbundnir til að kaupa orku frá nýrri virkjun á Hellisheiði.**

**IÐNAÐUR** Forsvarsmenn Norðuráls íhuga að nýta sér ákvæði í orkukaupasamningum og minnka kaup sín á rafmagni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ástæðan er sú að fyrirtækið er skuldbundið til að taka við orku úr fimmta áfanga Hellisheiðarvirkjunar, Sleggjunni, sem gangsettur var á laugardag. Þar eru framleidd 90 megawött af rafmagni.

Ákvæðið sem um ræðir snýst um kaupskyldu og nefnist „take or pay" upp á ensku. Samkvæmt því er fyrirtækið skuldbundið til að kaupa ákveðið magn af orku sem samningar kveða á um, til dæmis 85 prósent. Undir eðlilegum kringumstæðum kaupi fyrirtækið 100 prósent, en við sérstakar aðstæður megi lækka þá tölu niður í umsamda prósentu. Slíkt ákvæði er í samningum við öll þrjú orkufyrirtækin sem sjá Norðuráli fyrir orku: Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku, allt að 85 prósentum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ákvörðun ekki verið tekin, en málið er til skoðunar hjá Norðuráli. Ekki mun þó ætlunin að nýta sér að fullu þá heimild til minni orkukaupa sem samningar gera ráð fyrir. Ljóst er þó að orkufyrirtækin munu sitja uppi með umframorku, verði af þessu.

Málsaðilar eru ekki sammála um hvort Norðurál eigi rétt á að skila hluta orkunnar. Samkvæmt heimildum blaðsins líta orkufyrirtækin svo á að ákvæðið eigi aðeins við ef um meiri háttar breytingar eða áföll sé að ræða; það sé svokallað „force majeure"-ákvæði. Óljóst er hins vegar hvort ákvæðið er bundið skilyrðum í samningunum og Norðurál veltir því nú fyrir sér hvort það eigi við í þessu tilfelli.

„Það hefur engin tilkynning borist, ekkert skriflegt. Þeir hafa talað um eitthvað, en ekkert formlegt," segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku. „Það er bara verið að skoða það ef eitthvað slíkt kemur."

Samkvæmt samningum ber Norðuráli að nýta orkuna úr fimmta áfanga Hellisheiðarvirkjunar í álverinu á Grundartanga, hafi það ekki not fyrir hana í Helguvík. Þar er ekkert álver risið og ákveðnar breytingar þarf að gera á starfseminni á Grundartanga, eigi að taka við orkunni. **- kóp**

## Úrskurði frestað

Deila Norðuráls og HS Orku um kaupverð á orku er fyrir gerðardómi í Svíþjóð. Málsmeðferð þar hefur tafist, en til stóð að kveða upp dóm í málinu í september. Það var ekki gert og málinu frestað.




**GÓÐUR GESTUR Á BESSASTÖÐUM** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, dvelur nú hér á landi í boði forseta Íslands og Háskóla Íslands. Annan flytur á morgun upphafsræðu á hátíðarmálþingi háskólans í tilefni af 100 ára afmæli skólans. Síðar í dag heimsækir Annan í fylgd forseta Hellisheiðarvirkjun þar sem kynntir verða kostir til jarðhitanýtingar fyrir þróunarlönd, einkum Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kofi Annan á Íslandi:

# Styður stofnun Palestínuríkis

**FÓLK Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, sagði á blaðamannafundi á Bessastöðum í gær að öryggisráð SÞ bæri sögulega, lagalega og siðferðislega ábyrgð á því að stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu næði fram að ganga. Hann sagði alþjóðasamfélagið verða að taka það hlutverk sitt alvarlega að leysa þann hnút sem deilan hefur verið í um langt árabil.**

**Hann sagði jafnframt að Ísland, þrátt fyrir smæð sína, hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að finna lausnir á þeim vandamálum sem steðja að heiminum.**

**Kofi Annan er hátíðargestur á málþingi Háskóla Íslands sem haldið verður í tilefni af aldarafmæli skólans í dag. Yfirskrift málþingsins er Áskoranir 21. aldar.** **- shá**






Ráðherra skipar þriggja manna starfshóp um Guðmundar- og Geirfinnsmálið:

# Farið yfir öll gögn málsins á ný

**DÓMSMÁL** Guðmundar- og Geirfinnsmálið og rannsókn þess verður tekin til skoðunar í starfshópi á vegum innanríkisráðuneytisins sem kynntur verður í dag. Samkvæmt heimildum blaðsins er í ráði að stofna þriggja manna starfshóp sem fara mun yfir gögn málsins og vera til ráðgjafar um frekari rannsóknir.

Guðmundar- og Geirfinnsmálið er umtalaðasta sakamál Íslandssögunnar, ekki síst vegna fullyrðinga um að sakborningarnir hafi verið beittir harðræði í gæsluvarðhaldi. Málið komst aftur í hámæli eftir andlát aðalsakborningsins, Sævars Ciesielski, í júlí.

Þá hefur Stöð 2 fjallað um málið undanfarna daga og meðal annars sagt frá dagbókum sem annar sakborningur, Tryggvi Rúnar Leifsson, hélt meðan á gæsluvarðhaldsvist hans stóð. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur hefur sagt þær gefa tilefni til endurupptöku málsins.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur haft málið til skoðunar um nokkurt skeið. Fyrr í vikunni boðaði hann til blaðamannafundar um framhaldið sem fer fram klukkan ellefu í dag. **- kóp, sh**



**ÞUNGIR DÓMAR** Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Ciesielski voru dæmdir fyrir að myrða bæði Guðmund Einarsson og Geirfinn Einarsson. Þeir hlutu þyngstu dóma allra sakborninganna, 16 og 17 ár í Hæstarétti. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR




**SPURNING DAGSINS**



*Guðjón, er þá allt klárt fyrir flugtak?*

„Allt klárt, nema hvað ég hefði betur verið búinn að slökkva á gemsanum mínum áður en þessi snúna spurning kom.“

Guðjón Arngrímsson er upplýsingafulltrúi Icelandair, sem var að gera nýjan kjarasamning við flugfreyjur.

Þorvarður Davíð Ólafsson dæmdur fyrir hrottafengna árás á föður sinn:

# Fjórtán ára dómur staðfestur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest fjórtán ára fangelsisdóm yfir Þorvarði Davíð Ólafssyni fyrir tilraun til manndráps. Þorvarður réðst á föður sinn, tónlistarmanninn Ólaf Þórðarson, á heimili hans í nóvember í fyrra og veitti honum mjög alvarlega áverka, meðal annars á höfði.

Meðal ástæðna þess að Þorvarður réðst á föður sinn var frásögn stúlku sem hann þekkti um að faðir hans hefði misnotað hana kynferðislega. Síðar kom í ljós að sú saga var lygi.

Árásin var hrottafengin. Þorvarður kýldi föður sinn tvisvar í höfuðið með hnúajárni, sparkaði ítrekað í andlit hans þar sem höfuðið lá upp við steyptan arin, stappaði og hoppaði á höfðinu og linnti ekki látum fyrr en hann rann til í blóði. Þetta játaði hann fyrir héraðsdómi.

Ólafur hefur legið nær meðvitundarlaus á spítala síðan, tjáir sig ekki og skynjar ekki umhverfi sitt á neinn vitrænan hátt, að því er segir í dómnum. Engar framfarir hafa orðið á tíu mánuðum og eru því taldar yfirgnæfandi líkur á að ástandið sé varanlegt. **- sh**



**VINSÆLL TÓNLISTARMAÐUR** Ólafur Þórðarson gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Ríó Tríó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álag fyrir varaformennsku:

## Þingmenn fá launahækkanir

**ALÞINGI Varaformenn fastanefnda Alþingis fá frá og með síðustu áramótum sérstakar álagsgreiðslur sem hækka laun þeirra um tíu prósent. Það jafngildir um 55 þúsund krónum á mánuði. Vísir greindi frá þessu í gær.**

**Lögum um þingfararkaup var breytt samhliða breytingum á þingskaparlögum. Þá varð til embætti annars varaformanns, sem fær fimm prósenta launahækkun.**

**Alþingi ákveður álagsgreiðslur, ekki kjararáð eins og tveir þingmenn Samfylkingar leggja til. - sh**

Lóðir fyrir námsmannaíbúðir:

## Fyrir alla á viðráðanlegu verði

**HÚSNÆÐISMÁL „Stefna Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði,“ segir í nýrri húsnæðisstefnu til tíu ára sem borgarráð samþykkti í gær.**

**Fyrsta skrefið hefur verið tekið en á heimasíðu Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs, kemur fram að vilyrði hafi verið veitt fyrir eitt hundrað íbúða lóð í Brautarholti 7 undir stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta. Þá eigi að ræða við Háskólann í Reykjavík um að undirbúa byggingu stúdentagarða í Vatnsmýri og auk þess kanna frekari möguleika til uppbyggingar í samvinnu við Háskóla Íslands.**

**„Við gætum séð um og yfir 500 nýjar námsmannaíbúðir rísa á næstu árum,“ skrifar formaður borgarráðs. - gar**



**AÐALBYGGING** Rektor telur árangur skólans merkilegan í ljósi fjársveltis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Númer 300 af 17 þúsund:

## Háskóli Íslands í hóp 300 bestu

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands er kominn í hóp 300 bestu háskóla í heiminum að mati Times Higher Education Supplement, sem er annar af tveimur helstu matslistum á þessu sviði. Í heiminum eru nú rúmlega 17 þúsund háskólar.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir þetta mat gleðitíðindi. Hún segir það merkilegt að þessum árangri hafi verið náð þrátt fyrir að fjárframlög til skólans á hvern nemanda séu langt undir því sem gerist hjá ríkjum OECD. **- shá**

# Makríll sækir mjög til Íslands í ætisleit

**Niðurstöður hafrannsóknaleiðangurs staðfesta enn og aftur mikilvægi Íslandsmiða sem ætisvæðis fyrir makríl. Stór hluti mælds heildarmagns var innan íslenskrar lögsögu í sumar enda mestur þéttleiki ætis vestan við landið.**

**HAFRANNSÓKNIR** Mikilvægi hafsins við Ísland sem ætisvæðis fyrir makríl virðist enn meira en áður var talið. Niðurstöður leiðangurs Hafrannsóknastofnunar á útbreiðslu og magni makríls í íslenskri lögsögu sýna að stór hluti stofnsins í Norðaustur-Atlantshafi heldur sig við landið að sumarlagi.

Í lok ágúst lauk leiðangri Árna Friðrikssonar, sem hafði það markmið að kanna útbreiðslu og magn makríls í íslenskri lögsögu. Þetta er þáttur í sameiginlegum rannsóknum Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga á dreifingu og magni helstu uppsjávartegunda á ætissvæðum í Norðaustur-Atlantshafi og umhverfisaðstæðum þar.

Magn makríls á hafsvæðinu sem var rannsakað reiknast um 2,7 milljónir tonna. Þar af er 1,1 milljón tonna innan íslenskrar efnahagslögsögu, eða um 42 prósent af heildinni. Í leiðangri sömu þjóða sumarið 2010 var heildarmagnið metið 4,4 milljónir tonna en svipað magn innan íslenska hafsvæðisins og nú.

Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, segir að það sem helst skýri muninn á heildarmagninu sé að leiðangurinn hafi náð yfir töluvert minna hafsvæði en leiðangurinn 2010. „Þetta segir ekkert um heildarstofnstærðina. Þau svæði sem skoðuð voru eru þýðingarmikil ætisvæði makrílsins. Ísland virðist orðið mjög mikilvægt svæði í því tilliti.“

Þetta er þriðji sameiginlegi leiðangur þjóðanna. Niðurstöðurnar staðfesta, líkt og fyrri leiðangrar, að elsti makríllinn ferðast lengst í sínum ætisgöngum í Norðaustur-Atlantshafi á sumrin. Var hann einkum að finna vestast og nyrst á rannsóknasvæðinu, við Ísland. Í leiðangrinum var jafnframt könnuð dreifing átu, sem er helsta fæða makrílsins, og reyndist mestur þéttleiki hennar vera vestan við Ísland, þar sem makríllinn var jafnframt í mestum þéttleika.

„Þetta eru mjög mikilvægar upplýsingar um þýðingu íslenska hafsvæðisins fyrir makrílinn,“ segir Sveinn.

Samningaviðræður í makríldeilu Íslendinga við ESB og Noreg hefjast á ný 18. október næstkomandi. Þar verður reynt að leiða til lykta deilur um veiðar úr stofninum, en ESB-ríkin og Noregur telja Ísland eiga takmarkaðan rétt til veiða á makríl þrátt fyrir upplýsingar um göngur makríls inn í íslenska lögsögu. **svavar@frettabladid.is**




**SÆKIR ÆTI TIL ÍSLANDS** Ein af meginniðurstöðum leiðangursins er að makríllinn sækir mjög að ströndum Íslands þar sem þéttleiki ætis er mestur. Vestur af Íslandi mældist þéttleiki ætis og makríls mestur. 1,1 milljón tonna mældist við landið í sumar eins og í fyrra á sama tíma.



**HEITT Í HAMSI** „Framferði opinberra aðila í samgöngumálum okkar er til skammar,“ sagði skipuleggjandinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hundruð mótmæltu í Eyjum:

## Heimta Baldur til Eyja í vetur

**MÓTMÆLI** Þess var krafist á fjölmennum mótmælafundi á Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum í gær að Baldur yrði fenginn til að sigla milli lands og Eyja í vetur. Á fimmta hundrað manns voru saman komnir á bryggjunni.

„Það er algjörlega óásættanlegt að þjóðvegurinn sé lokaður að stórum hluta vegna mannlegra mistaka,“ sagði skipuleggjandinn Sigurmundur Gísli Einarsson um siglingaleiðina til og frá Landeyjahöfn.

Þá kröfðust mótmælendur þess að ráðherra samgöngumála og fulltrúar Vegagerðar og Siglingamálastofnunar myndu sitja fyrir svörum á opnum fundi í Eyjum. **- sh**

Orkuveitan borgar skuldir:

## Þrjár eignir OR á 465 milljónir

**VIÐSKIPTI Orkuveita Reykjavíkur hefur gengið að tilboðum í þrjár fasteignir sem auglýstar voru til sölu í sumar og vor vegna mikilla fjárhagsörðugleika fyrirtækisins.**

**Um er að ræða Hvamm og Hvammsvík í Kjós, Hótel Hengil á Nesjavöllum og húsnæði í Elliðaárdal sem áður hýsti minjasafn OR. Samanlagt söluvirði eignanna er 465 milljónir króna.**

**Nú er opið tilboð í eina eign OR, Perluna í Öskjuhlíð, en tilboðsfrestur er til 17. október. - shá**




Ráðning forstjóra Bankasýslunnar er hneyksli að mati stjórnarþingmanns:

# Ráðherra hyggst óska skýringa

**STJÓRNSÝSLA** „Þú getur rétt ímyndað þér hvort ég hafi ekki skoðanir á þessu en ég bara kýs að tjá mig ekki að svo stöddu,“ segir Páll Magnússon, nýráðinn forstjóri Bankasýslu ríkisins, um háværar gagnrýnisraddir sem heyrst hafa um ráðninguna. Málið standi ekki upp á hann heldur stjórn Bankasýslunnar.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að óska formlega eftir skýringum á ráðningarferlinu frá stjórn Bankasýslunnar og verður það gert á næstu dögum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, fór hörðum orðum um málið á Alþingi í gær.

„Ráðning forstjóra Bankasýslu ríkisins er hneyksli,“ sagði Helgi. „Ráðinn hefur verið forstjóri sem hvorki hefur menntun né starfsreynslu af fjármálamörkuðum. Með því sviptir Bankasýslan sig því trausti og þeim trúverðugleika sem hún verður að njóta þar sem hún fer með eignarhlut Íslendinga í viðskiptabönkunum og það vandasama verkefni að selja hluta þeirra einkaaðilum.“

Helgi sagði að fortíð Páls, sem aðstoðarmanns Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra þegar ríkisbankarnir voru einkavæddir, stæði honum fyrir þrifum. Enn fremur væri óheppilegt að forstjóri Bankasýslunnar hefði pólitískan bakgrunn, enda væri hlutverk hans í og með „að halda bönkunum armslengd frá stjórnmálunum í landinu“.

Páll er guðfræðingur að mennt og með meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu. Stjórnarformaðurinn hefur sagt hann hæfasta umsækjandann, jafnvel þótt hann hafi ekki komið best út í mati á menntun og starfsreynslu. **- sh**



**PÁLL MAGNÚSSON**



**HELGI HJÖRVAR**

Betri notaðir bílar

TOYOTA




# Þér er boðið í bílaveislu!

## Og þú mátt taka alla sem þú þekkir með þér.

**Gríptu tækifærið því nú er planið troðfullt af betri notuðum úrvalsbílum á frábæru verði.**

**Kaffi, kökur og heitt kakó.**

2010 Ú ergo P 80% 5



**Yaris Terra 1,0**

**Verðdæmi:** 1.790.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 25.789 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



**Auris Terra 1,33**

**Verðdæmi:** 2.300.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 34.195 kr. (72 mán.)

2009 Ú 80%



**Corolla Terra 1,4**

**Verðdæmi:** 2.190.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 37.598 kr. (60 mán.)

2010 Ú 80% 5



**Avensis SD Sol 6 gíra**

**Verðdæmi:** 3.550.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 52.612 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



**Verso Terra 1,6**

**Verðdæmi:** 2.870.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 42.593 kr. (72 mán.)

2010 Ú 80% 5



**RAV4 2,0 sjsk.**

**Verðdæmi:** 4.490.000 kr.
**Mánaðargr.*:** 66.461 kr. (72 mán.)

ergo – Grænt bílalán frá Ergo, engin lántökugjöld

5 – Toyotabílar frá 2010 og yngri eru í fimm ára verksmiðjuábyrgð

P – Frítt að leggja í gjaldskyld stæði í Reykjavík

Ú – Úrvalsbíll
1. árs viðbótarábyrgð ofl.
sjá nánar á toyotakopavogi.is

80% – 80% lánshlutfall hjá Ergo

*Miðað við bílasamning Ergo. Nánari upplýsignar og forsendur bílasamninga á ergo.is
Myndirnar eru dæmi um bíla af sömu tegund og eru í textanum.

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
toyotakopavogi.is
info@toyota.is

Afgreiðslutímar um helgina:
Föstudag: 09.00 til 19.00
Laugardag: 11.00 til 16.00

ergo

Today
Tomorrow
Toyota

**GENGIÐ 06.10.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,54 | 119,1 |
| Sterlingspund | 183,46 | 184,36 |
| Evra | 158,22 | 159,1 |
| Dönsk króna | 21,253 | 21,377 |
| Norsk króna | 20,23 | 20,35 |
| Sænsk króna | 17,297 | 17,399 |
| Japanskt jen | 1,5457 | 1,5547 |
| SDR | 184,15 | 185,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,353

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, á fundi Frjálslyndra jafnaðarmanna um atvinnumál:

# SA segir 4 til 5% hagvöxt nauðsynlegan

**ATVINNULÍF** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir að fjögurra til fimm prósenta hagvöxtur sé nauðsyn ef Ísland eigi að ná fyrri styrk á árunum 2015 til 2016. Allt undir því sé stöðnun eða of hægur bati og því ekki boðlegt.

Vilhjálmur var frummælandi á hádegisfundi Félags frjálslyndra jafnaðarmanna í gær þar sem hann lét ofantalin orð falla.

Hann sagði vissulega hafa nokkuð áunnist síðustu ár, sérstaklega hvað varðar að ná jafnvægi í ríkisrekstri, en auka þyrfti fjárfestingu til að koma atvinnulífinu aftur í gang.

Hann mæltist til þess að framhaldið yrði skoðað raunsætt og hugmyndafræði yrði ekki látin ráða för.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra var seinni frummælandi á fundinum og tók fyrst fram að margt hefði áunnist og því væri ekki hægt að saka ríkisstjórnina um aðgerðaleysi. Eftir erfið ár sé nú kominn grunnur til að byggja á til framtíðar og þótt eitthvað hafi mátt fara betur. Hún kallaði því eftir sanngjarnari umræðu.

Hvað varðar erlenda fjárfestingu sagði Katrín að hamlandi kerfi væri ekkert nýtt, heldur hefði það verið landlægt um áraraðir.

Hún talaði fyrir því að sett yrðu ný lög þar sem reglur um erlendar fjárfestingar væru skýrðar svo að ekki færi eftir mati í hvert sinn sem slík mál kæmu til álita. **- þj**



**SKOÐANASKIPTI** Vilhjálmur Egilsson og Katrín Júlíusdóttir voru frummælendur á hádegisfundi Frjálslyndra jafnaðarmanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**MÆTTIR Á WALL STREET** Mótmælendur voru mættir með skiltin sín í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli áfram á Wall Street:

## Mótmælendum vex ásmegin

**BANDARÍKIN, AP Þúsundir mótmælenda héldu út á götur New York í gær til að mótmæla græðgi banka og stórfyrirtækja.**

**Mótmælin hafa staðið yfir í meira en tvær vikur og fjölgar þátttakendum dag frá degi, auk þess sem farið er að efna til sams konar mótmæla í fleiri borgum Bandaríkjanna. Á miðvikudag tóku nokkur verkalýðsfélög í fyrsta sinn þátt í mótmælunum.**

**Barack Obama Bandaríkjaforseti sagðist í gær skilja áhyggjur almennings af fjármálaheiminum.** **- gb**

Umdeilt hátæknisjúkrahús:

## Klofin í afstöðu til nýs spítala

**KÖNNUN** Rétt rúmur helmingur þátttakenda í könnun MMR, um 51 prósent, telur að bygging hátæknisjúkrahúss sé slæm ráðstöfun á skattfé. Um 49 prósent eru á öndverðum meiði.

Yngsti hópurinn, fólk undir þrítugu, er áberandi jákvæðari í garð framkvæmdarinnar en þeir sem eldri eru. Konur og íbúar höfuðborgarsvæðisins mælast heldur jákvæðari en karlar og landsbyggðarfólk. Þá mælast stuðningsmenn stjórnarflokkanna jákvæðari en stjórnarandstæðingar. **- sh**

# Uppbyggingu ekki stýrt af skilanefnd

**Fjármálaráðherra gefur lítið fyrir gagnrýni skilanefndar gamla Landsbankans á skatta og kvótafrumvarp. Uppgjöri við bankann ljúki á næsta ári og framtíðarþróun snerti því kröfuhafana lítt. Góðar horfur séu á hagstæðu uppgjöri.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það kemur úr hörðustu átt að fá skeyti af þessu tagi frá þeim sem vinna úr búi föllnu bankanna, sérstaklega Landsbankans. Bankarnir sköpuðu okkur mikið fjárhagslegt tjón og við erum að reyna að hífa samfélagið upp úr því og skapa tekjur til að vinna úr áfallinu sem við urðum fyrir við fall bankanna,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Tilefnið er gagnrýni skilanefndar gamla Landsbankans, sem fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudag, á nýja bankaskatta og kvótamál.



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur segir ágætis horfur á að fá upp í kröfur samkvæmt skuldabréfi sem er í eigu kröfuhafa gamla Landsbankans. Ekki standi til að stýra enduruppbyggingu samfélagsins á grundvelli skilaboða frá þeim. Steingrímur á blaðamannafundi um þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-reikninga Landsbankans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skilanefndin taldi áform stjórnvalda geta rýrt virði eignasafns bankans og mögulega þyrfti að láta á áhrifin reyna fyrir dómi. Samkvæmt samningum við kröfuhafa var gefið út skuldabréf sem getur að hámarki orðið 92 milljarðar króna. Náist það eignast kröfuhafarnir það og skila hlut sínum í nýja Landsbankanum til fjármálaráðuneytisins. Bréfið er skilyrt við mat á eignasafni bankans í árslok 2012.

Hann telur ekki tilefni til að hafa áhyggjur, ágætis horfur séu á því að heimtur náist upp í bréfið. Þá verði uppgjöri á milli gamla og nýjna bankans lokið á næsta ári og því lítil ástæða fyrir skilanefnd bankans að hafa áhyggjur af mögulegum framtíðarhorfum varðandi skattlagningu og fiskveiðistjórnun.

„Ef einhverjir ættu að hafa skilning á tjóninu, þeim kostnaði sem af því hlaust og þeirri tekjuöflunarþörf sem það skapaði, ættu það að vera þeir sem véla um bú gömlu föllnu bankanna,“ segir Steingrímur.

Hann segir ekki annað standa til en að skapa fjármálastarfsemi og sjávarútvegi eðlileg skilyrði til að þróast. Ekki þurfi skilanefndina til að segja ríkisstjórninni fyrir verkum í þeim efnum.

„Það er algjörlega á hreinu að það stendur ekki til að fara að stýra enduruppbyggingu samfélagsins á grundvelli skilaboða frá þeim aðilum. Þeir fá sitt uppgjör, sem staðið verður faglega að.“

Steingrímur segir að við uppgjörið verði kröfuhafar í gamla bankanum lausir sinna mála og nýi bankinn laus við þá. Engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af því.

„Ég vil ekki gefa mér neitt fyrirfram um endanlega niðurstöðu í þessu og ætla ekki að blanda mér í uppgjörið. En eins og málin hafa þróast eru ágætis horfur á að það fáist upp í þetta bréf.“ **kolbeinn@frettabladid.is**

Sendiráðsfulltrúi dæmdur:

## Tvö ár fyrir stórfelldan fjárdrátt

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt fyrrverandi sendiráðsfulltrúa í sendiráði Íslands í Austurríki í tveggja ára fangelsi, þar af 22 mánuði á skilorði, fyrir fjárdrátt í opinberu starfi. Þar með staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjaness.**

**Konan, sem er tuttugu og níu ára, er sakfelld fyrir að hafa á sjö mánaða tímabili í starfi sínu dregið sér og notað í eigin þágu samtals 335.768 evrur, eða sem nemur ríflega 53 milljónum króna. Hún játaði brot sitt skýlaust og vísaði á gögn sem flýttu fyrir rannsókn málsins. Hún hafði endurgreitt rúmlega tólf milljónir.** **- jss**

Kaczinsky dalar:

## Þjóðernisremba virkar lítt núna

**PÓLLAND, AP** Þjóðernisboðskapur Jaroslaws Kaczinsky, fyrrverandi forsætisráðherra Póllands, virðist ekki virka jafn vel á kjósendur nú og stundum fyrr.



**JAROSLAW KACZINSKY**

Í skoðanakönnunum hefur Laga- og réttlætisflokkur hans mælst með dalandi fylgi, en þingkosningar verða í Póllandi á sunnudag.

Kaczinsky hefur í kosningabaráttunni ítrekað talað um yfirgang Þjóðverja gagnvart Póllandi og hefur verið mjög á móti fjárfestingum Þjóðverja þar í landi.

Borgaralegur vettvangur, flokkur Donalds Tusk forsætisráðherra, hefur forystu í skoðanakönnunum. **- gb**

HÓPKAUP.IS Í DAG

FLUG TIL EÐA FRÁ BERLÍN Í NÓVEMBER

14.900 kr. GILDIR 24 TÍMA

Verð 24.958 kr. | Afsláttur 40% | Afsláttur í kr. 10.058 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531




Flug til eða frá Berlín með Iceland Express í nóvember á aðeins 14.900 kr. með öllum sköttum og kostnaði (kostar 24.958 kr.).

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SLAGVEÐUR** Það verða snöggar breytingar í kvöld en þá gengur í stífa SA-átt með mikilli úrkomu, fyrst suðvestanlands. Mikil rigning syðra í nótt og á morgun. Smám saman dregur úr vindi er líður á morgundaginn en hvasst norðaustan til fram eftir degi. Hlánar nyrðra.



**Á MORGUN** Hvasst SV-til í fyrstu og NA-til síðdegis.

**SUNNUDAGUR** Vaxandi NV-átt og kólnar á ný.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 15° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 19° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 13° |
| París | 16° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Smáralind
10 ára
25%
AFSLÁTTUR
af öllum snyrtivörum
af öllum leikföngum
af öllum dömufatnaði
af öllum skóm
af öllum herrabolum
af öllum barnaúlpum
Í HAGKAUP SMÁRALIND
gildir til 10. október
Smáralind
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú á rjúpnaveiðar í vetur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 11% |
| NEI | 89% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú á skrá yfir líffæragjafa?*

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Framsóknarkonur ósáttar við nefndarskipan þingflokksforystunnar:

# Siv vildi sitja áfram í forsætisnefnd

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir segist munu halda áfram störfum sínum á þingi þó að þingflokkur Framsóknarflokks hafi dregið hana út úr forsætisnefnd Alþingis.

„Ég var tilbúin að sinna áfram störfum í forsætisnefnd," segir Siv í samtali við Fréttablaðið, „enda var ekki verið að breyta þeirri nefnd og það er kosið til hennar til fjögurra ára. En þetta var niðurstaðan á þingflokksfundi."

Hún segist munu vinna áfram að þeim störfum sem hún hefur sinnt og vinna að sínum málum, þar á meðal málum tengdum lýðheilsu, neytendamálum og stjórnsýslu.

Framkvæmdastjórn Landssambands framsóknarkvenna sendi frá sér ályktun í gær þar sem hörmuð er sú ákvörðun þingflokksins að draga Siv út úr forsætisnefndinni.

Siv sagði að henni þætti vænt um þá yfirlýsingu.

„Mér þykir vænt um að þær láta sig þessi mál varða og hafa skoðun á þeim. Konur í Framsóknarflokknum hafa iðulega tekið upp hanskann þegar þeim finnst það við hæfi."

Siv var kjörin í velferðarnefnd og Íslandsdeild Norðurlandaráðs. - þj



**VILDI VERA ÁFRAM** Landssamband framsóknarkvenna hefur lýst yfir stuðningi við Siv Friðleifsdóttur þingkonu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karríkeppni úr böndunum:

# Karríblandan fór illa í alla

**BRETLAND, AP Árleg karríkeppni sem haldin er í góðgerðaskyni í Edinborg reyndist erfiðari en svo þetta árið að nokkur keppenda næði að ljúka keppni.**

**Þeir tíu sem brögðuðu á karríinu, sem átti að vera það sterkasta í heimi, féllu saman, veltust um á gólfinu og seldu upp. Aðrir tíu sem höfðu skráð sig hættu við. Abdul Ali, eigandi veitingahússins Kismot, sem stendur fyrir keppninni, segir að á næsta ári þurfi hann að halda aftur af sér með kryddstaukana. - gb**

## ÁTAK

### Landsmenn klæðist bleiku

Krabbameinsfélag Íslands hvetur alla landsmenn til að klæðast einhverju bleiku í dag, til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Dagurinn naut mikilla vinsælda í fyrra að sögn félagsins. Bleika slaufan, átak Krabbameinsfélagsins gegn krabbameinum hjá konum, fer fram í þessum mánuði líkt og undanfarin ár.

## NEYTENDUR

### Ikea innkallar BUSA tjald

Stálvírar sem halda uppi BUSA barnatjaldi frá IKEA geta brotnað og stungist út úr tjaldinu. Vitað er um þrjú slík tilvik erlendis og varð minniháttar slys í einu tilvikanna. Verslanakeðjan biður því þá viðskiptavini sem eiga slíkt barnatjald að koma með það í verslunina þar sem þeir fá tjaldið endurgreitt. Nánari upplýsingar má finna á www.ikea.is.

# Breyting skattþrepa hækkar ekki skatta

**Þrepamörk á tekjuskatti hækka um 3,5 prósent á næsta ári. Breytingin hefur lítil áhrif á skattbyrði. Hún lækkar skattbyrði upp að 800 þúsund krónum lítillega. ASÍ segir lög gera ráð fyrir að hækkunin sé í samræmi við launavísitölu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hafa breytingar á þrepakerfi tekjuskattsins?

Fjárlagafrumvarpið 2012 gerir ráð fyrir breytingu á þrepakerfi í tekjuskattkerfinu. Hækka á mörkin um 3,5 prósent. Fréttablaðið óskaði skýringa frá fjármálaráðuneytinu um hvaða áhrif þetta hefði á skattbyrði einstaklinga.

Líkt og sést á töflunni hér til hliðar eru skattþrepin þrjú. Lægsta þrepið, tekjur undir 209.400 krónum, ber 37,31 prósents skatt, annað þrepið, tekjur frá 209.401 til 680.550 króna, ber 40,21 prósents skatt og þriðja þrepið, tekjur yfir 680.550 krónum, ber 46,21 prósents skatt. Persónuafsláttur dregst síðan frá þannig reiknuðum skatti, en hann nemur nú 44.205 krónum á mánuði.

Í svari fjármálaráðuneytisins kemur fram að endanleg hækkun hafi ekki enn verið ákveðin. Þó er gert ráð fyrir að hún verði 3,5 prósent, líkt og fyrr segir.

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, segir að breytingarnar séu að einhverju leyti í takt við þær vísitölubreytingar sem boðaðar höfðu verið. Skatturinn byrji seinna að hafa áhrif við hækkunina.

„Þetta er í samræmi við það sem átti að vera, þetta átti að fylgja vísitölunni og gerir það að einhverju leyti. Þetta eru þó bara 3,5 prósent, á meðan persónuafslátturinn hækkar um 5,1 prósent."

Persónuafslátturinn verður eftir hækkunina 46.459 krónur í stað 44.205 króna.

Miðstjórn ASÍ fundaði í gær um skattkerfið og gerði verulegar athugasemdir við lækkun á frádrætti vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Í minnisblaði um fjárlögin segir að ekki sé gert ráð fyrir breytingum á tekjuskatti til almennings. „Þrepamörk tekjuskatts hækka um 3,5% en ekki í samræmi við launavísitölu líkt og lög gera ráð fyrir."

Í dæmunum hér til hliðar er horft framhjá hækkun persónuafsláttar, til að einfalda málið og horfa aðeins á þátt þrepamarkanna. kolbeinn@frettabladid.is



**SKATTINUM SKILAÐ** Breytingar á skattþrepum hafa ekki mikil áhrif á skattbyrði einstaklinga. Persónuafsláttur verður hækkaður um um það bil 2.200 krónur á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Áhrif breytinga á skattþrep

**Einstaklingur með 500 þús. krónur á mánuði***

| | 2011 | 2012 |
|---|---|---|
| 37,31% | af fyrstu 209.400 | af fyrstu 216.729 |
| 40,21% | af 290.600 | af 283.271 |
| **Skattur** | **150.772** | **150.560** |
| Munur: Skattur lækkar um 212 krónur | | |

**Einstaklingur með 800 þús. krónur á mánuði***

| | 2011 | 2012 |
|---|---|---|
| 37,31% | af fyrstu 209.400 | af fyrstu 216.729 |
| 40,21% | af 471.000 | af 486.641 |
| 46,21% | af 119.600 | af 95.630 |
| **Skattur** | **278.569** | **276.928** |
| Munur: Skattur lækkar um 1.641 krónur | | |

*Gert ráð fyrir óbreyttum persónuafslætti en hann hækkar úr 42.205 krónum á mánuði í 44.205 krónur.


# Budapest

**18. október í 5 nætur**

**Frá kr. 59.900**

**Ótrúleg sértilboð**

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð í 5 nátta ferð til Budapest 18. október. Budapest er ein fegursta borg Evrópu. Haustið er einstakur tími til að heimsækja borgina. Bjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértilboðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

**Kr. 59.900**
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, Sértilboð. Netverð á mann.

**Kr. 79.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Leonardo **** í 5 nætur með morgunverði.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





# Víðavangshlaup Framfara

Útivist fyrir alla fjölskylduna í Öskjuhlíð. Við bjóðum alla velkomna í Víðavangshlaup Framfara sem haldið verður við Perluna laugardaginn 8. október kl. 11. Í boði verður að hlaupa tvær vegalengdir, 1 km eða 4 km, og því tilvalið fyrir krakka og fullorðna að koma saman og taka þátt. Þátttökugjald er aðeins 500 kr. fyrir fullorðna en frítt fyrir 16 ára og yngri.

Vegleg verðlaun. Skráning fer fram á staðnum og að loknu hlaupi verður boðið upp á hressingu.

**Nýbakaður Íslandsmethafi og komandi Ólympíufari Kári Steinn Karlsson mætir og gefur góð ráð og eiginhandaráritanir við rásmark.**

actavis


Tölvufrumkvöðullinn Steves Job lést af völdum krabbameins á miðvikudag:

# Andlát Jobs vekur sterk viðbrögð

**BANDARÍKIN, AP** „Hugsanlega sýnir ekkert betur árangur Steves en sú staðreynd að stór hluti fólks í heiminum frétti af andláti hans með tækjabúnaði sem hann fann upp," skrifaði Barack Obama Bandaríkjaforseti á Twitter-síðu sína eftir að hann frétti af fráfalli Steves Jobs, meðstofnanda Apple-fyrirtækisins.

Fréttirnar hafa vakið sterk viðbrögð því Jobs átti sér dygga aðdáendur.

„Fyrir suma er hann eins og Elvis Presley eða John Lennon. Tímarnir okkar hafa breyst," segir einn aðdáendanna, Scott Robins, sem er 34 ára gamall rakari í San Francisco.

Jobs stofnaði tölvufyrirtækið Apple árið 1976 ásamt félögum sínum og hefur undanfarna áratugi sett á markað hverja tækninýjungina á fætur annarri sem slegið hefur í gegn um heim allan, fyrst Apple- og Macintosh-tölvurnar, síðar iPod-tónspilara, iPad-spjaldtölvur og iPhone-snjallsíma, svo nokkuð það helsta sé nefnt.

Jobs greindist með krabbamein árið 2004 og náði sér aldrei almennilega eftir það. Hann tók sér þrisvar löng veikindaleyfi, síðast í janúar á þessu ári og sneri ekki aftur til vinnu. Hann sagði af sér í ágúst og hafði þá valið Tim Cook til að taka við af sér sem framkvæmdastjóri Apple. Jobs lést á miðvikudag. - gb



**STEVE JOBS** Skýrði frá afsögn sinni í ágúst eftir að hafa glímt við krabbamein síðan 2004. NORDICPHOTOS/AFP

# EINSTAKT UPPFLETTIRIT UM LÆKNINGAJURTIR Á ÍSLANDI

## NÝ BÓK EFTIR ÖNNU RÓSU GRASALÆKNI UM NOTKUN, TÍNSLU OG RANNSÓKNIR Á LÆKNINGAJURTUM






„Hér er komin frábær bók þar sem Anna Rósa sameinar vísindalega nálgun og aldagamla þekkingu á íslenskum lækningajurtum. Verkið einkennist af faglegum og ítarlegum lýsingum á jurtum og eiginleikum þeirra ásamt mjög fallegum myndum. Bókin er einstakt uppflettirit sem getur nýst hverjum þeim sem hefur áhuga á íslenskri náttúru í öllum hennar fjölbreytileika – þessi bók á eftir að verða sígilt verk!"

*Dr. Jan Triebel, sérfræðingur í orku- og endurhæfingalækningum, MBA, fv. yfirlæknir á Heilsustofun NLFÍ*

Tilboð
**4.799**
Áður 5.799

## Þér er boðið í útgáfuhóf og kynningu á bókinni í dag!

Útgáfuhóf og kynning á bókinni **Anna Rósa grasalæknir og íslenskar lækningajurtir** verður í Eymundsson á Skólavörðustíg í dag, föstudaginn 7. október kl. 17.00. Höfundur bókarinnar kynnir verk sitt og boðið verður upp á léttar veitingar. 20% kynningarafsláttur er af bókinni.

Verið hjartanlega velkomin!

**Útgáfuboð í Eymundsson Skólavörðustíg kl. 17.00 í dag**

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is

Tilboð gildir til og með 12.10.11

**FRÉTTASKÝRING:** Samskipti skóla og trúfélaga

# Borgarráð bannar trúboð í skólum

**Hinar umdeildu breytingartillögur mannréttindaráðs um samskipti skóla og trúfélaga hafa verið samþykktar í borgarráði. Tillögurnar hafa tekið þó nokkrum breytingum frá því að þær voru settar fram fyrst.**

Borgarráð hefur nú samþykkt tillögur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um breyttar reglur varðandi samskipti trúar- og lífsskoðunarfélaga við leik- og grunnskóla Reykjavíkur.

Tillögurnar voru fyrst lagðar fram á seinni hluta árs 2010 og urðu strax mjög umdeildar. Þótti mörgum nóg um þegar átti að banna börnum að syngja sálma í skólum á jólum og föndra páskaskraut. Mannréttindaráð sendi fyrstu tillögur til annarra ráða til umsagnar og tóku þær þó nokkrum breytingum.

### Mikilvæg niðurstaða

Margrét K. Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs, fagnar ákvörðun borgarráðs og segir afar mikilvægt að niðurstaða sé komin í málið.

„Ég var ekkert viðkvæm fyrir því að tillögurnar væru aðlagaðar að athugasemdum, það var markmiðið allan tímann. Við tókum fullt tillit til allra athugasemda og flýttum okkur ekki neitt," segir Margrét.

Samkvæmt samþykktum ber mannréttindaráði að leggja tillögur sínar fram til borgarráðs. Margrét segir það hafa legið fyrir allan tímann. Hún segist þó hafa fundið fyrir gagnrýni frá prestum, sem segja að það hafi skort samráð í málinu.

„Ég er ekki sammála því, við tókum tillit til allra aðila, eins og áður sagði," segir hún og bætir við að hún vilji undirstrika að ekki verði hróflað við kristnifræði eða annarri trúarbragðakennslu.

„Það er ekki verið að úthýsa kristnifræði á nokkurn hátt, það var verið að hugsa þetta mál út frá öðrum trúarbrögðum. Ég trúi því að þetta sé skynsamlegt skref."

### Gagnrýnir starfshætti

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir niðurstöðuna vonbrigði.

„Það eru vonbrigði að borgarfulltrúar hafi unnið málið með þessum hætti og raunverulega þvingað fram, hvað sem tautaði og raulaði, reglur um samskipti í skólum," segir Júlíus Vífill. „Manni hugnast illa hvernig að þessu er stefnt – það er verið að búa til miðstýrðar reglur þar sem valdið kemur ofan frá."



TRÚ OG SKÓLI Nú verður prestum óheimilt að heimsækja skóla og grunnskóla í borginni í trúarlegum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Júlíus Vífill telur að skólar í borginni séu fullfærir um að móta sínar eigin reglur upp á eigin spýtur og gagnrýnir starfshætti mannréttindaráðs í málinu og segir lítið sem ekkert samráð hafa verið haft við þá aðila sem að málinu koma.



„Það var gríðarlegur fjöldi sem óskaði eftir að fá áheyrn í þessu máli, en því var ekki svarað. Mannréttindaráð hefur ekki umboð til þess að taka sér vald sem hefur ekki stoð í samþykktum borgarinnar," segir hann. „Meirihluti borgarráðs er því að draga mannréttindaráð að landi í þessu máli. Máli sem þarf að sýna skilning og umburðarlyndi og það hefur ekki verið gert í þessu tilfelli."

### Gídeon mun gefa áfram

Ein af breytingunum lýtur að því að Gídeonfélagið mun ekki lengur hafa heimild til þess að dreifa Nýja testamentinu til grunnskólabarna.

Rúnar Vilhjálmsson, formaður Gídeonfélagsins, segir félagið samt sem áður ætla að halda því áfram.

„Tillagan leggur ekki Gídeonfélagið niður. Þetta er félagsskapur á gömlum merg, það verður ennþá starfandi," segir hann. „Við þurfum að leita að samkomulagi að nýju og finna flöt og forsendur til að vinna áfram í samstarfi við skólana eins og við höfum verið í áratugum saman."

Rúnar segist bjartsýnn á að félagið muni halda áfram að starfa í Reykjavík þrátt fyrir breyttar reglur.

„Þetta hefur hvergi komið upp annars staðar," segir hann. „En nú treysta skólastjórar í borginni sér ekki lengur til að eiga við okkur samskipti án reglna, svo við verðum að finna nýjan flöt til að halda starfinu áfram."



MARGRÉT K. SVERRISDÓTTIR



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Rúnar segir breytingar borgarráðs vonbrigði og hann hefði viljað vera áfram í óbreyttu samstarfi við skólana.

„Vissulega eru það vonbrigði þegar utanaðkomandi aðili kemur og setur skólum boð og bönn," segir hann. „Við hefðum viljað vera áfram í samstarfi á forsendum skólans og foreldra. Við gerum auðvitað ekkert án samþykkis skólastjóra og foreldra."

Stjórn Gídeonfélagsins mun funda á næstunni til þess að ræða hvaða möguleikar séu í stöðunni.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

## Bera merki um alvarlega fordóma

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði segja í yfirlýsingu að skólastjórnendum og foreldrum sé ekki treyst til að taka ákvarðanir. Í yfirlýsingunni segir að allt frá því að tillögurnar voru settar fram í mannréttindaráði án faglegs undirbúnings eða samráðs hafi þær mætt harðri gagnrýni í skólasamfélaginu.

„Tillögurnar bera merki alvarlegra fordóma í garð trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og því áhyggjuefni að slíkar tillögur hafi komið frá því ráði sem standa á vörð um mannréttindi. Vinnubrögð mannréttindaráðs hafa dregið úr trúverðugleika þess og virðingu meðal almennings. Þau hafa kallað fram umræðu um að aðrar hvatir hafi búið að baki en þær sem byggja á umburðarlyndi og sanngirni."

## Kennarar harma breytingarnar

Stjórn Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði (FÉKKST) segir í yfirlýsingu að félaginu þyki miður að tillaga mannréttindaráðs skuli hamla skapandi skólastarfi á sviði trúarbragðafræðslu og takmarka sjálfstæði kennara í sínu faglega starfi. Stjórnin harmar einnig að ekki skuli hafa þótt ástæða til að eiga samráð við fagfélag kennara við samningu þessar tillögu eins og starfsreglur nefnda Reykjavíkurborga segja til um.

Stjórnin telur að tillaga mannréttindaráðs vegi að fagmennsku kennara og sé ekki til þess fallin að skapa þá nauðsynlegu sátt sem ríkja þarf um námsgreinina og skólastarfið almennt. FÉKKST er fagfélag innan Kennarasambands Íslands.

## Breyttar reglur innan Reykjavíkur

1. Heimsóknir fulltrúa trúarhópa í trúarlegum tilgangi á skólatíma eru óheimilar.
2. Dreifing boðandi efnis innan skóla er óheimil (auglýsingar eru ekki taldar boðandi efni).
3. Skólastjórnendur grunnskóla geta boðið fulltrúum að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði eða lífsleikni sem lið í fræðslu samkvæmt námsefni, og skal heimsóknin fara fram undir handleiðslu kennara og vera innan ramma námsefnisins.
4. Heimsóknir í kirkjur og aðrar trúarstofnanir á skólatíma grunnskóla skulu eiga sér stað undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu. Þar sem ekki er sérstaklega getið um heimsóknir leikskólabarna í tillögunum sem lið í fræðslu í námskrá leikskóla er talið eðlilegt að miða fjölda heimsókna við námskrá grunnskóla.
5. Þá verði þess gætt að nemendur fylgist eingungis með en séu ekki þátttakendur í helgisiðum og athöfnum.
6. Áfallahjálp presta verður heimil við sérstakar kringumstæður, að frumkvæði skólans, og samráð skal haft við foreldra. Helgistundir vegna áfalla skulu fara fram utan skólatíma.
7. Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sínum sessi í árstíðabundnu starfi.

*Reglurnar skulu endurskoðaðar eftir ár.*

FASTUS

Getur þú bjargað mannslífi?



Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar



Sitness
Kr. 39.900,-

Body Balance
Kr. 39.900,-

Bonanza
Kr. 65.900,-
svart leður

www.hirzlan.is

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040




ENNEMM / SIA / WONWEI / NM48363



**SKREYTTUR OLÍULÖMPUM** Þessi hindúi í Nepal hefur raðað olíulömpum á sig fyrir þátttöku í trúarhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hverfill til virkjunar sjávarfallaorku í alþjóðlegri samkeppni:

# Íslensk uppfinning í fyrsta sæti

**ORKUMÁL** Valdimar Össurarson hlaut á miðvikudaginn fyrstu verðlaun í keppni Alþjóðasamtaka félaga hugvitsmanna, IIA, fyrir Valorku hverfilinn sinn sem ætlaður er sérstaklega til að nýta hæga sjávarfallastrauma. Verðlaunin námu 300 þúsundum sænskra króna, jafngildi 5,2 milljóna íslenskra króna.

„Önnur fyrirtæki hafa þróað hverfla til þess að virkja hraða strauma eins og eru í Hvammsfirði og þröngum sundum. Ég vil virkja hæga strauma sem eru í röstunum og við annesin,“ segir Valdimar.



**Í FARARBRODDI** Valdimar Össurarson hugvitsmaður með verðlaunaféð. FRÉTTABLAÐIÐ/JÚLÍUS VALSSON

Hann getur þess að umhverfisáhrifin séu sáralítil eða engin. „Minn hverfill á að vera algerlega neðansjávar og fljótandi frá botni. Hann hefur engin þekkt umhverfisáhrif auk þess sem sjávarfallaorkan er regluleg.“

Valdimar bendir á að ókostirnir séu hins vegar þeir að sjávarföllin við Ísland snúi við fjórum sinnum á sólarhring. „Það þarf að finna lausnir til þess að brúa stoppið. Menn vilja ómögulega bíða með að elda kjúklinginn sinn. Það væri annars vegar hægt að keyra á móti vatnsaflsorku og hins vegar hringtengja kringum landið þar sem sjávarföllin eru aldrei á sama tíma.“ - ibs

Breytingar á markaði:

# SP og Avant inn í Landsbanka

**VIÐSKIPTI Fjármögnunarfyrirtækin SP-Fjármögnun og Avant voru í gær formlega sameinuð Landsbanka Íslands.**

**Fyrirtækin voru að öllu eða nær öllu leyti í eigu Landsbankans, en í tilkynningu frá bankanum segir að tilgangur samrunans sé að einfalda rekstur og bæta framboð og þjónustu til viðskiptavina.**

**Fjármálaeftirlitið hefur þegar samþykkt samrunann sem ekki á að hafa áhrif á hagi viðskiptavina SP og Avant.** - þj






Icelandic Group:

# Lárus ráðinn í stöðu forstjóra

**VIÐSKIPTI** Lárus Ásgeirsson hefur verið ráðinn forstjóri Icelandic Group.

Lárus starfaði hjá Marel frá 1991 til 2009, þar sem hann var meðal annars staðgengill forstjóra Marel Food Systems á árunum 2006 til 2009. Síðast var hann forstjóri Sjóvár frá 2009-2011.



**LÁRUS ÁSGEIRSSON**

Lárus lauk BSc-prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og MSc-gráðu í vélaverkfræði frá Oklahoma State University.

Hann hefur setið í ýmsum stjórnum félaga á Íslandi og erlendis. - þj



**MIKIL SAMÞJÖPPUN** Nefndin segir ástæðu til að hafa áhyggjur af samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Geta skipt upp risum á fjölmiðlamarkaði

**Tillögur nefndar um eignarhald á fjölmiðlum ganga ekki eins langt og fjölmiðlanefndar ársins 2005. Ekki er lagt til að takmarka eignarhald á fjölmiðlum við tiltekið hlutfall heldur er vald eftirlitsaðila aukið.**

**FJÖLMIÐLAR** Samkeppnisyfirvöldum verða veittar auknar heimildir til að stöðva og vinda ofan af samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, samkvæmt tillögum nefndar um eignarhald á fjölmiðlum.

Nefndin, sem skipuð var fulltrúum allra flokka á Alþingi, skilaði af sér í gær. Tillögur hennar eru settar fram í formi lagafrumvarps og greinargerð með því.

Samkvæmt frumvarpinu, sem kann auðvitað að taka breytingum í meðförum þingsins, fær Samkeppniseftirlitið (SE) heimildir til að hindra samruna fjölmiðlafyrirtækja ef hann er talinn hafa óæskileg áhrif á samkeppni, og jafnframt til að skipta þeim upp ef staða þeirra ógnar samkeppni.

Eftirlitið hefur raunar heimildir af þessu tagi nú þegar, sem gilda um öll stærri fyrirtæki. Breytingarnar sem kveðið er á um í frumvarpinu myndu hins vegar hafa það í för með sér að SE gæti gripið inn í ekki aðeins á markaðslegum forsendum heldur einnig á forsendum fjölmiðlaréttar og til að tryggja fjölbreytni og fjölræði í íslensku fjölmiðlaumhverfi, eins og það heitir í lögum um fjölmiðla.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að SE hafi samráð við nýstofnaða fjölmiðlanefnd um aðgerðir í þessa veru og að fjölmiðlanefndin geti beint tilmælum um inngrip til SE.

Áður hafa verið gerðar tilraunir til að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með lögum. Fjölmiðlanefnd skilaði tillögum um slíka takmörkun árið 2005 og frumvarp um hana var lagt fram tvö ár í röð á þingi en náði ekki fram að ganga.

Í því frumvarpi var lengra gengið og beinlínis kveðið á um að einstaklingur eða fyrirtæki eða skyldir aðilar mættu ekki eiga meira en fjórðung í fjölmiðlafyrirtæki ef miðlar fyrirtækisins hefðu yfir þriðjungs hlutdeild í notkun í þrjá mánuði samfleytt.

Nefndin sem nú skilar af sér tillögum segir tvær meginástæður fyrir því að ekki hafi þótt vænlegt að fara þessa leið nú. Annars vegar hafi heilmiklar eignatilfærslur átt sér stað á fjölmiðlamarkaði síðan fjölmiðlanefndin skilaði niðurstöðum þótt samþjöppun á markaðnum sé enn vandamál.

Hins vegar hafi tillögur fjölmiðlanefndarinnar aðeins gert ráð fyrir takmörkunum á eignarhaldi hefðbundinna prentmiðla og ljósvakamiðla og erfitt sé að rökstyðja af hverju hefðbundnir fjölmiðlar ættu einir að sæta takmörkunum af þessum toga. stigur@frettabladid.is

## Segir eignarhald ekki vera lykilatriði



„Mér sýnist við fyrstu sýn að þetta séu í sjálfu sér ekki róttækar tillögur,“ segir **Ari Edwald**, forstjóri 365 sem meðal annars gefur út Fréttablaðið. „Þær vísa fyrst og fremst til þess að þeir sem fara með hlutverk á þessu sviði, Samkeppniseftirlitið og fjölmiðlanefnd, fylgist áfram með þróuninni á markaðnum en hafi ákveðin ný tæki til að grípa inn í á fjölmiðlaréttarlegum forsendum. Það er í sjálfu sér gott og blessað en ég held persónulega að það skipti mestu máli hvernig fjölmiðlar standa sig,“ segir Ari.

„Mér finnst gert of mikið úr mikilvægi eignarhalds, a.m.k. ef menn halda að það sé eitthvað sérstakt á Íslandi miðað við það sem gerist erlendis. Ég hef bent á að þessir nafntoguðustu erlendu fjölmiðlar eru yfirleitt undir stjórn eins manns eða einnar fjölskyldu, þannig að það er kannski ekki lykilatriði,“ bætir hann við.

Óskar Magnússon, forstjóri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, kvaðst ekki hafa kynnt sér tillögurnar nægilega vel til að vilja tjá sig um þær að sinni.




OPIÐ HÚS Í HEILSUBORG

Laugardaginn 8. október. 2011 milli kl. 11.00 og 14.00
Í tilefni tveggja ára afmælis Heilsuborgar

**Afmælistilboð kr. 14.900,-**
**Líkamsrækt til áramóta + Næringarráðgjöf**
(Einn tími með næringarfræðingi)
**Eingöngu í sölu 8. október**

Komdu og kynntu þér starfsemi Heilsuborgar!

- **Frítt í heilsurækt allan daginn**
- **Zumba tími**
  Frír leikfimistími kl. 11.00-12.00.
- **Heilbrigt líf –**
  Opinn fyrirlestur kl. 12.30,
  Erla Gerður Sveinsdóttir læknir
- **Frí ráðgjöf á staðnum**
  frá lækni, sjúkraþjálfara og íþróttafræðingi varðandi hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl
- **Happdrættisvinningar**

*Taktu næsta skref í átt að betri heilsu!!*

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

## FJALLALAMB
½ SKROKKUR FROSINN

**798** kr/kg
Tilboðsverð!

# GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR VETURINNN

**KRYDDAÐ LAMBALÆRI**
25% afsláttur
1.199 kr/kg
áður 1.598 kr/kg
KJÖTSEL

**SIRLOINSNEIÐAR** FERSKAR
LAMBAKJÖT
1.498 kr/kg
Tilboðsverð!

**MÍNÚTUSTEIK** FERSK
GRÍSAKJÖT
1.349 kr/kg
áður 1.798 kr/kg
25% afsláttur

**LAMBAHRYGGVÖÐVI** FERSKUR M/FITU
3.498 kr/kg
Tilboðsverð!

**FYLLTUR LAMBAHRYGGUR** FERSKUR
29% afsláttur
1.998 kr/kg
áður 2.798 kr/kg

**SVÍNAHNAKKASNEIÐAR** FERSKAR
GRÍSAKJÖT
1.199 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
40% afsláttur

**PERUR** FERSKAR
50% afsláttur
99 kr/kg
áður 198 kr/kg

**GLÓALDINSAFI** 1L
GLÓALDIN SAFI
189 kr/stk.
áður 219 kr/stk.

**TOFFYPOPS** TWIN 300 G
30% afsláttur
195 kr/pk.
áður 279 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 6. - 9. október**
eða meðan birgðir endast

Julie Kozak umsjónarmaður samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins




**LEXÍURNAR AUGLJÓSAR** Kozack segir að eftir á að hyggja sé augljóst að íslenska bankakerfið hafi verið allt of stórt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Margt hægt að læ

**Julie Kozack** hafði yfirumsjón með nýlokinni samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* hitti Kozack nýverið í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington og ræddi meðal annars um samstarf Íslands og sjóðsins og hvaða lærdóm megi draga af íslenska bankahruninu.

Þau tímamót urðu í síðasta mánuði að samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var farsællega leidd til lykta, tæpum þremur árum eftir að Ísland falaðist eftir aðstoð sjóðsins.

Af hálfu AGS hefur Julie nokkur Kozack haft yfirumsjón með áætluninni. Kozack er hæglátur hagfræðingur með doktorsgráðu frá Columbia-háskóla í Bandaríkjunum sem hefur starfað hjá AGS frá árinu 1999. Blaðamaður hitti Kozack nýverið í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington og ræddi við hana um þann árangur sem hefur náðst með samstarfsáætluninni og þau verkefni sem eru fram undan.

Íslendingar glíma enn við eftirskjálfta bankahrunsins en flestir eru þó sammála um að nokkur árangur hafi náðst við að koma hér á sjálfbærum efnahagsbata. Blaðamanni lék hins vegar fyrst forvitni á að vita hvað starfsmenn sjóðsins hefðu eiginlega hugsað um Ísland þegar ósköpin gengu hér yfir haustið 2008.

„Flestir virtust sammála um að þarna væri að eiga sér stað gríðarleg fjármálakreppa. Viðhorfið var því að kreppan myndi valda íslenska hagkerfinu miklum hörmungum,“ segir Kozack og heldur áfram: „Ein helsta reynsla mín af fjármálakreppum áður en ég hóf að starfa við íslensku endurreisnaráætlunina var í tengslum við Úrúgvæ, sem varð illa úti árið 2002. Í Úrúgvæ var hins vegar einungis einn mjög stór banki meðal þeirra sem lentu í vandræðum og hann var þó ekki jafn stór og íslensku bankarnir. Þegar ég horfi til baka á þær sársaukafullu aðgerðir sem úrúgvæsk stjórnvöld þurftu að grípa til get ég ekki annað en furðað mig á því að kreppan á Íslandi hafi ekki orðið meiri.“

Kozack er fljót að bæta því við að vitaskuld hafi niðursveiflan á Íslandi verið mjög djúp. „Þetta hefur klárlega verið erfitt tímabil fyrir Íslendinga og margir hafa því miður þjáðst mikið. En frá okkar sjónarhóli í það minnsta hefði þetta getað orðið svo miklu verra ef ekki hefði verið gripið til aðgerða,“ segir Kozack.

**Vinnunni ekki lokið**

Spurð um það hvað starfsfólk AGS hugsi um Ísland núna, þremur árum síðar, svarar Kozack: „Ég hitti gamlan kollega nýlega sem sagði við mig: heyrðu Julie, Íslandi gengur svona líka vel. Og ég held að það lýsi kannski svolítið hugarfari fólks hérna. Auðvitað eru enn mjög erfið verkefni fyrir höndum á Íslandi en ég held að í hlutfalli við stærð og dýpt fjármálakreppunnar og þegar haft er í huga hver staðan er í mörgum öðrum iðnríkjum, þá telji fólk að Íslandi hafi bara gengið nokkuð vel.“

Kozack segir enda margt hafa gengið vel í samstarfsáætluninni. „Sé horft á þau markmið sem lagt var upp með er ljóst að margt hefur áunnist. Markmiðin voru að ná gengisstöðugleika, að koma ríkisfjármálunum á sjálfbæran grunn og endurskipuleggja bankakerfið. Mikill árangur hefur náðst við öll þessi þrjú markmið.“

Kozack segir það að sjálfsögðu ekki þýða að vinnunni sé lokið, fjöldi brýnna og flókinna verkefna bíði. „Hagkerfið er byrjað að vaxa á ný en sá vöxtur er enn viðkvæmur og atvinnuleysi er enn mikið. Það má segja að efnahagsbatinn hafi ekki náð fullri fótfestu. Það myndum við auðvitað vilja sjá gerast til að atvinnuleysi fari að minnka. Auk þess má nefna fjölda annarra verkefna. Það þarf að losa gjaldeyrishöftin, sem er mjög ögrandi viðfangsefni. Það er enn verk fyrir höndum í bankakerfinu, þar sem þarf að klára endurskipu-



# ra af reynslu Íslands

lagningu á skuldum fyrirtækja. Þá þarf að ljúka við ríkisfjármálaverkefnið. Í þessum verkefnum er mikilvægt að halda áfram vinnunni sem staðið hefur yfir, stjórnvöld mega ekki tapa niður ákafanum.“

Kozack bætir því við að hagvöxtur á næstu misserum sé nauðsynlegur til að draga úr atvinnuleysi. Til að ýta undir vöxt þurfi síðan að auka fjárfestingu. „Við lítum á fjárfestingu sem helsta aflvaka hagvaxtar og leggjum því mikla áherslu á að umhverfi fjárfestinga verði bætt og að ráðist verði í fyrirhuguð fjárfestingarverkefni,“ segir Kozack.

Spurð hvað helst beri að varast svarar Kozack: „Verði frekari töf á ráðgerðum fjárfestingarverkefnum er það klárlega áhyggjuefni. Ef endurskipulagning skulda fyrirtækja og heimila gengur verr á næstu misserum en verið hefur hefði það einnig slæm áhrif á efnahagsbatann. Ég held hins vegar að stærsti áhættuþátturinn núna sé titringurinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ef önnur heimsniðursveifla á sér stað verður Ísland ekki ósnortið af henni.“

Spurð hvort samanburður við aðrar samstarfsáætlanir sjóðsins sé Íslandi hagstæður segist Kozack vart treysta sér til þess að svara því. Hún segir þó að í þessu tilfelli hafi meginmarkmiðin náðst, sem hafi því miður ekki alltaf tekist.

**Rétt ákvörðun að láta bankana falla**

Mikið hefur verið rætt um þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að leyfa bönkunum að falla í stað þess að ábyrgjast allar skuldir þeirra í kjölfar bankahrunsins. Hefur því verið haldið fram að AGS hafi eindregið ráðlagt þáverandi stjórnvöldum frá þessum ráðahag. Lýsti Jón Steinsson hagfræðingur því til að mynda nýverið í grein í Fréttablaðinu hvernig yfirmenn sendinefndar AGS á Íslandi „misstu andlitið“ og „supu hveljur“ þegar þeim var tilkynnt um þessa ákvörðun. Kozack segir reynsluna hafa leitt í ljós að ákvörðun stjórnvalda á þeim tíma hafi verið rétt.



**JULIE KOZACK OG FRANEK ROZWADOWSKI** Kozack og Rozwadowski voru helstu tengiliðir AGS við íslensk stjórnvöld. Bæði segjast hafa notið þess að kynnast landi og þjóð meðan á samstarfsáætluninni stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## AGS heldur ráðstefnu á Íslandi

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og íslensk stjórnvöld munu hinn 27. október næstkomandi halda ráðstefnu hér á landi þar sem rætt verður um þann lærdóm sem draga má af reynslu Íslands og verkefnin fram undan. Um ráðstefnuna segir Kozack: „Við erum himinlifandi með það að taka þátt í þessari glæsilegu ráðstefnu í Reykjavík. Íslenska þjóðin hefur sýnt mikla þrautseigju í erfiðleikum síðustu ára og hagfræðingar, stjórnmálamenn og AGS hafa öll eitthvað að læra af þessari reynslu. Við teljum að þessi ráðstefna sé góður vettvangur til að fara yfir þann lærdóm.“

„Það er alveg ljóst að þáverandi ríkisstjórn tók rétta ákvörðun. Ábyrgðir bankanna voru einfaldlega of miklar til að ríkið gæti fært þær yfir á eigin efnahagsreikning,“ segir Kozack, sem tekur þó ekki undir lýsingar Jóns og segist telja að starfsfólk sjóðsins hafi áttað sig á því að þetta væri skynsamlegasti kosturinn fyrir Ísland á þessum tíma.

Kozack segir að margt sé hægt að læra af reynslu Íslands, bæði fyrir og eftir hrun. „Lexíurnar frá því fyrir hrun eru auðvitað eftir á að hyggja nokkuð augljósar. Bankakerfið var auðvitað allt of stórt. Lánsfé í boði jókst á ótrúlegum hraða, mikið var tekið að láni í erlendum gjaldmiðlum og svo framvegis. Þetta eru allt þekkt merki um að bóla sé að blása út. Málið er bara að fólk sannfærir sjálft sig alltaf um að hlutirnir séu öðruvísi í þetta skiptið, hinar vanalegu reglur eigi ekki við,“ segir Kozack og heldur áfram: „Sé horft á tímabilið frá hruni liggur kannski beinast við að horfa á samstarfsáætlunina við sjóðinn. Það eru held ég nokkrir þættir sem hafa gert það að verkum að áætlunin gekk vel. Fyrir það fyrsta var hún óvenjuleg að ákveðnu leyti. Til að mynda var gert ráð fyrir gjaldeyrishöftum í tilfelli Íslands, sem AGS hefur sjaldnast notast við. Þá fékk Ísland meira svigrúm en flest önnur lönd þegar kemur að ríkisfjármálum. Þessi atriði og fleiri höfðu mikið að segja.“

Þá segir Kozack það hafa skipt miklu máli að ríkisstjórnin hafi gert áætlunina að sinni á mjög afgerandi hátt. Hún segir AGS ekki geta neytt lönd til að gera eitt eða neitt sem þau vilji ekki sjálf gera, ólíkt því sem margir mögulega haldi. „Þegar allt kemur til alls er það undir ríkisstjórninni komið að framfylgja þeirri stefnu sem mótuð er í samstarfi við AGS. Þessi ríkisstjórn gerði það af miklum dug,“ segir Kozack.

**Vegferðin langt komin**

Sitjandi ríkisstjórn hefur verið gagnrýnd á þeim forsendum að hún hafi staðið í vegi fyrir fjárfestingu og glutrað niður tækifærum til að treysta efnahagsbatann enn frekar í sessi. Kozack segist ekki geta tjáð sig um þessa gagnrýni en segir þó afstöðu sjóðsins til fjárfestingarumhverfis skýra.

„Fjárfestar þurfa skýrt umhverfi. Það skiptir ekki öllu máli hverjar reglurnar eru en þær þurfa að vera skýrar og fyrirsjáanlegar. Og það er það sem við köllum eftir; skýru fjárfestingarumhverfi þar sem fjárfestar vita að hverju þeir ganga,“ segir Kozack.

Að lokum segir Kozack að hún hafi notið þess að kynnast landinu og íslenskri þjóð. Þá segist hún gera sér grein fyrir því að síðustu ár hafi verið þjóðinni erfið en bætir því við að þjóðin hafi virkilega sýnt hvað í henni býr á þessu tímabili og eigi mikið hrós skilið. „Ég trúi því eindregið að það sé ljós í enda ganganna. Þið eruð langt komin og þið munuð klára þessa vegferð,“ segir Kozack.



# Viðskiptavinir eiga að hafa val og kostirnir þurfa að vera góðir

**Í dag kynnum við nýjar leiðir og bætt kjör** fyrir viðskiptavini. Verkefni Landsbankans er að uppfylla fjölbreyttar þarfir fólksins í landinu og bjóða lausnir sem taka mið af aðstæðum þess. Við viljum að viðskiptavinir hafi alltaf raunhæft val í mikilvægum ákvörðunum sem snerta fjármál heimilisins.



## 1 Þú velur það íbúðalán sem hentar

### Óverðtryggt, fastir vextir

**Fastir 6,40% vextir** til 36 mánaða eða til 60 mánaða á 6,60% vöxtum.*

**Lánstími er allt að 40 ár** og lánað er fyrir allt að **70% af markaðsvirði eða verðmati eignar.**

**Viðbótarlán á hærri vöxtum** er í boði fyrir allt að **85% af markaðsvirði eða verðmati eignar.**




Vextir á óverðtryggðum íbúðalánum með föstum vöxtum í 36 mánuði.

### Verðtryggt, breytilegir vextir

**Breytilegir vextir, 3,90%.**

**Lánstími er allt að 40 ár** og lánað er fyrir allt að **70% af markaðsvirði eða verðmati eignar.**

**Viðbótarlán á hærri vöxtum** er í boði fyrir allt að **85% af markaðsvirði eða verðmati eignar.**




Vextir hafa verið lækkaðir á breytilegum verðtryggðum íbúðalánum.

## 2 Þú velur þann bílasamning sem hentar

### Óverðtryggður, fastir vextir

**Fastir 8,95% vextir** til 36 mánaða.*

**Hámarkslánstími er 7 ár,** að frádregnum aldri ökutækis.

**Lánshlutfall er allt að 70%.**

Í boði er einnig óverðtryggður bílasamningur með **breytilegum vöxtum, á vildarkjörum nú 8,55%.****



Eignamyndun er hraðari á óverðtryggðum lánum en verðtryggðum.

### Verðtryggður, breytilegir vextir

**Breytilegir vextir á vildarkjörum nú 7,80%.****

**Hámarkslánstími er 7 ár,** að frádregnum aldri ökutækis.

**Lánshlutfall er allt að 70%.**



Greiðslubyrði af verðtryggðum lánum er yfirleitt lægri.

## 3 Þú velur þann innlánsreikning sem hentar

### Óverðtryggður, fastir vextir

**Fastir vextir og val um binditíma** í 3, 6, 12, 24, 36 eða 60 mánuði.

**Vextir fara stighækkandi** með lengri binditíma.

**Lágmarksfjárhæð** er 500.000 kr.

5,20%

Vextir á reikningnum eru allt að 5,20%.

### Óverðtryggður, breytilegir vextir

**Vaxtareikningur er óverðtryggður** innlánsreikningur með stighækkandi vöxtum.

**Hver innborgun er bundin í 7 daga,** en er eftir það ávallt laus til útborgunar.

**Engin lágmarksinnstæða.**

3,25%

Vextir á reikningnum eru allt að 3,25%.

**Kynntu þér nánari upplýsingar** og skilmála um þessar vörur á landsbankinn.is eða í næsta útibúi Landsbankans.

* Mánuði áður en bindingu lýkur velur lántaki hvort festa eigi vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða endurfjármagna lánið hjá Landsbankanum án lántökukostnaðar.
** Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kjörinn tími til að rannsaka Guðmundar- og Geirfinnsmálið.

# Málið sem mun ekki gleymast

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hyggst í dag tilkynna formlega um stofnun starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Andlát sakborninga og ný gögn í málinu hafa enn einu sinni dregið þetta vafasama mál fram í dagsljósið. Innanríkisráðherrann hefur þegar sagt að málið verði ekki látið kyrrt liggja þó að ekki hafi verið ljóst til hvaða aðgerða hægt er að grípa.

SKOÐUN

Þórunn Elísabet Bogadóttir

thorunn@frettabladid.is



Meðal þeirra sem hafa gert alvarlegar athugasemdir eru ekki bara sakborningar, aðstandendur og verjendur þeirra, heldur einnig aðrir lögfræðingar auk rannsóknarlögreglumanna og fangavarða sem að málinu komu á sínum tíma. Nú síðast, í kjölfar góðrar umfjöllunar Stöðvar 2, hefur komið fram einhver færasti réttarsálfræðingur heimsins, Gísli Guðjónsson, sem telur að nauðsynlegt sé að rannsaka málið á ný. Gísli hefur meðal fjölda annarra mála komið að máli Guildford-fjórmenninganna, fjögurra ungmenna í Bretlandi sem voru ranglega dæmd fyrir sprengjuárás á svipuðum tíma og ungmennin hér á landi voru dæmd. Sakborningarnir í því máli fengu fyrir nokkrum árum afsökunarbeiðni frá forsætisráðherra Bretlands.

Fyrir þeim sem ekki voru fæddir þegar allt þetta átti sér stað hefur málið virkað reyfarakennt og skáldskap líkast á köflum. Nánast ómögulegt er að setja sig inn í það ástand og þá múgæsingu sem ríkti í þjóðfélaginu þá. Allt bendir þó til þess að þarna hafi ekki verið rétt staðið að málum, sakborningar hafi ekki notið sannmælis.

Ólíklegt er að nokkurn tímann skýrist að fullu hvað kom fyrir tvímenningana sem báðir hurfu sporlaust fyrir nokkrum áratugum. Jafnvel þó að ekki verði hægt að taka málið upp að nýju fyrir dómstólum hlýtur að vera hægt að komast til botns í því hvers konar meðferð sakborningarnir hlutu og hvar var brotið á þeim. Ný lög um rannsóknarnefndir virðast nánast sniðin að máli sem þessu, en í greinargerð með þeim segir að þegar mál hafi tiltekna þyngd, sem kunni að birtast í því að það hafi lengi verið í opinberri umræðu án þess að öldur hafi lægt, sé réttlætanlegt að skipa rannsóknarnefnd. Að öðrum kosti má skipa sérstaka sannleiksnefnd, eins og lagt hefur verið til á Alþingi. Rétt er hjá Björgvini G. Sigurðssyni, flutningsmanni tillögunnar, að mikilvægt er fyrir samfélagið að þessi mál verði loksins gerð upp. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvers eðlis starfshópur innanríkisráðuneytisins verður.

Undanfarin ár hefur verið flett ofan af mörgum málum hér á landi þar sem brotið hefur verið á einstaklingum með einum eða öðrum hætti. Ágætlega hefur verið unnið að því að skipa rannsóknarnefndir og taka á málum sem áður fyrr voru þögguð niður. Þetta er því kjörinn tími til að bæta Guðmundar- og Geirfinnsmálinu á þann lista.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tunguþanþol

Vigdís Hauksdóttir gefur lítið fyrir aðfinnslur á orðanotkun hennar. Með því að segja ríkisstjórnina kasta steinum úr grjóthúsi hafi hún verið að láta reyna á þanþol tungumálsins. Þinghúsið sé gamalt grjóthús og með þessu hafi Vigdís útvíkkað hið gamla orðtak að kasta steinum úr glerhúsi. Gott og vel, íslenskan á að vera lifandi tungumál og í stöðugri þróun. Varasamt þykir að kasta steinum úr glerhúsi, þar sem kjósi einhver að svara kastinu fari illa fyrir upphafskastaranum. Málflutningurinn sé á veikum grunni byggður.



### Vigdís styður ríkisstjórn

Í ljósi þeirrar merkingar verður hið nýja orðtak mun skýrara. Vigdís telur með öðrum orðum að ríkisstjórnin hafi vel efni á að hefja grjótkast, myndlíkingarlega séð, þar sem hún dvelur í steinhúsi og þarf ekki að óttast að aðrir svari í sömu mynt. Málflutningur stjórnarinnar hvíli, með öðrum orðum, á traustum grunni. Svona getur íslenskan tjáð jafnvel flóknustu hugsanir.

### Vímubrigslin

Árni Johnsen hefur skoðanir á fangelsum og talar af meiri reynslu en margur um þau. Hann átaldi, í umræðum í gær, Ögmund Jónasson innanríkisráðherra fyrir að vilja reisa nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Færði Árni rök fyrir máli sínu, meðal annars þau að Hólmsheiði væri skelfilegur staður og ómanneskjulegur. Ráðherra gæti ekki hafa komið þangað. „Hæstvirtur innanríkisráðherra mundi ekki tala svona ef hann hefði komið á Hólmsheiðina, ja þá hefur hann verið í einhverri vímu þar," sagði Árni. Svona færir maður rök fyrir máli sínu á Alþingi.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Geggjað stuð í partýinu – myndir!

Samfélagsmál

Edda Kristjánsdóttir

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Samfélagsmiðlar eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir og góðir til afþreyingar, en í hófi þó. Ef við tökum Facebook sem dæmi, þá hefur sú síða sennilega minnkað persónuleg samskipti fólks, þá sérstaklega ungmenna. Samskipti ungmenna á samfélagsmiðlum hafa þó einnig góðar hliðar. Það getur t.a.m. verið mun auðveldara að tala þar saman og þægilegt að hafa samband við vini og vandamenn sem búa erlendis eða á öðru landshorni.

En á Facebook getur auðvitað eitthvað farið úr böndunum, eins og alls staðar. Ungt fólk setur t.d. oft myndir inn á Facebook eða á aðra samfélagsvefi. Það gera raunar margir, en þó eru myndaalbúmin algengust hjá unga fólkinu. Oft er eins og ungt fólk geri sér ekki grein fyrir því hvaða efni er verið að setja þar inn og að með því að setja það inn á vefinn, er viðbúið að efnið rati víðar en til nánustu vina. Það gleymist því miður að velta því fyrir sér hvort efnið sé við hæfi eða ekki, hvort það geti verið meiðandi eða jafnvel brot á friðhelgi einkalífs. T.d. var á dögunum einhvers konar leikur í gangi þar sem ipad var í boði. Þá deildu mörg börn og ungt fólk símanúmerum sínum á Facebook, án þess að velta því fyrir sér að þarna væri þau að deila viðkvæmum persónulegum upplýsingum.

Það er mjög erfitt að afturkalla eða taka út efni sem einu sinni hefur verið sett á vefinn. Ég hvet alla, unga sem aldna, að hugsa aðeins út í það hvaða upplýsingum er verið að dreifa á vefnum því ómögulegt er segja til um hvert það fer, hver sér það og hvernig það er notað.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar, líka á Facebook.

Það er mjög erfitt að afturkalla eða taka út efni sem einu sinni hefur verið sett á vefinn. Ég hvet alla, unga sem aldna, að hugsa aðeins…

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Óbyggðastefna

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Það er ekki langt til Patreksfjarðar, ekki ef farið er frá Patreksfirði. Jörðin er kúla. Allir staðir á yfirborðinu eru stutt frá sjálfum sér en mislangt frá öðrum. En þegar ein mikilvægasta tala sem notuð er til að lýsa bæjum er fjarlægð þeirra frá einhverjum öðrum bæ segir það sína sögu.

Það er stundum eftirsjá eftir þeim peningum sem fara í vegaframkvæmdir úti á landi. Ekki vegna þess að þeirra sé aldrei þörf eða að krafan um að komast í næsta bæ á malbikuðu undirlagi, og án þess að fara yfir heiði, sé fáránleg. Eftirsjáin stafar síðan alls ekki af því að fénu væri betur varið í að stytta fjarlægðir milli hverfa Reykjavíkur. Nei, eftirsjáin stafar af því að landsbyggðin gæti nýtt peningana betur með öðrum hætti. Sú mikla áhersla sem lögð er á samgöngumál í íslenskri pólitík er hinum dreifðu byggðum skaðleg. Væri ég íbúi á landsbyggðinni hefði ég margfalt meiri áhyggjur af meðaltölum samræmdra prófa en fjarlægðum og færð.

### Önnur deild

Nemendur utan höfuðborgarsvæðisins koma ítrekað verr út úr PISA-könnunum og samræmdum könnunarprófum. Í samræmdu prófununum í ensku í fyrra voru nemendur af suðvesturhorninu með meðaleinkunn nálægt 7,3 en hinir með í kringum 6,7. Munurinn var svipaður í stærðfræði en minna munaði í íslensku. Þetta er áhyggjuefni. Menntun hefur áhrif á afar marga þætti í lífi fólks. Þessar niðurstöður þýða sem sagt meðal annars að börn sem fæðast á landsbyggðinni geta átt von á því að fá verri vinnu, lægri laun og jafnvel að lifa skemur en börn af höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki gott.

Bara eitt dæmi um hverjar áherslur í pólitíkinni eru: Vestmannaeyjar hafa á undanförnum árum skorað lágt þegar kemur að árangri barna í samræmdum könnunum. Hvað höfum við samt heyrt mikið af því samanborið við þá gnótt frétta af því hvert Herjólfur sé að fara að sigla næstu daga? Væri ég Eyjamaður teldi ég margfalt brýnna að ræða við menntamálaráðherra um aukin framlög til grunnskóla í Eyjum heldur en ráðherra samgöngumála um höfn eða göng sem koma aldrei.

### Stutt frá einhverju betra?

Auðvitað skipta góðar samgöngur máli. En þegar góðar samgöngur eru orðnar sterkasti kostur staðar er í raun verið að segja: „Staðurinn sjálfur er ekkert spes en það má auðveldlega komast frá honum í annan stað sem er skárri.“ Og þá fara menn að spyrja sig: „Væri þá ekki einfaldara að flytja bara á þann stað?“

Þeirri spurningu hafa tugþúsundir Íslendinga þegar svarað. Hefði byggðamynstrið haldist óbreytt frá 1911 til 2011 og fólki fjölgað jafnt og þétt alls staðar á landinu, byggju í dag um 60 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum byggju 50 þúsund íbúar. Raunveruleikann þekkja allir. Hafi verið rekin einhver byggðastefna hér á landi er þetta sá ávöxtur sem hún hefur borið.

### Keppt um hvað?

Þetta er auðvitað spurning um hverju menn eiga að keppa í. Augljóslega getur enginn ógnað Reykjavík í keppninni „nálægð við Reykjavík“. En menn eiga að geta keppt í gæðum menntunar og þurfa auðvitað að gera það ef einhver von á að vera til að fólk flytjist í einhverjum mæli aftur út á land. Flestir foreldrar geta svarað því hvort þeir væru líklegir til að flytja búferlum ef þau vissu að grunnskólinn á nýja staðnum væri „frekar slappur“.

Lausnirnar við vanda skólakerfisins á landsbyggðinni eru auðvitað ekkert flóknar. Það er erfiðara fyrir þá skóla að manna stöður sínar. Fyrst það er erfiðara að manna skóla á sumum stöðum ætti að borga fólki meira fyrir að kenna á þeim stöðum. Heimild fyrir slíkri sérlausn og fjármögnun hennar ætti að vera baráttumál allra þeirra stjórnmálamanna sem sannarlega láta sig hag landsbyggðarinnar varða.

Skólakerfið á nefnilega að tryggja jafnan rétt nemenda til jafngóðs náms, en ekki jafnan rétt kennara til jafnhárra launa eins og sumir virðast halda. Það er svo önnur spurning hvort einhver er líklegur til að þora í þann slag. En slagurinn er nauðsynlegur. Án góðra grunnskóla mun landsbyggðinni halda áfram að blæða út.

# Grá skýrsla um tannheilsu Íslendinga

Heilbrigðismál

Magnús R. Gíslason
fyrrverandi yfirtannlæknir



Hérlendis skemmast tvisvar sinnum fleiri tennur í 12 ára börnum en hjá jafnöldrum þeirra á hinum Norðurlöndunum og skemmdirnar verða stærri hérlendis því að ekkert skipulagt eftirlit er með tönnum barna og unglinga gagnstætt því sem er hjá nágrönnum okkar.

Á öllum Norðurlöndum nema hérlendis sér hið opinbera um eftirlit og viðgerðir á sjúkdómum í munni barna og unglinga fram undir 20 ára aldur og greiðir kostnaðinn að fullu. Hérlendis er aftur á móti ekkert innköllunarkerfi á vegum hins opinbera og hið opinbera greiðir aðeins lítinn hluta kostnaðarins. Afleiðingin er sú að um 40% barna fóru ekki í reglulegt eftirlit með tönnum sínum hérlendis árið 2010 og skemmdirnar urðu því fleiri og stærri. Vitað er um flest þeirra atriða sem geta skemmt tennur og hægt er að fyrirbyggja þau. Því er mikilvægt, ekki síst fyrir foreldra, að vanda fæðuval, matarvenjur og tannhreinsun. Einnig verða tannlæknar og aðstoðarfólk þeirra að vera dugleg að benda á hætturnar. Flestir vita að sykur, sælgæti og gosdrykkir geta aukið á hættuna á lélegu ástandi tanna og slímhúðar í munni, sérstaklega sé þess neytt oft og í miklum mæli.

Hver Íslendingur neytir meir en 50 kg af sykri á ári og drekkur meira en eina gosflösku af gosdrykkjum á hverjum degi sem hver og ein inniheldur 20 sykurmola.

Þegar sykurinn leysist upp í munninum breytist hann í sýru sem leysir upp yfirborð tannanna og skaðar slímhúðina. Sé stöðugt verið að narta í sætindi liggja tennurnar og umhverfi þeirra stöðugt í sýrubaði og leysast hreinlega upp.

Hættulegast er að byrja daginn með sætindum því að þá eru tennurnar tiltölulega hreinar og óvarðar. Er því óskiljanlegt að félagasamtök skuli árlega afla fjár til góðgerðastarfsemi með því að selja sælgæti og ætla það til neyslu fyrir börn og unglinga fyrst á morgnana. Einnig verður að teljast óæskilegt að staðsetja sælgæti hjá greiðslukössum í matvörubúðum, sem endar oftast með að foreldrar kaupa sér frið með sælgæti á meðan þeim veitir ekki af fullri athygli vegna innkaupanna.

Okkur tókst fyrir nokkrum árum að fækka tannskemmdum um 75% á 15 ára tímabili, svo að við getum ráðið við núverandi lélegt ástand með sameiginlegu átaki og séð jafnframt um að tennur barna og unglinga okkar fái nauðsynlegt eftirlit og meðhöndlun, það er góð fjárfesting.








# Matvælaöryggi fórnað fyrir pólitík

Erfðabreytt matvæli

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi



Nú eru hartnær átta ár síðan ríki Evrópusambandsins settu nýja löggjöf um merkingar erfðabreyttra matvæla (reglugerð 1830). Sú löggjöf hefur enn ekki verið tekin upp af EES, m.a. vegna neikvæðrar afstöðu íslenskra stjórnvalda, sem með því hafa misboðið rétti íslenskra neytenda til að velja og skilið heila kynslóð íslenskra barna eftir varnarlausa gagnvart órannsökuðum hættum erfðabreyttra matvæla. Eftir margra ára baráttu samtaka neytenda hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið nú viðurkennt pólitíska nauðsyn þess að setja reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla. Í hafti pólitískrar hugmyndafræði, sem lítur á upptöku alls sem evrópskt er sem nánast þjóðarskömm, ákvað ráðuneytið að taka ekki upp reglugerð ESB, en búa þess í stað til sér-íslenska gerð. Sú ákvörðun hlaut að verða vandkvæðum bundin því viðskipti við Evrópu gætu orðið ómöguleg nema íslenska reglugerðin yrði samhljóða hinni evrópsku. Nýja íslenska reglugerðin átti að taka gildi hinn 1. september sl. en örfáum dögum áður frestaði ráðherra gildistöku matvælaþáttar hennar fram í janúar 2012. Hafi frestun stafað af ósamræmi milli reglugerðar ESB og hinnar íslensku gerðar er vanhæfni um að kenna. Annaðhvort mistókst ráðuneytinu að móta reglugerðina með faglegum hætti eða að óframkvæmanleg gerð var vísvitandi samin til þess að fresta mætti gildistöku.

Svo fullrar sanngirni sé gætt gagnvart ráðuneytinu hefur það einungis frestað matvælaþætti reglugerðarinnar. Gildistöku ákvæða sem krefjast merkinga á erfðabreyttum matvælum er frestað um fjóra mánuði – en ákvæði sem krefjast merkinga á erfðabreyttu fóðri hafa nú tekið gildi. Ísland er þekkt fyrir ofnæmi gagnvart reglum og lögum, en að opinbert stjórnvald skuli setja rétt búfjár ofar rétti neytenda er skrefi nær spillingu. En eins og máltækið segir: margt er skrýtið í kýrhausnum.

Útilokað er að töf þessi stafi af áværingi um að Bandaríkin hafi hótað Íslendingum málsókn fyrir Alþjóða viðskiptastofnuninni (WTO) ef þeir innleiddu merkingar á erfðabreyttum matvælum. Alkunna er að Bandaríkin hafa notað sendiráð sín um allan heim til slíkra hótana, en jafnþekkt er að WTO hefur aldrei orðið ágengt í kærum gegn Evrópuríkjum vegna merkinga á erfðabreyttum matvælum. Íslensk stjórnvöld vita líka að sú ógn er ekki lengur fyrir hendi. Fyrr á þessu ári lét sendinefnd Bandaríkjanna hjá Codex (staðlaráði WHO og FAO) af andstöðu sinni við útgáfu leiðbeininga um merkingar erfðabreyttra matvæla. Hið nýja samkomulag innan Codex felur í sér að ríki sem vilja koma á merkingum erfðabreyttra matvæla þurfa ekki lengur að óttast málsókn gegn sér á vettvangi WTO.

Því síður getur ráðuneytið hafa vanmetið heilsufarsáhrif þess að fresta gildistöku reglugerðarinnar. Fyrir fjórum mánuðum var ráðuneytinu upplýst um ritrýndar niðurstöður nýrrar tímamóta heilsufarsrannsóknar við Sherbrooke-háskólasjúkrahúsið í Quebec í Kanada sem birtist í Journal of Reproductive Toxicology. Í rannsókninni fannst Bt-eitur sem splæst er í erfðabreyttar plöntur (gegn skordýrum) í blóði þungaðra kvenna og fóstra sem þær gengu með. Niðurstaða hennar var að eitur þetta kæmi úr erfðabreyttum matvælum vegna þess að mæðurnar neyttu venjulegs kanadísks fæðis, en drjúgur hluti þess inniheldur ómerkt erfðabreytt matvæli. Erfitt er að ímynda sér sterkari vísbendingar um það heilsutjón sem erfðabreytt matvæli geta valdið neytendum – eða sterkari rök fyrir merkingum erfðabreyttra matvæla.

Árum saman hafa innflytjendur kvartað yfir því að merkingar erfðabreyttra matvæla hér á landi geri verslun við Bandaríkin erfiðari vegna þess að þar er slíkra merkinga ekki krafist. Frestaði ráðuneytið reglugerðarákvæðum um merkingu erfðabreyttra matvæla til að þóknast örfáum innflytjendum? Ráðuneytið mætti gjarnan minna þá verslunarmenn á að blóð kvenna sem tóku þátt í kanadísku heilsurannsókninni mengaðist af neyslu erfðabreyttra matvæla, að öllum líkindum Bt-maíss sem notaður er í framleiðslu á fjölda bandarískra neysluvara sem finna má í íslenskum stórmörkuðum – m.a. í morgunkorni, kökum og kexi, tómatsósu og grillsósum. Innflytjendur vita að ekki er nauðsynlegt að flytja bandarískar vörur inn frá Bandaríkjunum. Hægt er að fá margar þeirra frá Evrópulöndum þar sem þær eru framleiddar samkvæmt einkaleyfum og innihalda ekki erfðabreytt hráefni, en ef svo væri þá væri þess getið á umbúðum.

> Ráðherra hefur enga gilda afsökun fyrir frestun ákvæða um merkingar erfðabreyttra matvæla. Annaðhvort lúffar ráðherra fyrir marklausum hótunum innflytjenda eða þá að hann ber ábyrgð á óhæfri smíð reglugerðar sem er óframkvæmanleg.

Ráðherra hefur enga gilda afsökun fyrir frestun ákvæða um merkingar erfðabreyttra matvæla. Annaðhvort lúffar ráðherra fyrir marklausum hótunum innflytjenda eða þá að hann ber ábyrgð á óhæfri smíð reglugerðar sem er óframkvæmanleg. Stjórnvöld bera ábyrgð á því að öryggi almennings sé sett ofar pólitík. Umrædd frestun er alvarleg fórn þeirrar ábyrgðar.

# Samfélag án aðgreiningar, virðum mannréttindi

Réttindi fatlaðra

Grétar Pétur Geirsson
formaður Sjálfsbjargar – Landssambands fatlaðra



Þó að standi í Stjórnarskránni það allir skulu vera jafnir fyrir lögum þá er það ekki þannig í raun. Menn hafa þurft að berjast fyrir sínum réttindum í gegnum tíðina og þurfa enn. Mannréttindi eru brotin á hverjum degi.

Við þekkjum öll þessa sögu, blökkumenn börðust fyrir jafnrétti, nú konur hafa þurft að berjast fyrir sínum réttindum, samkynhneigðir og nú stendur barátta fatlaðra fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Næst á dagskrá hjá Alþingi er að festa í lög Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þar með tryggja mannréttindi fatlaðra að lögum.

Í fyrstu grein Samnings SÞ segir: Markmiðið með þessum samningi er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. En hvað þýðir þetta allt, frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, bann við mismunun, jöfn tækifæri, aðgengi, jafnrétti kynjanna o.fl. Njóta ekki allir þessara réttinda, er þetta ekki ljóst í Stjórnarskrá landsins. Jú, þetta stendur þarna en þar sem mannréttindi fólks með fötlun eru ekki virt hvorki hér né í öðrum löndum, hefur verið farið í að túlka merkingu þess orðs að allir séu jafnir fyrir lögum. Ísland er búið að skrifa undir samninginn en ekki lögfesta. Meðan svo háttar til hefur hann sáralítið gildi. Það er á annað hundrað lönd sem hafa staðfest samninginn.

Það er brýnt að samningurinn sé lögfestur. Við sem erum að vinna í þessari fötlunarpólitík skiljum ekki þennan seinagang stjórnvalda. Eru sjálfsögð mannréttindi eitthvað sem þarf að hræðast?

> Einnig er mikilvægt að upplýsa hvaða rétt foreldrar eiga sem snýr að ríki og sveitarfélögum.

Hvað gerir hinn hreyfihamlaða fatlaðan?

Já, þetta er skrýtin spurning en svarið er einfalt. Skerðingin þarf ekki að vera stærsta hindrunin. Stærsta hindrun hreyfihamlaðra er samfélagið sjálft og það endurspeglast í því að aðgengi í sem víðastri merkingu er ekki fyrir hendi. Við höfum því ekki jöfn tækifæri. Fatlað fólk á sama tilkall til allra mannréttinda sem öðrum hafa verið tryggð.

### Réttur til lífs

Aðildarríki Samnings SÞ árétta að sérhver mannvera eigi meðfæddan rétt til lífs og skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið þess á virkan hátt til jafns við aðra segir í 10. grein samningsins.

En hvernig er þessum málum háttað þegar kemur að ófæddum börnum sem hafa verið greind með frávik? Staðreyndin er sú að 80% fóstra með frávik fá ekki að fæðast í þennan heim. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er fyrst og fremst ákvörðun foreldra og verður ekki sett í samning sem þennan, en það verður að tryggja að foreldrar sem standa frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun sem það nú er að fara í fóstureyðingu að þeir taki upplýsta ákvörðun. Slík ákvörðun er að mínu mati að foreldrar sem eiga von á barni með frávik fái allar þær upplýsingar sem hugsanlega liggja fyrir, ekki bara að það sé svo erfitt að vera með fatlað barn heldur að foreldrar fái að hitta foreldra sem eiga barn með frávik og fullorðinn fatlaðan einstakling.

Einnig er mikilvægt að upplýsa hvaða rétt foreldrar eiga sem snýr að ríki og sveitarfélögum. Virðum margbreytileika lífsins og tökum upplýsta ákvörðun.

Að eignast fatlað barn er enginn endir.


Við verðum í Höllinni 3. desember...
jolagestir.is · facebook.com/jolagestir
Skráning í söngkeppnina Jólastjarna Stöðvar 2 og N1 er hafin á Visir.is
N1
Miðasala hefst 20. október á Miði.is. **N1 forsala fer fram daginn áður á N1.is**
sena

HVITA HÚSIÐ / SÍA 10-1087

# Nú getur þú fjármagnað bíl með reynslu

Nú getur þú fjármagnað allt að 10 ára gamla bíla hjá Ergo. Við köllum þá **Bíla með reynslu**.

- › Fjármögnun á **allt að 10 ára** gömlum bílum.
- › Lengd samningstíma fer eftir aldri bifreiðar.
- › **Allt að 60%** fjármögnun með bílasamningi.
- › Hámarksfjármögnun er 2,5 milljónir króna.
- › Lágmarksverðmæti bifreiðar er 800 þúsund krónur.
- › Nánari upplýsingar um fjármögnun á Bílum með reynslu á **www.ergo.is** eða hjá ráðgjöfum í síma 440-4400.

**Reiknaðu með okkur**




ergo

Ergo › Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400 › www.ergo.is › ergo@ergo.is


# Fullkomið stefnuleysi í bankamálum

**Fjármál**




**Bjarni Kristinn Torfason**
doktorsnemi í fjármálum og hagfræði


Núverandi ríkisstjórn tók vægast sagt við erfiðu búi vorið 2009 og verkefnin hafa verið ærin síðan. Sú afsökun endist samt ekki endalaust og nú þegar styttist í að bankarnir fari aftur í einkaeigu er ótrúlegt að svo til engin stefna sé til staðar, hvorki varðandi þá hluti sem kröfuhafar munu senn fá stjórn yfir né þeim sem ríkið á í gegnum Bankasýslu sína. Ég finn mig knúinn til að grípa til klisjukennds frasa: Höfum við ekkert lært af síðustu 10 árum?

## Eignarhald

Það er mikil umbreyting á eignarhaldi bankanna fram undan. Á komandi ári stefna skilanefndir að því að leggja niður störf og færa eignir sínar, þar á meðal ráðandi hluti í Arion banka og Íslandsbanka, í hendur félaga í eigu kröfuhafa gömlu bankanna. Í kjölfarið er alls ekki ólíklegt að kröfuhafarnir hugi að sölu bankanna eða mögulega að eignarhlutum í bönkunum verði úthlutað til einstakra kröfuhafa. Í öllu falli mun eignarhaldið breytast. Jafnframt er ljóst að Bankasýsla ríkisins á bæði ráðandi hlut í Landsbankanum auk þess að eiga hluti í mörgum öðrum bönkum og sparisjóðum. Miðað við það sem lög um Bankasýsluna kveða á um er það meðal annars hlutverk hennar að „undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Það er sem sagt einkavæðing banka fram undan og fráfarandi forstjóri Bankasýslunnar taldi einmitt að það verkefni væri stærsta verkefni stofnunarinnar á komandi misserum. Hvaða stefnu verður fylgt í öllum þessum breytingum? Mikil umræða var um hvort dreift eignarhald væri æskilegt eða hvort betra væri að kjölfestufjárfestir væri í bönkum í kringum fyrri einkavæðingu. Hvar er sú umræða nú? Eitt af stóru vandamálunum varðandi eignarhaldið sem fjallað var um í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var það að stór hluti hlutafjár bankanna var fjármagnaður af þeim sjálfum eða af öðrum íslenskum bönkum. Á það að fara fram jafnóáreitt og áður? Annað mál tengist lánveitingum banka til eigenda og/eða stjórnenda sinna. Munu stærstu eigendur banka áfram geta verið langstærstu lántakendur banka sinna? Hvar er umræðan og hvar er stefnan?

## Ótækar ráðningar í lykilstörf

Það er eftirsjá að Elínu Jónsdóttur úr forstjórastóli Bankasýslunnar. Hún virtist hæf og tilbúin til þess að vinna gott starf. Í kjölfarið hefur verið ráðinn nýr forstjóri sem virðist ekki jafnhæfur. Í sjöttu grein laga um Bankasýslu ríkisins segir: „Stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa haldgóða menntun auk sérþekkingar á banka- og fjármálum.“ Nýráðinn forstjóri Bankasýslu ríkisins hefur enga sjáanlega þekkingu á banka- og fjármálum. Hvorki hefur hann neina menntun á sviðinu né starfsreynslu. Þetta minnir þó nokkuð á ráðningu fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, Jónasar Fr. Jónssonar, sem minnst er á í siðfræðikafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í sjöttu grein laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir: „Forstjóri [Fjármálaeftirlitsins] skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.“ Þegar Jónas var ráðinn hafði hann verið framkvæmdastjóri innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA en hann hafði enga beina reynslu af bankastarfsemi eða fjármagnsmörkuðum, hvað þá víðtæka.

Nú verður því ekki haldið hér fram að Jónas og Páll séu ómögulegir menn, alls ekki. Hins vegar var hvorki Jónas þá né Páll nú með nándarnærri þá reynslu og þekkingu sem embættin, sem þeir voru skipaðir í, krefjast lögum samkvæmt. Það er svo einfalt og það er ekki í lagi. Þetta eru mikilvægar og valdamiklar stöður sem skipta fjármálakerfið og þjóðfélagið miklu. Aðspurður benti fjármálaráðherra réttilega á að það sé stjórn Bankasýslunnar sem skipaði forstjórann og að forstjórinn nýráðni sé ekki félagi í Vinstri grænum. Það er bara ekki nógu gott svar. Fjármálaráðherra skipaði þessa stjórn sem nú, að því er best fæst séð, brýtur lög við ráðningu forstjórans. Á það að viðgangast? Satt best að segja róar það heldur ekki þann sem þetta skrifar að forstjórinn sé ekki úr Vinstri grænum heldur eins rótgróinn framsóknarmaður og nokkur maður á hans aldri getur verið, með alla sína starfsreynslu fengna í gegnum flokkinn. Háflokkspólitískur einstaklingur, ráðinn án nauðsynlegra þekkingar og hæfni, á sem sagt að móta einkavæðingu Bankasýslunnar. Hræðir það engan?

Ætla núverandi stjórnvöld virkilega að endurtaka leikinn?

Einkavæðing bankanna í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var mjög umdeild og þrátt fyrir nokkuð ítarlega umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um málið hefur forsætisráðherra oft rætt um þörfina til þess að rannsaka einkavæðinguna sérstaklega. Á sama tíma er ríkisstjórn sama forsætisráðherra fullkomlega stefnulaus þegar kemur að eigin verkefnum tengdum bönkunum og eignarhaldi á þeim. Ég hef haft samúð með ríkisstjórninni í þeim erfiðu verkefnum sem hún hefur þurft að glíma við og ég er langt í frá sannfærður um að allt myndi reddast ef Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur tækju nú við. En miðað við þá reynslu sem við höfum haft síðustu 10 árin og miðað við þá gríðarlegu gagnrýni núverandi stjórnarflokka á stjórn bankamála áður en þeir tóku sjálfir við stjórnartaumunum, þá er það þyngra en tárum taki hversu slæleg vinnubrögðin virðast vera hjá núverandi stjórnvöldum. Á þetta engan endi að taka?

> Það er mikil umbreyting á eignarhaldi bankanna fram undan. Á komandi ári stefna skilanefndir að því að leggja niður störf og færa eignir sínar, þar á meðal ráðandi hluti í Arion banka og Íslandsbanka, í hendur félaga í eigu kröfuhafa gömlu bankanna.

**Opið í dag milli kl. 9 og 17 og**
**á morgun laugardag milli kl. 12 og 16**



**Ford Edge Limited AWD (HTM72)**
3,5i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli, afturhleri rafdrifinn o.fl.
Skrd. 7/2008. Ek. 58.000 km.
**Kauptu: 4.990.000 kr.**



**Ford C-MAX Trend (SHL06)**
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 1/2008. Ek. 63.000 km.
Verð 1.890.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
**Kauptu: 1.690.000 kr.**



**Ford Escape Limited AWD (VHK32)**
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 2/2008. Ek. 113.000 km.
Verð 3.240.000 kr.
Afsláttur 550.000 kr.
**Kauptu: 2.690.000 kr.**



**Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4 (SI413)**
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarbeisli, lok á palli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2007. Ek. 50.000 km.
Verð 3.490.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
**Kauptu: 2.890.000 kr.**



**Ford Focus Trend (RKP17)**
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl
Skrd. 6/2010. Ek. 47.000 km.
**Kauptu: 2.330.000 kr.**



**Ford Galaxy Trend (KUY45)**
2,3i bensín sjálfskiptur 7 manna
Málmlitur o.fl
Skrd. 6/2008. Ek. 69.000 km.
**Kauptu: 3.140.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi
um betri notaða bíla
hjá Brimborg.
Skoðaðu endilega
notadir.brimborg.is



**Ford Escape XLT AWD (UUD07)**
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 11/2007. Ek. 55.000 mílur.
Verð 3.050.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
**Kauptu: 2.690.000 kr.**



**Ford Fusion Trend (HBM62)**
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 89.000 km
Verð 1.090.000 kr.
Afsláttur 100.000 kr.
**Kauptu: 990.000 kr.**



**Ford Fiesta Trend (MNX04)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 6/2008. Ek. 65.000 km
Verð 1.490.000 kr.
Afsláttur 150.000 kr.
**Kauptu: 1.340.000 kr.**

**Komdu í kaffi á Bíldshöfða 6**

# Kauptu Ford

Spyrðu söluráðgjafa Brimborgar
um allt að 90% fjármögnun.



**Ford Explorer Limited 4x4 (ZS255)**
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli o.fl.
Skrd. 6/2006. Ek. 100.000 km.
Verð 3.410.000 kr.
Afsláttur 560.000 kr.
**Kauptu: 2.850.000 kr.**

**Nýttu tækifærið og fáðu notaðan Ford á tilboðsverði. Ford er staður ævintýra og tómstunda. Ford er ferðalag - út á land eða bara í búðina, úr og í vinnuna. Komdu til okkar á Bíldshöfða 6 í Reykjavík eða Tryggvabraut 5 á Akureyri í dag. Fáðu upplýsingar um fjármögnun og prófaðu notaðan Ford.**

**Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar**



**Ford Mondeo Titanium (OYD19)**
2,3i bensín sjálfskiptur station
Málmlitur o.fl
Skrd. 7/2008. Ek. 42.000 km.
**Kauptu: 3.350.000 kr.**



**Ford S-MAX Titanium (YY719)**
2,0i bensín beinskiptur 7 manna
Dökkar rúður, málmlitur o.fl
Skrd. 9/2007. Ek. 54.000 km.
**Kauptu: 2.940.000 kr.**



**Ford Fiesta Trend (TYJ70)**
1,25i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl
Skrd. 6/2010. Ek. 52.000 km.
**Kauptu: 1.710.000 kr.**



**Ford Focus Trend (TH805)**
1,6i bensín beinskiptur station
Skrd. 2/2006. Ek. 81.000 km.
Verð 1.320.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.
**Kauptu: 1.190.000 kr.**



**Ford Expedition Limited 4x4 (JSZ84)**
5,4i V8 bensín sjálfskiptur 8 manna
Dráttarbeisli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 71.000 km.
Verð 6.990.000 kr.
Afsláttur 900.000 kr.
**Kauptu: 6.090.000 kr.**

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6 og kauptu Ford**

Finndu okkur
á fasbókinni

Brimborg | Max1 | Vélaland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
komdu í hópinn | Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

**Skoðaðu ford.is**

## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla
hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



55 **RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** tónlistarmaður er 55 ára.

*„Ég lít á mig sem efnilegan tónlistarmann.“*

## Merkisatburðir:

1828 Konungur úrskurðar að kirkjuhurðum skuli „þannig hagað að þeim verði lokið upp að innan og gangi út“.

1893 Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan stofnað í Reykjavík.

1989 Sýning opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins í tilefni þess að 150 ár eru liðin síðan uppfinning Daguerres, föður ljósmyndarinnar, var kynnt í París.

1992 Flóðljós tekin í notkun á Laugardalsvelli í Reykjavík, á landsleik Íslands og Grikklands.

**ÞETTA GERÐIST** 7. OKTÓBER 1954

## Minjasafn Reykjavíkur stofnað

Árið 1942 skoruðu íbúar Reykjavíkur á bæjarstjórnina að stofnað yrði minjasafn. Því var vel tekið og hófst þá söfnun á gögnum um sögu bæjarins. Árið 1947 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að stofna Bæjarsafn Reykjavíkur og hélt Reykjavíkursýningu í húsi Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu árið 1949. Þá hófst söfnun á reykvískum forngripum. Skjala- og minjasafn Reykjavíkur var svo stofnað 1954 og var til húsa að Skúlatúni 2. Lárus Sigurbjörnsson varð fyrsti forstöðumaður þess.

Þá var býlið Árbær komið í eyði og samþykkt í bæjarstjórn árið 1957 að endurgera gamla bæinn og koma upp safni gamalla húsa á svæðinu. Árið 1968 voru Minjasafn Reykjavíkur og Árbæjarsafn sameinuð undir nafni Árbæjarsafns.

**Heimild: www.minjasafnreykjavikur.is**





†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Halldórssonar**

Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

**Halldór S. Sigurðsson** — **Jóna Þorkelsdóttir**
**Guðmunda Björg Sigurðardóttir** — **Haraldur Haraldsson**
**Ásta G. Sigurðardóttir** — **Kristján Gunnarsson**
**Ómar Sigurðsson** — **Sigríður Þorgilsdóttir**
**Svanur Ingi Sigurðsson** — **Matthildur Níelsdóttir**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir** — **Jóhann Ágústsson**
**Ingþór Sigurðsson** — **Svala Benediktsdóttir**
**Sigurbjörg Jenný Sigurðardóttir** — **Búi Grétar Vífilsson**
**og afabörn.**



†

*Elskulegi bróðir okkar, mágur, frændi og vinur,*

**Haukur Þorsteinsson**

Bláskógum, Sólheimum í Grímsnesi, (áður til heimilis á Faxabraut 33b, Keflavík),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 3. október. Útför fer fram í kyrrþey að ósk aðstandenda. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Sólheima.

**Svanhvít Þorsteinsdóttir** — **Karl Einarsson**
**Elínborg Þorsteinsdóttir** — **Sigurjón Skúlason**
**Valgerður Þorsteinsdóttir** — **Sæmundur Pétursson**
**Bára Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson**
**Guðlaug Þorsteinsdóttir** — **Lúðvík Finnsson**
**Jónína Þorsteinsdóttir** — **Peter W. Giedras**
**Erla Þorsteinsdóttir** — **Þorgeir Óskarsson**
**Jónas Þorsteinsson** — **Ásdís Júlíusdóttir**

†



*Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Þorbergur Auðunn Viðarsson**

Kristnibraut 35, Reykjavík,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 4. október í faðmi ástvina sinna á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Auður Magnúsdóttir**
**Óttar Ingi Þorbergsson**
**Elísabet Huld Þorbergsdóttir**
**Laufey Eva Stefánsdóttir**
**Viðar Einarsson** — **Ólöf Gunnarsdóttir**
**Gunnar Viðarsson** — **Þorbjörg Ragnarsdóttir**
**Elín Viðarsdóttir**
**Einar Viðarsson** — **Kristín Sveinsdóttir**
**Erlingur Viðarsson** — **Elfa Sif Ingimarsdóttir**
**Magnús Ingvar Ágústsson** — **Hjördís Hafsteinsdóttir**
**Berglind Magnúsdóttir** — **Heimir Jónasson**
**Ágúst Magnússon** — **Áslaug María Sigurbjargardóttir**

FUGLAR ÍSLANDS EFTIR BENEDIKT GRÖNDAL: GEFIÐ ÚT Í FYRSTA SINN

# Gríðarlega fallegt handverk

Bókin Fuglar Íslands eftir Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson (1826–1907) kom út í gær, 6. október á 185 ára afmæli höfundarins. Bókin er eitt af helstu verkum Benedikts en í henni er birt heildaryfirlit yfir alla fugla sem sést höfðu á Íslandi svo vitað væri fram til ársins 1900.

Bókin er nú gefin út í fyrsta sinn en handrit hennar hefur verið í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands í yfir hálfa öld. Náttúrufræðistofnun stendur að útgáfunni í samvinnu við bókaútgáfuna Crymogeu. Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur vann við útgáfu bókarinnar og ritaði meðal annars eftirmála um Benedikt sem náttúrufræðing og skýringatexta.

„Nöfn og hugtök í svo gömlum texta eru framandi fólki í dag. Við Ævar Petersen og Mörður Árnason skrifuðum skýringar við texta Benedikts en að öðru leyti stendur bókin eins og hann skilaði henni af sér,“ segir Kristinn Haukur. Benedikt lauk bókinni nokkrum árum áður en hann lést. Hann safnaði efni í hana sjálfur, teiknaði myndir og skrifaði texta og segir Kristinn fallega rithönd Benedikts eitt að því sem geri bókina einstaka.





„Benedikt vann fyrir sér sem skrifari og var einstaklega listrænn. Það kemur glögglega fram í handritinu, þó hann hafi hafi verið kominn á áttræðisaldur þegar hann vinnur það. Bókinn er vitnisburður um þá þekkingu sem var í landinu á þessum tíma og þó við sækjum ekki beinan fróðleik í hana í dag er hún gríðarlega fallegt handverk.“

Ástæðu þess að bókin kom ekki út á sínum tíma segir Kristinn að hluta til vera stærð handritsins en að er 38 cm á hæð og 27,8 cm á breiddina. Þá hafi þrjóska höfundarins jafnvel haft eitthvað um það að segja en Benedikt gramdist áhugaleysi Alþingis á að styrkja verkefnið. „Það fauk í hann og á forsíðu segir að verkið sé eign hans sjálfs og Alþingi óviðkomandi,“ segir Kristinn. „Teknin var þó ekki til staðar hér á landi til að gefa út svo stórt brot og myndirnar þess eðlis að erfitt var að prenta þær. Það er líka eitt af því sem gerir Benedikt einstakan, að hann gerir heila bók sjálfur, semur hana og skrifar og teiknar í hana myndirnar. Það gerðu ekki margir á þessum tíma.“



**FYRSTA EINTAKIÐ** Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, og Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur afhentu Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, fyrsta eintak bókarinnar í gær á afmælisdegi Benedikts Gröndal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Benedikt Gröndal er eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar. Hann lauk meistaraprófi í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla fyrstur Íslendinga og var frumkvöðull í söfnun náttúrugripa og helsti hvatamaður að stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags árið 1889. Eitt helsta verkefni hans sem formanns Náttúrufræðifélagsins var að koma á fót náttúrugripasafni í Reykjavík. Eftir hann liggja einnig nokkur handrit, tvö helstu handritin eru Dýraríki Íslands sem kom út árið 1976 og Íslenskir fuglar sem hefur nú verið gefið út á bók.

Í henni eru allar myndir handritsins auk texta Benedikts með skýringum. Bókaútgáfan Crymogea mun einnig í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands gefa handritið út í sinni upprunalegu stærð og umfangi í sérstakri hátíðarútgáfu í desember 2011.

**heida@frettabladid.is**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Sigurðsson Svavarsson**

Suðurgötu 18b, Sauðárkróki,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 27. september 2011. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. október n.k. kl. 11.00.

**Sigrún G. Halldórsdóttir**
**Magnús Sverrisson** — **Ásta P. Ragnarsdóttir**
**Jóhann M. Sverrisson** — **Leidy Karen Steinsdóttir**
**Halldóra Ragna Einarsdóttir** — **Gunnlaugur Eiðsson**
**Gísli Arnar Elínarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýju vegna fráfalls elskulegrar móður okkar, tengdamóður, stjúpu, ömmu og langömmu,*

**Oddnýjar Ólafsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða.

**Ásrún Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** — **Ævar Kjartansson**
**Heiðrún Kristjánsdóttir**
**Sigrún Kristjánsdóttir** — **Völundur Óskarsson**
**Sigurveig Kristjánsdóttir** — **Ólafur Ágúst Ólafsson**
**Friðrik Steinn Kristjánsson** — **Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!





FRÁBÆRT VERÐ!

30% afsláttur

**1498** kr. kg
Lambalæri með hvítlauk og rósmarín

**1049** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning

Nýtt!



**1998** kr. kg
Krónu kjúklingabringur, magnpakkning

Nýtt!



**498** kr. kg
Krónu kjúklinga Hot Wings

Nýtt!



**898** kr. kg
Krónu kjúklingaleggir, appelsínu og engifer marinering

## Lambaskrokkur af nýslátruðu 2011, sagaður í kassa:

**998** kr. kg
Heilt læri • Lærissneiðar • Heill hryggur
Sagaður frampartur • Heil slög

Ódýrt!





Smakk
Uppskriftir
Kynning
Ráðgjöf

Lambakjöt LAMBAKJOT.IS
GOÐI

## SVEITAMARKAÐUR Á MORGUN LAUGARDAG KL. 11-16

Félagar úr Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna kynna úrvals íslenskt lambakjöt

Sveitamarkaðurinn er í Krónunni Lindum / Bíldshöfða / Granda / Selfossi / Mosfellsbæ / Akranesi

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is



†

*Elskulegur bróðir minn og frændi,*

**Kristján Sturlaugsson**
tryggingastærðfræðingur
frá Múla í Ísafjarðardjúpi,
löngum til heimilis að Bogahlíð 14,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 5. október.

**Gerður Sturlaugsdóttir**
**og fjölskylda.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,*
*amma og langamma,*

**Björg Halldórsdóttir**
Stóru-Breiðuvík, Eskifirði,

sem lést 30. september, verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 8. október kl. 14.00.

**Halldór Árni Jóhannsson**
**Jón Sigmar Jóhannsson** **Róshildur Stígsdóttir**
**Sigurgeir Jóhannsson** **Ólöf María Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,*
*amma og langamma,*

**Margrét Björnsdóttir Blöndal**
frá Siglufirði,

andaðist að morgni 28. september á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**Ólöf Birna Blöndal** **Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal** **Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal** **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal** **Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ó. Blöndal** **Friðrik Jón Arngrímsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn,*
*faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valgeir Sigurðsson**
vélvirki,
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést sunnudaginn 2. október á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram þriðjudaginn 11. október frá Keflavíkurkirkju kl. 13.00.

**Guðmunda Magnea Friðriksdóttir**
**Laila Jensen Valgeirsdóttir** **Sigurður Halldórsson**
**Sigurður Valgeirsson** **Bjarney Gunnarsdóttir**
**Óli Þór Valgeirsson** **Elín Guðjónsdóttir**
**Áslaug Valgeirsdóttir Williams** **Robert D. Williams**
**Friðrik Már Valgeirsson** **Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Gunnar Valgeir Valgeirsson** **Cristina Bodinger de Uriarte**
**Herborg Valgeirsdóttir** **Guðjón Guðmundsson**
**Guðrún Valgeirsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, ömmu og langömmu,*

**Guðfinnu Betsýjar Hannesdóttur**
Háaleitisbraut 41, Reykjavík.

Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki Heimahlynningar LSH og líknardeildar LSH í Kópavogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jens Chr. Sörensen**
**Kolbrún Svala Hjaltadóttir** **Oddur Sigurðsson**
**Kristbjörg Stella Hjaltadóttir** **Sigurður Ingi Jónsson**



**ERFIÐLEIKAR** Líknarmeðferð getur átt við snemma á veikindatímabilinu samhliða læknandi meðferð. MYND/NORDIC PHOTO/GETTYIMAGES

# Að lifa með reisn er réttur fólks

Alþjóðlegur dagur líknar er á morgun, 8. október. Því er sjónum beint að Lífinu, sem eru íslensk samtök um líknarmeðferð, skipuð fagfólki úr heilbrigðisgeiranum og kirkjunni. Arndís Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, er í stjórn þeirra.

„Þeim aðferðum sem falla undir líknarhugtakið er ætlað að bæta líðan sjúklings sem greinst hefur með lífshættulegan sjúkdóm þannig að hann geti lifað með reisn þann tíma sem hann er veikur," segir hún og heldur áfram. „Einnig að veita fjölskyldu hans stuðning. Þetta á við hvort sem sjúkdómurinn er læknanlegur eða ekki."

Arndís segir samtökin Lífið halda námskeið af og til og hafa gefið út bækling um undirbúning andláts ástvinar. „Í upphafi var fókusinn aðallega á líknandi meðferð við lífslok," segir Arndís. „Síðan hefur starfið þróast í margvíslega aðstoð við þá sem eiga í erfiðleikum vegna sjúkdóma svo þeir fái notið eins mikilla lífsgæða og kostur er. Þar er það þörf sjúklingsins sem vísar veginn." **- gun**

# Ný stjórnarskrá?

Næstu fjóra mánudaga boðar Borgarbókasafn til opinna funda um frumvarp til stjórnskipunarlaga. Þar munu fulltrúar úr stjórnlagaráði og stjórnlaganefnd kynna frumvarp til stjórnskipunarlaga, en frumvarpið var afhent Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, 29. júlí.

Fyrsti fundur verður mánudaginn 10. október með almennri kynningu á stjórnlagaráði og frumvarpinu.

Annar fundur verður viku síðar um Nefnd A: Grunngildi, ríkisborgararétt og þjóðtungu, uppbyggingu og kaflaskipan stjórnarskrárinnar, náttúruauðlindir, umhverfismál og mannréttindi.

Hinn 24. október verður fundarefni Nefnd B: Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, hlutverk og staða forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra, verkefni framkvæmdarvaldsins og staða sveitarfélaga.

Síðasti opni fundurinn verður mánudaginn 31. október um Nefnd C: Stjórnlagaráð, lýðræðislega þátttöku almennings (þar á meðal stjórnarskrárbreytingar), sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds, alþingiskosningar, kjördæmaskipan og alþingismenn, samninga við önnur ríki og utanríkismál.

Öllum er velkomið að sækja fundina sem haldnir verða í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15 og hefjast klukkan 17.15.

Nánari upplýsingar á www.borgarbokasafn.is og www.facebook.com/BorgarbokasafnReykjavikur.



**ALÞINGI** Borgarbókasafn efnir til funda um frumvarp til stjórnskipunarlaga sem afhent var forseta Alþingis í sumar.



**Í EYVINDARSTOFU** Veggir, gólf og innanstokksmunir eru í þjóðlegum stíl.

# Fjalla-Eyvindi og Höllu til heiðurs

Minnisvarði um útilegufólkið Fjalla-Eyvind og Höllu verður afhjúpaður á morgun í formi veitingastaðar sem ber nafnið Eyvindarstofa.

„Þar sem hvorki þykir sannað að þér hafið feitum sauðum stolið, né étið skjóttan reiðhest Einars bónda Brynjólfssonar á Barkarstöðum, hefur þér verið veitt lausn undan öllum sökum." Þannig hefst heimboð í formi lausnarbréfs frá Birni Þór Kristjánssyni og Söndru Kaubriene, frumlegum vertum Eyvindarstofu á Blönduósi sem verður opnuð á morgun klukkan 14.

Eyvindarstofa er nýr veitingastaður á efri hæð Pottsins við Norðurlandsveg 4. Þar er og eftirlíking hellis með ýmsum hlutum sem tengjast lífi útilegufólks og sögunni af Eyvindi og Höllu eru gerð skil með textaspjöldum og myndefni. Stemningunni er einnig miðlað með hljóðum sem minna á hálendið, hverina og snarkið í eldinum.

Upplifunin af lífi þekktasta útilegupars sögunnar er síðan fullkomnuð með sérstökum mat sem borinn er fram á diskum og skálum sem minna á handverk Fjalla-Eyvindar er var hagleiksmaður. Á matseðlinum er léttsaltaður lambaskanki, silungur kemur við sögu í súpunni og eftirréttur er rúgbrauðskaka með rjómaís og rabarbaragraut. Fleira er í boði fyrir þá sem ekki girnast svo þjóðlegt fæði.

**gun@frettabladid.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Hópur norrænna listamanna** opnar sýninguna The Pleasure Principle í Kling og Bang gallerí á Hverfisgötu 42 í kvöld klukkan 20. Listamennirnir eru allir staddir á landinu til að vinna að sýningunni og verður hluti verkanna unninn á staðnum, beint inn í sýningarrýmið.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



EXPO · www.expo.is

# LEIKHÚS-MATSEÐILL

**Forréttur**

**Laxatvenna – reyktur og grafinn lax**



**Aðalréttir**

**Bleikja & humar með hollandaise sósu**
Brasserað fennell, kartöflustappa og ostrusveppir



eða...

**Grillað Lambafille**
Með rófutvennu, sveppakartöflum og bláberja anís kjötsósu



**Eftirréttur**

**Jack Daniel's súkkulaðikaka**
Djúpsteiktur ís og súkkulaðihjúpuð jarðarber



**Þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.**

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is


**Nýstárleg nálgun á norræna goðafræði þar sem landamærum leiklistar og matargerðar er ögrað.**

# *Sýning sem bragð er af*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hugmyndin kviknaði út frá vangaveltum um nýjar leiðir til að kynna norræna matargerð. Þá barst Völuspá í tal og allir urðu sammála um að varla fyrirfyndist betri umgjörð utan um norrænan mat," hefur Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri Norræna hússins, að segja um aðdragandann að sýningunni Völuspá – A Nordic Food Expedition, sem Norræna húsið, DILL veitingastaður og danski leikhópurinn Republique setja upp 23. október.

Að sögn Helgu gefst landsmönnum þar færi á að upplifa ævintýraheim norrænnar goðafræði á nýjan og óvenjulegan hátt.

„Gestum Norræna hússins verður boðið í ferðalag um heima Völuspár þar sem landamærum leiksýningar og máltíðar er ögrað. Þeir bókstaflega ferðast um byggingu Alvars Aalto þar sem hvert svæði táknar tiltekinn hluta í Völuspá, hitta fyrir goð og alls konar kynjaskepnur og bragða á ólíkum réttum, öllu því besta í norrænni matargerð sem er notuð til að undirstrika betur merkingu textans. Þetta er sýning sem fullnægir öllum skilningarvitum."


;FRAMHALD | 2



Afmælistilboð Nings

og kroppurinn blómstrar

Nings í 20 ár

**Afmælistilboð** *fyrir tvo eða fleiri*

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Woksteiktar karrýnúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Stökkt svínakjöt með Orange sósu
Ferskt salat og hrísgrjón.

1795 krónur á mann
3590 krónur fyrir tvo
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

**Heilsutilboð** *fyrir tvo eða fleiri*

Tröllatrefjar með eggjum kjúklingi og grænmeti
Tofukjöt og grænmeti í massaman karrýsósu
Ferskt salat og hrísgrjón.
2 L. Egils Kristall

1745 krónur á mann
3490 krónur fyrir tvo
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

NINGS 1991 - 2011 20 ára

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is



**Mugison** flytur fyrirlestur í Ketilhúsinu á Akureyri í dag frá klukkan 14 til 15. Hann ber yfirskriftina Hljóðbóndinn og fjallar um sköpunarferlið og hvernig það er að vera íslenskur listamaður í ört minnkandi heimi. Fyrirlesturinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

Framhald af forsíðu



Helga Viðarsdóttir og Gunnar Karl Gíslason í Norræna húsinu þar sem brátt verður hægt að upplifa Völuspá á óvenjulegan máta.

Helga fullyrðir að sjaldan eða aldrei hafi hérlendis verið lagður jafn mikill metnaður í að blása nýju lífi í þessa fornu sögu og nú. „Til marks um það kemur fjöldi manns að sýningunni, þar á meðal innlendir og erlendir listamenn frá leikhópnum Republique, sem er eins konar Vesturport Dana, og matreiðslumenn, Mette Sia Martinussen og Gunnar Karl Gíslason á Dilli, sem kappkosta við að gera upplifunina ógleymanlega. Þessi nálgun þekkist víða erlendis en er ný af nálinni hérlendis.“

Verkið verður flutt dagana 23. október til 2. nóvember og er einkum ætlað fullorðnum. Mest geta 24 áhorfendur tekið þátt í hverri sýningu. *roald@frettabladid.is*






# Kabarettstemning í anda fyrri tíma í Tjarnarbíói

**Söngleikir með Margréti Eir nefnist sýning sem frumsýnd verður í Tjarnarbíói annað kvöld. Þar verður boðið upp á úrval laga úr söngleikjum auk þess sem Friðrik V. mun framreiða létta rétti fyrir sýningar.**

„Ég fer alveg frá klassíkinni, Gershwin og Rodgers og Hammerstein, og yfir í The Who sem er meira svona rokk og ról,“ segir Margrét Eir um söngleikjasýningu sem hún frumsýnir í Tjarnarbíói á laugardagskvöldið. Sýningin nefnist „Söngleikir með Margréti Eir“ og eins og nafnið gefur til kynna ætlar Margrét að syngja lög úr söngleikjum bæði nýjum, gömlum, þekktum og óþekktum. Má til dæmis nefna Cats, Company, Song and Dance, Cabaret, Les Miserables og Tommy.

„Ég er bara með píanóleikara með mér og engan míkrófón eða neitt,“ heldur Margrét Eir áfram. „Ég verð svo með svona smá fróðleiksmola um þessa tónlist inn á milli, aðeins að kynna hana. Það hefur svo lítið af þessum söngleikjum komið hingað heim. Fyrir sýningu verður svo boðið upp á létta rétti sem Friðrik V. sér um að elda og fólk getur fengið sér fyrir sýningu, en það er þó alveg hægt að mæta á sýninguna án þess að borða. Við ætlum að reyna að skapa sérstaka stemningu alveg frá því að fólk gengur inn í húsið. Svona svolítið í átt að kabarettstemningunni í Berlín í kringum 1930.“

Píanóleikari í sýningunni er Vignir Þór Stefánsson og á hverri sýningu kemur einnig fram gestasöngvari. „Ágúst Ólafsson barítónsöngvari verður með mér á fyrstu sýningunni og svo verða með mér úrvals söngvarar sem hafa verið viðloðandi söngleikjatónlist. Þau Þór Breiðfjörð, Heiða Ólafsdóttir, Sigríður Eyrún og fleiri.“

Dívusýningu fylgja mikil kjólaskipti og Margrét Eir segist skipta margoft um kjól í sýningunni. „Ég heyrði af því að kona sem kom á svona sýningu í vor hefði hnippt ofandottin í vinkonu sína og hvíslað: Guð hvað manneskjan á mikið af kjólum! En þegar maður er búinn að vera í bransanum í yfir tuttugu ár er maður búinn að sanka að sér alls konar kjólum auðvitað. Það fylgir starfinu.“

Sýningin verður í Tjarnarbíói vikulega fram að jólum og svo verður séð til með framhaldið. „Við munum sýna þetta eins oft og fólk vill koma,“ segir Margrét Eir. *fridrikab@frettabladid.is*



„Við ætlum að skapa sérstaka stemningu um leið og fólk gengur inn í húsið,“ segir Margrét Eir um söngleikjasýninguna í Tjarnarbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN












# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 7. október

SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR

## SKAPAR ÆVINTÝRA-HEIMA

- NÝTT SKART FRÁ MYDESIGN
- TÍSKA
- Á RÚMSTOKKNUM


2 TB FLAKKARI

VERÐ Kr. 16.750

HLJÓÐLÁTUR FLAKKARI

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

WD Elements
2TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

# núna

✻ Dans og gleði

**MAGNAÐ TVÍEYKI** Handkrem og varasalvi frá Shea Butter-línu L'Occitane er frábært tvíeyki til að eiga í kuldanum í vetur. Túburnar eru skreyttar með sérstöku, etnísku munstri sem fæst í takmörkuðu upplagi. Varasalvinn græðir sprungnar varir en gefur að auki vernd fyrir kuldanum og fæst í þremur ilmtegundum.



## meðmælin

### Upphitun á Kaffibar

Tónlistarhátíðin Airwaves er á næsta leiti og í tilefni þess fer fram svolítið tónlistarleg upphitun á skemmtistaðnum Kaffibarnum. Á þriðjudaginn næsta munu hljómsveitirnar Útúrdúr og B.G. Baarregaard koma fram og skemmta fólki. Útúrdúr stígur fyrst á svið klukkan 21.30 og fylgir B.G. Baarregaard á hæla hennar hálftíma síðar.



### Ottesen-systur opna

Vefverslun tískusystranna Jónu og Ásu Ottesen, Lakkalakk, opnar nýjar höfuðstöðvar í dag. Lakkalakk, sem hingað til hefur einungis verið á netinu, verður til húsa á Skúlagötu 30, 2.hæð, þar sem verður eins konar opið lagerpláss fyrir viðskiptavini til að koma og máta flíkurnar sem þeir sjá á vefsíðunni. Opnunarparty verður haldið á morgun milli klukkan 15 og 18. Gísli Galdur sér um tónlistina og tveir heppnir gestir fá 10.000 króna gjafabréf.



Kristjana Jenný Ingvarsdóttir býr til fallega fylgihluti:

# FINNUR EFNIVIÐ Í SKART HÉR OG ÞAR

Kristjana Jenný Ingvarsdóttir útstillingahönnuður hannar og selur fylgihluti og gjafavörur undir nafninu Mydesign. Fylgihlutirnir eru að mestu unnir úr endurunnu efni svo sem stáli, messing, tré og gömlu skarti.

Kristjana Jenný hefur framleitt gjafavörur undanfarin þrjú ár en færði sig út í fylgihlutaframleiðslu í janúar á þessu ári er hún var í fæðingarorlofi. „Ég vil frekar kalla þetta fylgihluti en skart því ég tel mig ekki vera skartgripahönnuð, ég er bara að prófa mig áfram með eitthvað sem mér þykir skemmtilegt," segir Kristjana.

Hún segist hafa fengið fín viðbrögð frá fólki við vörunum og vonast til þess að hún geti haft lífibrauð sitt af þessu í framtíðinni. „Ég er tiltölulega nýbyrjuð og þetta er enn þá bara áhugamál, en vissulega vonar maður að hægt verði að hafa upp úr þessu í framtíðinni. Draumurinn er líka að koma með heimilislínu og barnalínu á næstu árum."

Kristjana sankar að sér ýmsu dóti til að vinna vörur sínar úr, þar á meðal viði, hnífapörum, gömlum skartgripum og öðru smálegu. „Í sjálfu sér sé ég möguleika í flestu. Ég bjó lengi úti og þá var ég dugleg að þræða markaði og kaupa ýmislegt smádót á þeim. Mínir nánustu vita líka að ég er mikill sankari og hafa verið duglegir að gefa mér hitt og þetta til að moða úr."

Innt eftir því hvort efniviðurinn og smádótið taki ekki mikið pláss á heimilinu viðurkennir hún það. „Við hjónin búum í áttatíu fermetrum ásamt börnum okkar tveimur. Ég hef lagt undir mig eitt hornið í íbúðinni og ef ég næ að halda skipulagi á því þá þvælist dótið ekki mikið fyrir. Maðurinn minn er voðalega góður og skilningsríkur og hefur aldrei kvartað undan draslinu en börnin eiga það til að fara í það og skoða," segir hún að lokum og hlær.

Hægt er að skoða vörur Kristjönu á heimasíðu hennar www.mydesign.is. - **sm**



**Endurskapar** Kristjana Jenný Ingvarsdóttir býr til fylgihluti úr smádóti sem hún finnur hér og þar. Vörurnar nefnir hún Mydesign. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



SOHO MARKET

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18
laugd 12–17


Tom Ford sendir frá sér snyrtivörulínu:

# Áhuginn til staðar allt frá barnæsku

Tom Ford hefur gefið út sína eigin snyrtivörulínu sem inniheldur meðal annars húðkrem, varaliti og augnskugga.

Ástæðan fyrir því að Ford ákvað að gefa út eigin snyrtivörulínu var sú að honum þótti markaðurinn fullur af óþarfa vörum. „Það er offramboð af vörum á markaðnum sem gera ekkert fyrir þig. Ég fylgi sömu speki í framleiðslu snyrtivaranna og í hönnun minni, tilgangur þeirra á að vera praktískur og sjónrænn."

Hönnuðurinn segist einnig hafa verið heillaður af snyrtivörum allt frá því að hann var barn. „Ég var duglegur að prófa hitt og þetta þegar kom að snyrtivörum og þegar ég var fjórtán ára þurfti ég að fara upp á slysastofu því agúrkurnar sem ég hafði lagt á augnlokin höfðu þveröfug áhrif og ég bólgnaði allur upp." **- sm**



**Snyrtivörur frá Ford** Hönnuðurinn Tom Ford hefur sent frá sér nýja snyrtivörulínu. NORDICPHOTOS/GETTY

## ✻ augnablikið



**SEIÐANDI GLAMÚR** Fyrirsætan Miranda Kerr var dökkklædd og glæsileg er hún mætti í kvöldverð sem haldinn var af Carine Roitfeld, fyrrverandi ritstýru franska Vogue. Gestir voru flestir klæddir líkt og vampírur og aðrar kynlegar verur.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




15% afsláttur
af Eilersen sófum
um helgina

eilersen

**HÁGÆÐAHÖNNUN
OG FRAMLEIÐSLA**

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal










NORDICPHOTOS/GETTY

**Einstakt svið** Sýning tískuhússins Luis Vuitton þótti ein sú stórkostlegasta á tískuvikunni í París.

Einstök sýning hjá Luis Vuitton:

# Andköf og hrifning hjá Luis Vuitton

Hönnuðurinn Marc Jacobs átti heiðurinn að fallegustu sýningu tískuvikunnar í París fyrir hönd tískuhússins Luis Vuitton. Sviðið var hvorki meira né minna en risavaxin hringekja og stigu fyrirsæturnar af hestum sínum hver á eftir annarri. Kate Moss lauk sýningu Vuitton líkt og í vetur og klæddist gullfallegum hvítum kjól sem skreyttur var fjöðrum.

Jacobs er orðaður við Dior og gæti þetta því hafa verið hans síðasta sýning fyrir Vuitton, en hann hefur verið yfirhönnuður hússins síðustu fimmtán ár. Blaðamaður Fashionista.com segir sýninguna hafa verið stórkostlega og að hringekjan hafi verið hulin á bak við stórt tjald allt þar til sýningin hófst. Er tjaldið féll mátti heyra andköf sýningargesta og hrifningaróp. Það má án efa fullyrða að erfitt verði að leika þetta eftir, enda bera myndirnar þess vitni að sviðið hafi verið einstakt í alla staði.

- sm



**Glæsileg** Ofurfyrirsætan Kate Moss lauk sýningunni. Hún klæddist fallegum, fjaðurskreyttum kjól.




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

# Hvar, hvenær og hvernig skal stunda kynlíf

?Ég er með smá áhyggjur sem tengjast kviðverk og kynlífi. Síðast þegar ég fór til kvensjúkdómalæknis var mér sagt að allt væri í lagi, en núna er ég farin að finna fyrir verkjum í ákveðnum stellingum og finnst best að gera „trúbbann" því þá finn ég minna til. Nú veit ég ekki hvort þetta er alveg eðlilegt eða hvort ég ætti að hafa áhyggjur og drífa mig í aðra skoðun?

**Svar:** Það er erfitt að svara þér án ítarlegri upplýsinga, líkt og hvernig sársaukinn lýsir sér, en byggt á því sem þú gefur þá hef ég nokkrar tilgátur. Þú gætir verið með aftursveigt leg eða viðkvæman legháls. Þá eru sumar stellingar þægilegri en aðrar, sérstaklega þær sem þú getur stjórnað dýpt limsins inn í leggöng. Kvensjúkdómalæknir getur skoðað legu legsins. Ég hvet þig til að panta annan tíma og ef læknirinn finnur ekki skýringu á þessum verk gæti verið ráðlagt að panta tíma hjá kynfræðingi.

?Nokkrir hlutir hafa verið mér ofarlega í huga undanfarið og langar mig að vita þína skoðun á þeim málum. Mér hefur oft fundist skrítið hvað það er sjálfgefið að eftir hjónaband sé ekkert kynlíf. Eins og að um leið og hringarnir fari á fingurna hverfi tilhugalífið. Konum er sagt að fá sér titrara og mönnum að njóta strippbúlla. Einnig langar mig að vita hvaðan höfuðverkurinn mikli kemur. Það er oft fjallað um það í kvikmyndum að konan neiti kynlífi og beri fyrir sig höfuðverk, eða þá noti höfuðnina sem refsingu. Enn fremur brandarinn um að ef maður er pirraður eða það gangi ekki eitthvað hjá honum þá sé konan ekki að „gefa honum nóg".



**Svar:** Báðir „brandararnir" sem þú vísar í eiga sér stoð í raunveruleikanum og eru í raun tilvísun til þess sem oft gerist í langtímasamböndum. Þegar hiti lostans sem einkennir upphaf sambandsins kulnar þá fer kynlíf oft í fastari skorður. Báðir aðilar verða öruggari innan sambandsins og kynlíf fer að snúast um innileika og tjáningu á honum frekar en hömlulausan losta. Þegar sambandið vex og parið hefur sambúð og eignast fjölskyldu verður tími oft af skornum skammti, forgangsröðunin breytist og kynlífið gleymist. Oftar en ekki hallar á konuna þegar kemur að heimilisverkum og uppeldi og þreyta kemur fæstum í stuð og það getur því verið ein möguleg skýring á „höfuðverknum". Ósamræmi í tíðni og væntingum til kynlífs er eitt af helstu kynlífsvandamálunum sem pör leita eftir aðstoð við. Sumir kjósa gæði fram yfir tíðni og aðrir öfugt. Það er gömul mýta að halda að karlar kjósi tíðni fram yfir gæði eða að þeir neiti konunni ekki um kynlíf. Pör þurfa að koma sér saman um kynlíf; hvenær, hvar og hvernig. Það kann að hljóma órómantískt en þau pör sem ekki ræða þessi mál eru líkleg til að lenda í árekstrum.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*


KORPUTORG Á AFMÆLI!
AFMÆLISHÁTÍÐ OG TILBOÐ
the PIER
25% AF ÖLLUM STÓLUM
25% AF ÖLLU BASTI
25% AF BLACK PEARL OG ALTERNATIVE SNYRTIVÖRUM FRÁ DAUÐAHAFINU
30% AF MATARSTELLUM
FRÁ 590.- NÚ FRÁ 413.-
AFMÆLISPOTTUR
ALLIR SEM VERSLA Í THE PIER Á KORPUTORGI FARA Í POTT SEM DREGIÐ ER ÚR 10. OKTÓBER
20.000.- GJAFABRÉF Í VERÐLAUN
3 FYRIR 2 AF KERTUM
25%
24.900.-
VAR: 39.900.-
22.425.-
VAR: 29.900.-
25%
FRÁ 890.- NÚ FRÁ 668.-
25%
FRÁ 1390.- NÚ FRÁ 1043.-
3 F 2
KUBBA- OG ILMKERTI FRÁ 690.- TAKTU 3 OG BORGAÐU F. 2 1380.-
25%
5993.-
VAR: 7990.-
25%
22.425.-
VAR: 29.900.-
the PIER
FINNDU OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



**Skapar ævintýraheim** Signý Kolbeinsdóttir hannar ævintýraheim Tulipop. Hún er menntaður vöruhönnuður og hefur teiknað og skapað allt frá barnæsku.

# SKÖPUN HEFUR ÁHRIF Á LÍÐAN

***Signý Kolbeinsdóttir*** **vöruhönnuður teiknar ævintýraheima Tulipop. Hún segir sjö ára gamlan son sinn vera hennar helsta ráðgjafa þegar komi að hönnun og sækir innblástur sinn meðal annars til sjávarlífvera á borð við kolkrabba og hákarla.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Myndir:* **Stefán Karlsson**

Signý fæddist í Reykjavík en flutti aðeins þriggja vikna gömul ásamt foreldrum sínum til München í Þýskalandi þar sem móðir hennar stundaði listnám og faðir hennar vann doktorsritgerð sína. Fjölskyldan var búsett í Þýskalandi í níu ár og flutti þá aftur til Íslands. „Þó það hafi verið mjög gott að alast upp í München fann ég alltaf mjög sterkt til þess að ég væri íslensk. Mér fannst alltaf mjög gott og gaman að koma heim í frí og fannst allt betra á Íslandi. Mér fannst tannkremið betra hér en úti, vatnið var að sjálfsögðu betra og morgunkornið og smjörið líka,“ segir hún og brosir.

Signý heimsótti gömlu æskuslóðirnar í sumar ásamt eiginmanni sínum og börnum og hitti meðal annars gamla vini og rifjaði í leiðinni upp þýskuna. „Við dvöldum í Þýskalandi í heila þrjá mánuði og það var alveg frábært, það var voða gaman að heimsækja landið aftur eftir öll þessi ár.“

## ÆVINTÝRALEGUR HEIMUR

Signý segist alltaf hafa verið ákveðin í að starfa við einhvers konar sköpun er hún yrði fullorðin og varð vöruhönnun fyrir valin. „Ég hafði alltaf mikinn áhuga á list og listsköpun en vildi ekki feta í fótspor mömmu og gerast myndlistarmaður því mér fannst það vera of mikið hark. Ég fór því í vöruhönnun í LHÍ og tók einnig eina önn í skiptinám úti í Mílanó. Þar var frábær kennari sem hvatti mig áfram með teikningarnar mínar og ég ákvað að hlusta á hann og halda áfram að þróa þær og þar var grunnurinn að Tulipop kominn. Eftir útskrift starfaði ég svo um stund sjálfstætt sem teiknari og einnig á auglýsingastofu,“ útskýrir Signý. Tulipop-heimurinn er ævintýralegur og dularfullur og þar má finna persónur á borð við Bubble, Skully og Maddy sem eiga sér ört stækkandi aðdáendahóp.

Signý og viðskiptafélagi hennar, Helga Árnadóttir, hafa þekkst frá því þær voru saman í Menntaskólanum í Reykjavík og ræddu oft sín á milli þá hugmynd að stofna saman fyrirtæki. Árið 2010 létu þær á slag standa og stofnuðu Tulipop sem hefur vaxið hratt síðan þá. „Helga er framkvæmdastjóri Tulipop og með MBA-gráðu frá London Business School. Hún er bæði hugmyndarík og ofboðslega klár í sínu fagi. Hönnuðir eru of gjarnir á að ætla sér að sjá um allar hliðar rekstursins og það getur verið erfitt. Við Helga erum mjög heppnar með hvor aðra og samstarfið gengur mjög vel.“

Stúlkurnar sóttu sína fyrstu sölusýningu í New York í september síðastliðnum og gekk það vonum framar að sögn Signýjar. „Við fengum styrk til að sækja sýninguna og flugum út með töskur fullar af bæklingum, kynningarefni og sýnishornum. Við gerðum nokkra samninga og komum okkur upp nýjum samböndum og lærðum heilmikið í leiðinni.“ Eins og er samanstendur vörulína Tulipop af fallegum pennaveskjum, lyklakippum, kortum, minnisbókum og plakötum. „Við erum stöðugt að vinna að því að þróa fleiri skemmtilegar vörur og stefnum að því að setja þrjár til fjórar nýjar vörutegundir á markað á næsta ári,“ segir Signý og bætir við að það sé alltaf jafn ánægjulegt að fá vörurnar í hendurnar. „Það er ótrúlega gaman að sjá vörurnar verða að veruleika og geta handfjatlað þær.“

> ✱ *Í raun er takmarkið bara að reyna að gleðja fólk með skemmtilegum teikningum.*

## FRÁBÆR ÁRANGUR

Þótt einungis séu liðnir átján mánuðir frá stofnun fyrirtækisins þá eru vörur Tulipop seldar í fimmtán verslunum utan landsteinanna. „Ég er ótrúlega ánægð með hversu vel hefur gengið að koma vörunum okkar í flottar búðir úti. Nú er hægt að kaupa Tulipop-vörur í Þýskalandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Írlandi. Þótt það sé gaman að ná árangri utan Íslands þá er heimamarkaðurinn okkur virkilega dýrmætur enda hafa vörurnar okkar fengið frábærar viðtökur hér. Við höfum einnig tekið að okkur valin verkefni fyrir önnur fyrirtæki, hönnun og framleiðslu á sparibauknum Mosa fyrir MP banka, páskaegg fyrir UNICEF og endurskinshúfur fyrir VÍS svo eitthvað sé nefnt.“

## SONURINN HELSTI RÁÐGJAFINN

Signý er gift Heimi Snorrasyni sálfræðingi og saman eiga hjónin tvö börn. Hún segir eiginmanninn vera með gott listaauga og leitar gjarnan ráða hjá honum við sköpunina. „Ég á mjög erfitt með að taka slæmri gagnrýni, og sérstaklega þegar hún kemur frá Heimi, en um leið og reiðin er runnin af mér og ég fer að krassa aftur í myndina sé ég að hann hefur oftast rétt fyrir sér. Snorri, sonur minn, er líka minn helsti ráðgjafi þegar kemur að hönnuninni á Tulipop. „Þó að stefna okkar sé að höfða öðrum fremur til





✻ myndaalbúmið



Við fjölskyldan að sprella á gamlárskvöld 2010.



Börnin mín, Snorri og Svava, í lestinni í sumar.



Tulipop-básinn á New York International Gift Faire.



Nýjasta afurð Tulipop er lyklakippan Skully.

# FÓLKS

stúlkna á aldrinum sex til tólf ára þá vil ég að vörurnar höfði til allra, óháð kyni og aldri. Í raun er takmarkið bara að reyna að gleðja fólk með skemmtilegum teikningum. Öll sköpun, hvort sem það er tónlist, myndlist, hönnun eða annað, hefur áhrif á líðan fólks og mín hönnun á að láta fólki líða vel.“

Börn Signýjar eru sjö og tveggja ára gömul og segir hún móðurhlutverkið bæði erfitt og skemmtilegt. „Mér fannst erfitt að verða móðir í fyrsta sinn, lífið tók stökkbreytingum og svo var fæðingin mjög erfið og mér leið alls ekki vel. Þegar ég gekk með dóttur mína var ég aftur á móti pollróleg því ég vissi nákvæmlega hvað ég var að fara út í og ekkert kom mér á óvart. Ég held að ég sé líka alltaf að verða betri og betri mamma og það er góð tilfinning.“

Hún segir systkinin góð hvort við annað og að sonurinn sé frábær í hlutverki stóra bróður. „Hann er ofsalega góður bróðir og finnst systir sín ótrúlega fyndin, sem hún reyndar er, og hún dýrkar hann á móti.“

### HESTAMENNSKA OG KÖFUN HEILLAR

Þegar Signý er innt að því hvort hún eigi önnur áhugamál fyrir utan hönnun og list svarar hún því játandi. „Ég hef mjög gaman af köfun og hestamennsku. Ég átti hest þegar ég var yngri og mig dreymir um að eignast hest einhvern tímann aftur í framtíðinni. Ég er líka mjög heilluð af sjávarlífi og sæki oft innblástur þangað. Litirnir, formin, áferðin og allt undir yfirborði sjávar er svo ólíkt því sem maður á að venjast á landi.“

Þegar hún er að lokum spurð út í framtíðaráform sín segist hún stefna á heimsyfirráð. „Það er reyndar grín. En svona í alvörunni þá langar mig bara að ná sem lengst og gera sem mest í framtíðinni. Og eignast hest,“ segir hún og hlær.




# tíska

✻ Sítt og hlýtt



**NÝ LÍNA HILDAR HAFSTEIN** Skartgripahönnuðurinn Hildur Hafstein, sem var í forsíðuviðtali í síðasta blaði, var að koma með nýja línu í búðir í vikunni. Í henni notar Hildur meira af handgerðu silfri í bland við steina í ýmsum litum en í línunni eru bæði armbönd og hálsmen. Einnig býr Hildur til armbönd fyrir ungabörn og börn, sem eru tilvaldar sængur- og skírnargjafir. Skartið fæst í verslunum Aftur, Boutique Bella, Epal-búðunum, Kastaníu og vefversluninni Uma.is.

TOPP FIMM Í FATASKÁPNUM

## Uppáhalds buxurnar

Ingibjörg Rósa Harðardóttir hefur starfað í fatabransanum síðan hún var 17 ára gömul en nú er hún einn af rekstrarstjórum NTC verslunarkeðjunnar. Inga Rósa, eins og hún er kölluð, segist vera algjör buxnastelpa og gengur sjaldan í kjólum eða pilsum. Inga Rósa deildi með Föstudegi hverjar eru hennar fimm uppáhaldsbuxur í fataskápnum.



**Ómissandi í fataskápinn** „Æðisleg útsölukaup sem ég rambaði inn á í EVU fyrir fjórum árum. Teknar fram hvern einasta vetur og tel ég það algjörlega nauðsynlegt að eiga leðurbuxur í flottu sniði. Þær eru mjög mjúkar úr hanskaleðri og með rassvösum úr efni sem setja skemmtilegan svip á buxurnar.“



**Nýjustu kaupin** „Diesel-gallabuxur sem ég féll fyrir nýlega og sé ekki eftir því. Hef varla farið úr þeim. Þær eru bæði háar í mittið og úr þægilegu teygjuefni. Passa við allt, háa hæla jafnt og strigaskó.“



**Elstu og bestu** „Þessar keypti ég í H&M á Ítalíu árið 2002 og eru mínar uppáhalds. Stærsta hrósið fyrir buxurnar er að ég passa enn þá í þær, níu árum og tveimur börnum seinna.“



**Háar í mittið** „5 Unit-buxur sem ég keypti í Gallerí 17 í september. Þessar minna svolítið á aðhaldsbuxur því þær eru svo háar í mittið, sem skiptir mig miklu máli. Maður á aldrei nóg af svörtum buxum í fataskápnum.“



**Víðar og þægilegar** „Köflóttar buxur frá Ichi sem eru keyptar í Gallerí 17. Dragtarbuxur með síðu klofi sem ég nota helst við ökklastígvél og þröngan bol eða skyrtu.“





# PERFECTION LUMIÈRE

**NÝR FLJÓTANDI FARÐI MEÐ FULLKOMNA ÁFERÐ, SPF 10.**

FULLKOMNUN HEFUR ALDREI VERIÐ AUÐVELDARI.

# CHANEL

20% afsláttur af CHANEL á kynningardögum.

Perfect Lumiére farðinn frá Chanel veitir hverju smáatriði athygli og útkoman því sniðin að þínum þörfum.
Uppgötvaðu fullkomleika fyrir ásýnd þína frá Chanel.

Chanel dagar verða í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni dagana 6. -12. október.
Sérfræðingar okkar veita þér faglega ráðgjöf og kynna jóla „lookið“ 2011 og aðrar nýjungar.

www.chanel.com

Lyf & heilsa
Kringlunni



YVES SAINT LAURENT
TOUCHE ÉCLAT
THE LIGHT BELONGS TO YVES SAINT LAURENT


**Ertu þreytt(ur) á því að vera þreytt(ur)?**

**Énaxin Total** orkugefandi fjölvítamíntöflur eru snilldar lausn við orkuleysi og sleni. 1 tafla á dag inniheldur dagskammt af vítamínum og steinefnum auk orkugefandi jurta.

**Einfalt og áhrifaríkt fyrir alla, konur og kalla!**

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.




Innflutningsaðili: Gengur vel ehf

ÈNAXIN
ORKA & KRAFTUR ÚR NÁTTÚRUNNI

HAUSTVÖRUR




í miklu úrvali
S-XXL

Verið velkomin

Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi Motivo.is




Taska frá Accessorize.



**Burberry Prorsum** Handtöskur verða vinsælar í haust og langt fram á sumar. Þessi er klassísk og falleg.



**Isabel Marant** Falleg peysa með indjánamunstri frá Isabel Marant.
NORDICPHOTOS/GETTY

HAUSTTÍSKAN HELDUR INNREIÐ SÍNA:

# Þykkt, loðið og hlýtt

Haustvörurnar flæða nú inn í tískuverslanir um allt land. Á tískupöllunum síðasta vetur mátti sjá mikið af fallegum, þykkum peysum, stórum úlpum og settlegum handtöskum. Föstudagur fór á stúfana og fann nokkrar fallegar flíkur fyrir haustið.



**Peysa frá versluninni Zöru.**



**Úlpa frá Companys.**



**Vera Wang** Stórar, þykkar „parka"-úlpur eru góð eign fyrir veturinn.



**Buxur frá Topshop.**



**Chloé** Víðar buxur sem þessar verða algengar í haust.


LOVERDOSE
THE NEW FRAGRANCE
DIESEL



# YFIRHEYRSLAN

**Dóra Jóhannsdóttir, leikkona í Borgarleikhúsinu**



**Ertu A eða B manneskja?** B með stóru B-i

**Hvaða bók er á náttborðinu?** Það eru tvö handrit á náttborðinu mínu þessa dagana. Annað er handrit að leikritinu Gyllti drekinn og hitt er handritið að sjónvarpsþáttunum Mið-Ísland.

**Uppáhaldslitur?** Grænn.

**Nýjustu kaupin?** Man það ekki. Týndi debetkortinu fyrir mánuði og hef ekki keypt neitt síðan þá.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Núna vantar mig vatnshelda skó.

**Uppáhaldshönnuður?** Rósa Hrund Kristjánsdóttir, grafískur leikmynda- og búningahönnuður.

**Uppáhaldsdrykkur?** Bjór.






Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
**Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**

föstudagur
**Fylgstu með**

BÍLAKAUP
S:577.1111
bilakaup.com

# TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ KORPUTORG.

## Í TILEFNI AF ÞVÍ BJÓÐUM VIÐ 25% AFSLÁTT AF SÖLULAUNUM Í OKTÓBER.



M.BENZ M ML 500. ÁRGERÐ 2006, EKINN 73 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 5.690.000.



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX (35"). ÁRGERÐ 2008, EKINN 86 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 12.500.000.



PORSCHE CAYENNE S TURBO. ÁRGERÐ 2004, EKINN 86 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 5.890.000.



VW GOLF GTI. ÁRGERÐ 2005, EKINN 113 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 2.490.000.



SUBARU IMPREZA SPORT. ÁRGERÐ 2008, EKINN 37 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 2.690.000.



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX 35" DEKK. ÁRGERÐ 2008, EKINN 75 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ 8.490.000.

# ÞÚ FINNUR OKKUR Á KORPUTORGI

## WWW.BILAKAUP.COM - 577-1111



## BÍLL DAGSINS

**MAZDA 6 H/B**

Nýskráður 12/2004, ekinn 90 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.490.000**



## BÍLL DAGSINS

**FORD EXPLORER SPORT TRAC LIMITED 4X4**

Nýskráður 10/2006, ekinn 86 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.890.000**



## BÍLL DAGSINS

**PEUGEOT 307 SW PERFORMANCE**

Nýskráður 7/2008, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 2.390.000**

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



SKODA OCTAVIA ELEGANCE. Árgerð 2004, ekinn aðeins 98.þ km,bensín, sjálfskiptur,ný tímareim. Verð áður 1.390.000.- Tilboð 990.000.- Rnr.245079.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**






JEEP GRAND CHEROKEE laredo 4x4. Árgerð 2005, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000.Áhvílandi 1.650þús Rnr.103515. Er á staðnum.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Tangabryggja 14-16, 110 Rvk.
S. 567 4840 www.hofdahollin.is



TOYOTA TACOMA 4X4 Árgerð 2002. Ekinn 162 Þ.KM Verð kr. 1.490.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

HEIMSBÍLAR



SUBARU Legacy outback luxury. Árgerð 2011, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. mjög vel útbúinn bíll, UMBOÐSBÍLL, TIL SÝNIS HJÁ HEIMSBÍLUM Verð 5.890.000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



FIAT Stilo. Árgerð 2004, ekinn 99 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.106600.Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



FORD Escort clx h/b. Árgerð 1998, ekinn 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 190.000. Rnr.100272.Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



MMC Pajero did. Árgerð 2003, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.102686.Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



OPEL Astra enjoy turbo 180 hö. Árgerð 2007, ekinn 61 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.107939.Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www. netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

BÍLALIND.IS



BMW 320D. 12/2006, ekinn 72 Þ.km, dísel, 6 gíra. Verð 3.490.000. #321607 Þýski fallegi molinn er á staðnum!



MAZDA 3. 09/2004, ekinn aðeins 41 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.440.000. #321608 Gullmolinn er á staðnum en stoppar varla lengi!



VOLVO S80 D5 AWD 07/2008, ekinn 43 Þ.KM, dísel, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, leður og hellingur af aukabúnaði! Verð 5.690.000. #192471 - Molinn er á staðnum!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM Pajero GLS 33" Árgerð 12/2000, ekinn 139þ.km, ssk, leður, lúga. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 1.750.000kr. Raðnúmer 152098. Sjá nánar á www.stora.is



Nissan Patrol Árgerð 11/2003, ekinn 157þ.km. ssk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 2.590.000kr. Raðnúmer 152272. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

BÍLALIND.IS



M.BENZ C200 KOMPRESSOR ELEGANCE 10/2000, ekinn 145 Þ.KM, sjálfskiptur, leður ofl. Tilboðsverð 1.290.000. #321489 - Eðal þjóðverji sem stendur á planinu!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
„FLOW hafði samband við mig að fyrra bragði um að hanna línuna því ég set tískulínurnar fyrir ykkur hin. Ég hlakka mikið til að sýna heiminum fágaðri hlið af mér,“ sagði Sorrentino í viðtali við In Touch. Auk þess að hanna línuna fékk Sorrentino að sitja fyrir á öllum kynningarmyndum fyrirtækisins ásamt nokkrum fáklæddum fyrirsætum.



**HANNAR KJÓLFÖT** Mike Sorrentino, raunveruleikastjarna úr þáttunum Jersey Shore, hefur snúið sér að hönnun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinnur á spéhræðslu

Leikkonan Evan Rachel Wood ljóstraði því upp í nýlegu viðtali hvernig hún undirbýr sig fyrir nektaratriði.

Wood viðurkennir að henni þyki óþægilegt að koma fram nakin en að hún hafi komið sér upp leið til að takast á við það. „Ég hef lært að ég þarf að hafa stjórn á aðstæðum til að verða ekki óörugg. Ég segi við sjálfa mig: Ég er frábær nakin kona og nú mun ég gefa frá mér orku sem mun stýra því hvað þér finnst um þetta. Og svo geri ég það,“ sagði leikkonan. Hún segist jafnframt aðeins velja hlutverk sem gefi henni fiðring í magann.



**ÖRUGG** Evan Rachel Wood kann að hafa stjórn á aðstæðum. NORDICPHOTOS/GETTY



**ERFITT HLUTVERK** Mun Lady Gaga feta í fótspor Freddie Mercury?

# Lady Gaga í Queen?

**Gítarleikarinn Brian May í Queen segist hafa áhuga á því að fá Lady Gaga í hljómsveitina. Hann vann með söngkonunni að nýjasta lagi hennar, You & I, og hreifst augljóslega af hæfileikum hennar.**

**May segir í viðtali við dagblaðið Daily Express að hljómsveitin spjalli reglulega um að fara í tónleikaferðalag, en umræðurnar strandi ávallt á vali á söngvara. Það þykir auðvitað ekki öfundsvert að feta í fótspor Freddie Mercury, en May telur að Lady Gaga hafi það sem þarf. „Hún er ekki bara söngkona, hún semur einnig eigin lög,“ sagði hann.**

**May segist ekki hafa sett mikla pressu á Gaga, en ítrekar þó að hún hafi áhuga á að gera eitthvað með þeim. Hvað það er verður að koma í ljós.**



**HÆTT SAMAN** Blake Lively vildi ekki stofna fjölskyldu með Leonardo DiCaprio. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vildi ekki festa ráð sitt

**Leikararnir Blake Lively og Leonardo DiCaprio hafa slitið sambandi sínu. Þetta staðfestu talsmenn þeirra beggja.**

**Samkvæmt heimildarmanni mun Lively ekki hafa verið tilbúin til að festa ráð sitt með hjartaknúsaranum. „Þetta var of mikið, of hratt. Leonardo vill stofna til fjölskyldu bráðlega en Blake var ekki tilbúin til að festa ráð sitt strax, enda er hún enn þá ung,“ sagði heimildarmaðurinn.**

**Parið sást fyrst saman á Cannes-kvikmyndahátíðinni í vor og entist samband þeirra í fimm mánuði.**



# „Enskt“ aldrei í efsta sæti

**Íslensk lög sungin á ensku á borð við Little Talks njóta oft vinsælda hér á landi. Undanfarin sjö ár hefur ekkert slíkt lag þó orðið vinsælasta lag ársins.**



**VINSÆL** Hljómsveitin Of Monsters and Men hefur hitt rækilega í mark með laginu Little Talks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enginn heildstæður listi er til yfir mest spiluðu lög ársins hér á landi. Lagalistinn, sem birtist í Fréttablaðinu á fimmtudögum, sýnir vinsælustu lög hverrar viku í landinu eftir spilun þeirra á Rás 2, Bylgjunni, FM957, X-inu, Kananum og kaupum á Tónlist.is. Hann birtir aftur á móti ekki lista yfir vinsælustu lög hvers árs.

Ef miðað er við 100 vinsælustu lög Rásar 2 sem hafa verið birt undanfarin sjö ár hafa sjö íslensk lög sungin á ensku komist á topp fimm á listanum. Ef svo heldur fram sem horfir mun hið vinsæla Little Talks með hljómsveitinni Of Monsters and Men bætast í þann hóp þegar árið 2011 er á enda.

Little Talks situr nú í efsta sæti Lagalistans yfir vinsælustu lög landsins. Það er tekið af fyrstu plötu Of Monsters and Men sem hefur selst vel síðan hún kom út í síðasta mánuði.

Ef árslistar Rásar 2 eru skoðaðir hafa lög sungin á íslensku enn sem komið er yfirhöndina yfir fjölda laga á topp fimm á þessum sjö árum. Þau eru tíu talsins. Það sem meira er: fimm af þessum tíu lögum náðu efsta sætinu, sem er árangur sem íslenskt lag á ensku hefur aldrei náð. Þrjú slík lög hafa aftur á móti náð öðru sætinu: Just Getting Started með Diktu, Is It True? með Jóhönnu Guðrúnu og Thank You með Diktu. Síðastnefnda lagið var einmitt einnig í öðru sæti yfir mest spiluðu lögin á Bylgjunni í fyrra á eftir Hjálmalaginu Blómin í brekkunni. Taka þarf með í reikninginn að sum vinsæl lög skora ekki hátt á þessum árslistum. Ástæðan er sú að spilun þeirra skiptist á milli tveggja ára. Þau koma út seint eitt árið en halda svo áfram að vera vinsæl í byrjun þess næsta. Dæmi um slíkt lag er Murr Murr með Mugison.

Ólafur Páll Gunnarsson hjá Rás 2 telur að ef lög eigi að endast um ókomna tíð hér á landi sé mun líklegra að það gerist ef þau eru sungin á íslensku. „Gott sánd, stuð og stemning, bragð mánaðarins og allt mögulegt getur orðið til þess að lag slær í gegn.

En staðreyndir tala sínu máli og sagan segir okkur að ef lag ætlar sér að lifa lengi er íslenskan málið,“ segir Ólafur Páll. „Íslensku trefjarnar í textanum tryggja langlífi. Ef lagið á að ganga á milli kynslóða og enda eins og Stál og hnífur, Þórsmerkurljóð eða Bláu augun þín er það íslenski textinn sem fólk tengir við og hefur mest að segja. Fólk heyrir orðin og framkallar myndir í hugsa sér sem gleymast mun síður en viðlag á ensku, þótt það sé grípandi. Þetta tel ég að sé lykillinn.“

Ívar Guðmundsson, dagskrárstjóri Bylgjunnar, er á öndverðum meiði. Hann telur að „ensku“ lögin þurfi einfaldlega lengri tíma en þau íslensku til að öðlast vinsældir.

„Við finnum það í músíkkönnunum að lögin þurfa lengri tíma til að ná í gegn en okkur finnst þau lifa lengur. Hin verða fljótari að rísa upp en þau þeytast hraðar út.“

freyr@frettabladid.is

## VINSÆLUSTU „ENSKU“ Á RÁS 2 SÍÐUSTU SJÖ ÁR

**Dikta** - *Thank You* (2. sæti 2010)
**Jóhanna Guðrún** - *Is It True?* (2. sæti 2009)
**Dikta** - *Just Getting Started* (2. sæti 2008)
**Jeff Who** - *Barfly* (4. sæti 2006)
**Dísa** - *Anniversary* (5. sæti 2008)
**Hera Björk** - *Je Ne Sais Quoi* (5. sæti 2010)

## 30 SÉRFRÆÐINGAR VÖLDU 12 LÖG Á ENSKU Á 100 BESTU LÖG LÝÐVELDISINS SEM KOM ÚT 2008

**Herbert Guðmundsson** - *Can´t Walk Away*
**Jet Black Joe** - *Higher And Higher*
**Jet Black Joe** - *Rain*
**Jóhann G. Jóhannsson** - *Don´t Try To Fool Me*
**Mugison** - *Murr Murr*
**Trúbrot** - *To Be Grateful*
**Baraflokkurinn** - *I Don´t Like Your Style*
**Gus Gus** - *Polyesterday*
**Ellen** - *I Think Of Angels*
**Mínus** - *The Long Face*
**Sykurmolarnir** - *Hit*
**Magnús og Jóhann** - *Mary Jane*


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI

What's Your Number? — 12 LÚXUS midi.is
FRÁ FRAMLEIÐANDANUM SIGURJÓNI SIGHVATSSYNI KEMUR ÞRÆLMÖGNUÐ SPENNUMYND HLAÐIN STÓRLEIKURUM — KILLER ELITE — 16 LÚXUS midi.is
ABDUCTION — MÖGNUÐ SPENNUMYND Í ANDA BOURNE — 12 midi.is
ELDFJALL — L midi.is
RAUÐHETTA 2 — L midi.is
10 ÁRA AFMÆLI — 10 ÁRA GÖMUL VERÐ — Á ALLAR SÝNINGAR Í SMÁRABÍÓI

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| WHAT´S YOUR NUMBER LÚXUS | KL. 5.40 | 12 |
| KILLER ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| KILLER ELITE LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| RAUÐHETTA 2 ÍSL | KL. 4 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ROLLING STONES | KL. 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| PROJECT NIM | KL. 8 | L |
| LE HAVRE | KL. 6 - 10 | L |
| BOBBY FISHER | KL. 10.20 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10 | 12 |
| KILLER ELITE | KL. 8 - 10 | 16 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 6 | L |

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
KILLER ELITE — POWERSÝNING KL. 10.20 — 16
ABDUCTION — 12
JOHNNY ENGLISH REBORN — ★★★ K.I. - Pressan.is — 7
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
RAUÐHETTA 2 — L
STRUMPARNIR — L

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| KILLER ELITE | 5.50, 8 og 10.20(POWER) |
| ABDUCTION | 8 og 10.20 |
| RAUÐHETTA 2 - 3D | 4(950 kr) og 6 - ISL TAL |
| JOHNNY ENGLISH | 4(700 kr), 6, 8 og 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 3.50(950 kr) - ISL TAL |

SAMBÍÓIN
HUGH JACKMAN ER FRÁBÆR Í EINNI ÓVÆNTUSTU MYND ÁRSINS — ★★★★ -L.S. ET — REAL STEEL
MAGNAÐUR PRILLER — NOTHING SPREADS LIKE FEAR — CONTAGION
Drive — LION KING — JOHNNY ENGLISH

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 3:30 - 6 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| REAL STEEL Luxus VIP | kl. 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | VIP |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8:30 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | 3D | L |
| REAL STEAL | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |
| HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | 2D | L |
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| REEL STEEL | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 8 | 2D | L |
| ABDUCTION | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LION KING | kl. 6 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 5:30 | 2D | L |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| SHARK NIGHT | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 3:40 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 3:40 - 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRIVE | kl. 8 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 14 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

• 10 ÁRA AFMÆLI • 10 ÁRA
10 ÁRA GÖMUL VERÐ
Gríptu tækifærið og skelltu þér í vinsælasta og tæknivæddasta bíó landsins á 10 ára gömlum verðum!
SMÁRABÍÓ - fullkomin gæði

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó
SÝND KL.4 — RAUÐHETTA 2 3D
SÝND KL.4 — ATH 700 KR — JOHNNY ENGLISH REBORN
SÝND KL.3.50 — STRUMPARNIR
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
FÖSTUDAGUR: *CARLOS* 18:00, 21:10 ■ AÐFÖR AÐ LÖGUM 20:00 (Erla Bolladóttir svarar spurningum eftir sýningu), 22:00 ■ JODOROWSKY: FANDO Y LIS 20:00 (Gunnar T. Eggertsson kvikmyndafræðingur flytur inngang og svarar spurningum eftir sýn.) ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 22:00 ■ THORS SAGA 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*
VERTU FASTAGESTUR!
94% score -Metacritic — CARLOS
Geirfinnsmálið í brennidepli — AÐFÖR AÐ LÖGUM
ALEJANDRO JODOROWSKY: FANDO OG LIS



**FEÐGIN** Rowan Atkinson mætti með sextán ára dóttur sína, Lily, á frumsýningu en hún stal senunni af föður sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dóttirin stal senunni

**Við frumsýningu myndarinnar Johnny English Reborn biðu flestir ljósmyndarar eftirvæntingarfullir eftir aðalleikara myndarinnar, Rowan Atkinson. Það var hins vegar sextán ára dóttir hans, Lily Atkinson, sem stal senunni frá föður sínum á rauða dreglinum, en hún mætti á frumsýninguna í fylgd foreldra sinna.**

**Klædd í stuttan svartan kjól og hlébarðamunstraða hælaskó heillaði Lily ljósmyndara, sem létu flössin dynja. Breskir fjölmiðlar veltu síðan fyrir sér hvort stúlkan væri lík föður sínum eða móður, en komust að þeirri niðurstöðu að líklega ætti móðir Lily heiðurinn af glæsilegu útliti hennar.**

# Ekki hrifin af lýtaaðgerðum

Leikkonan Michelle Pfeiffer er ekki sérlega hrifin af lýtaaðgerðum en segir mikilvægt að fólk sé sátt við útlit sitt.

Pfeiffer segist ekki geta fundið að því að fólk lagfæri hitt og þetta en viðurkennir að sér finnist sorglegt þegar fólk gengur of langt í þeim málum. „Þegar fólk hættir að líta út eins og það sjálft þá finnst mér það sorglegt. Mér finnst óþægilegt að sjá þannig fólk, en ef það er sjálft sátt við útlit sitt þá ætti álit mitt ekki að skipta máli,“ sagði leikkonan í viðtali við Elle.

Í sama viðtali minnist hún þess tíma er hún lék í kvikmyndinni Scarface ásamt Al Pacino. „Ég var logandi hrædd allan tímann. Ég átti ekkert í þessa stórleikara, ég var bara lítil, grannvaxin stúlka sem hafði leikið í Grease 2.“



**LÝTAAÐGERÐIR SORGLEGAR** Michelle Pfeiffer segir sorglegt að sjá fólk sem hefur farið of oft í lýtaaðgerðir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Annað lag frá Trausta

**Trausti Laufdal og hljómsveit hans hafa sent frá sér annað lag af væntanlegri sólóplötu. Lagið nefnist Stórt er spurt og samdi Trausti það við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Kærasta Trausta, Hildur Þórlindsdóttir, syngur með honum í laginu. Fyrr í sumar sendi hann frá sér lagið Einn koss sem var í tíu vikur á vinsældalista Rásar 2. Með sólóverkefni sínu leitar Trausti í rætur blúsins í bland við íslenska dægurtónlist á borð við Hljómsveit Ingimars Eydal og Hljóma.**

# Lag gegn krabbameini

**Jónas Björgvinson hefur gefið út lagið Laufin lifa. Það verður á nýrri plötu hans sem kemur út á næsta ári. Jónas ákvað að gefa út Laufin lifa í tilefni fertugsafmælis síns á föstudaginn og vegna sérstakra aðstæðna. Lagið er tileinkað minningu Laufeyjar Ingibjargardóttur frá Akranesi og er til styrktar baráttunni gegn krabbameini. Allur ágóði af netsölu á Tonlist.is og Gogoyoko rennur til Krabbameinsfélags Íslands og í styrktarsjóð sona Laufeyjar. Styrktartónleikar fyrir drengina verða haldnir 19. október í Gamla bíói.**

Tónlist ★★★

**Stop That Noise**
Hellvar

## Hell-víti kröftugt




Á fyrstu plötu sinni döðruðu Heiða Eiríksdóttir og Elvar Geir Sævarsson við elektróníska tónlist og notuðust við forritaðan trommuheila. Núna er Hellvar orðið fimm manna band og fyrir vikið hafa áherslunar breyst og rokkið orðið meira áberandi þó svo að rafpælingarnar séu aldrei langt undan.

Stop That Noise var tekin upp „live“ á einni helgi og það skilar sér í fínni, nokkuð hrárri rokkplötu, þar sem falleg söngrödd Heiðu nýtur sín vel, hvort sem tungumálið er franska eða enska. Lögin eru flest góð en fyrri helmingurinn er ívið betri, með pönktryllinum svala I Should Be Cool og hinu hljómfagra Morceau de gaieté, sem ég get vel ímyndað mér að svínvirki á tónleikum, rétt eins og Too late, liar þar sem kröftugur gítarleikurinn og trommurnar ná þrusuvel saman. Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Fínt rokk með elektróník í bland sem ætti að njóta sín til fullnustu á tónleikum.



# sport

sport@frettabladid.is



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** kveður íslenska landsliðið í kvöld. Hann stýrir þá íslenska liðinu gegn Portúgal í Porto. Heimamenn þurfa sárlega á sigri að halda en íslenska liðið leikur eingöngu upp á stoltið rétt eins og í síðustu leikjum. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst klukkan 20.00.

*N1-deild karla:*

**Grótta-Haukar 24-34 (11-19)**

Mörk Gróttu: Jóhann Gísli Jóhannesson 8/1 (21/1), Friðgeir Jónasson 4 (5), Ágúst Birgisson 3 (4), Árni Árnason 3 (5), Benedikt Kristinsson 2 (3), Aron Jóhannsson 2 (3), Þorgrímur Ólafsson 2/1 (7/1),

Varin skot: Lárus Helgi Ólafsson 8 (30/2) 26,7%, Magnús Sigmundsson 9/1 (21/2) 42,9%

Mörk Hauka: Gylfi Gylfason 8/3 (10/3), Einar Pétursson 6 (7), Þórður Guðmundsson 5 (9), Tjörvi Þorgeirsson 5 (6), Stefán Sigurmannsson 4 (7/1), Heimir Óli Heimisson 2 (3), Freyr Brynjarsson 1 (1), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1 (1),

Varin skot: Birkir Guðmunds. 22/2 (46/2) 47,8%






# Ekkert EM-ævintýri að þessu sinni

**Alex Oxlade-Chamberlain afgreiddi íslenska EM-drauminn út af borðinu með því að skora þrennu í sannfærandi 3-0 sigri enska 21 árs landsliðsins í Laugardalnum í gær. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari var samt ánægður með frammistöðuna. Arnar Darri gaf Englendingum tvö mörk á silfurfati.**

**FÓTBOLTI** Það má segja að stjarna hafi fæðst í enskum fótbolta á Laugardalsvellinum í gærkvöldi þegar Arsenal-maðurinn Alex Oxlade-Chamberlain skoraði þrennu og fór oft illa með varnarmenn íslenska 21 árs landsliðsins.

Strákarnir hans Stuarts Pearce voru bara alltof góðir og gátu leyft sér að slaka á stóran hluta leiksins. Draumur íslenska liðsins um að komast aftur í úrslitakeppni EM er í raun úti eftir að strákarnir hafa aðeins náð í þrjú stig af níu mögulegum í fyrstu þremur heimaleikjum sínum í undankeppninni.

Alex Oxlade-Chamberlain gerði nánast út um leikinn með því að skora tvö mörk á fyrstu fimmtán mínútunum. Chamberlain innsiglaði síðan þrennuna í upphafi seinni hálfleiks úr þröngu færi framhjá Arnari Darra Péturssyni sem gaf honum tvö seinni mörkin á silfurfati í gær.

„Alex var frábær í kvöld, ekki bara vegna markanna sinni heldur hvernig hann spilaði allan leikinn," sagði Stuart Pearce, þjálfari enska liðsins.

„Það er eins og maðurinn sé á reiðhjóli inni á vellinum og það er ekki sanngjarnt fyrir marga að fara í spretti við hann. Hann er svakalega fljótur og hrikalega öflugur leikmaður," sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska liðsins, um mann leiksins.

Íslenska liðið gaf enska liðinu tvö markanna en það var það eina sem Eyjólfur gat kvartað yfir í leikslok. „Ég er ánægður með marga kafla í leiknum, uppspilið var í fínu lagi hjá okkur og við spiluðum boltanum vel. Okkur vantaði að fá þessi opnu færi og klára sóknirnar," sagði Eyjólfur og honum fannst liðið spila betur en í sigrinum á Belgum í fyrsta leik undankeppninnar.

„Mér fannst við vera góðir í þessum leik og vorum betri úti á vellinum í þessum leik en til dæmis á móti Belgum. Ég held að við séum á réttri leið og erum að bæta okkur. Við megum samt ekki fá svona klaufamörk á okkur," sagði Eyjólfur.

Kollegi hans, Stuart Pearce, var sáttur við leikinn en taldi þetta ekki hafa verið auðveldan sigur.

„Ég er viss um að þjálfari íslenska liðsins sé svekktur með tvö markanna. Ef þau hefðu ekki fallið fyrir okkur þá hefði þetta verið mjög spennandi leikur. Þetta var mjög gott kvöld því það er aldrei auðvelt að vinna 3-0 sigur á Íslandi."

ooj@frettabladid.is



**HÁLOFTABOLTI** Rúnar Már Sigurjónsson hoppar hér upp í skallabolta á meðan Jordan Henderson, leikmaður Liverpool, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SVEKKTUR** Arnar Darri gaf tvö mörk og var að vonum súr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsstúlkur úr leik í Meistaradeild Evrópu eftir slæmt tap á heimavelli gegn skoska liðinu Glasgow City:

# Niðurstaðan er gríðarleg vonbrigði fyrir okkur

**FÓTBOLTI** Glasgow City FC flaug áfram í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir 3-0 sigur á Val að Hlíðarenda í gær. Valsstúlkur náðu sér aldrei á strik í leiknum og voru úrslitin svo sannarlega sanngjörn. Hallbera Guðný Gísladóttir skoraði sjálfsmark í upphafi leiksins en Lisa Evans bætti síðan tveim mörkum við í síðari hálfleik fyrir gestina.

„Við ætluðum okkur að komast áfram í þessari keppni og því eru þetta mikil vonbrigði," sagði Gunnar Borgþórsson, þjálfari Vals, eftir ósigurinn í gær.

„Við vorum inni í leiknum allan fyrri hálfleikinn og fengum upplagt marktækifæri rétt eftir að þær skoruðu fyrsta mark leiksins. Stelpurnar voru mjög óheppnar að nýta ekki það færi, en síðan í síðari hálfleiknum ná þær að keyra upp hraðann sem þær hafa og skora tvö fín mörk. Þetta Glasgow-lið er frábært og vann þennan leik verðskuldað. Við erum með virkilega flottan hóp og mikið af ungum og efnilegum stelpum sem ég treysti fyrir þessu verkefni í dag."

„Maður getur ekki sagt annað en að þetta eru mikil vonbrigði," sagði Málfríður Erna Sigurðardóttir, fyrirliði Vals, eftir leikinn í gær. „Við ætluðum okkur að komast áfram í þessari keppni. Þegar þær skoruðu annað mark sitt í leiknum hrundi okkar leikur og við misstum held ég trúna á verkefnið. Ég myndi ekki segja að það væri mikill getumunur á þessum liðum, þær bara nýttu færin sín í leiknum og við ekki. Þessi keppni var mjög mikill bónus fyrir liðið eftir að hafa misst af Íslandsmeistaratitlinum."

- sáp



**HARKA** Valsstúlkur fengu að finna fyrir því í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# ÚTSALA

RISA

Aðeins í nokkra daga

(þó ekki risar sem slíkir)

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Fótboltaskór - Íþróttafatnaður - Hlaupaskór - Hlaupafatnaður

Fótboltaskór með allt að 50% afslætti

Vindjakki, barna 2.796 kr.

Vindjakkar með 60% afslætti

Takkaskór, barna 2.995 kr.

Bómullaríþróttabuxur með 40% afslætti

Bómullarbuxur, barna 3.594 kr.

Sundbolir með 30% afslætti

Sundbolur, dömu 5.994 kr.

Hettupeysur með 50% afslætti

Hettupeysa, barna 3.995 kr.

Hlaupabolir með 40% afslætti

Hlaupaskór frá 13.993 kr.

Hlaupaskór með 30% afslætti

UMBRO GASP Kempa MIZUNO uhlsport BETTER BODIES

Afgreiðslutímar
virka daga 10-18 og
laugardaga 11-16

SPORTLAND

Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík | Sími: 571-1000 | www.sportland.is

> **Stöð 2 kl. 19.50**
## Lifum heil – söfnunarútsending fyrir SEM samtökin

Bein útsending í opinni dagskrá sem haldin er vegna söfnunarátaks SEM, Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra. Kynnar kvöldsins eru Kolbrún Björnsdóttir og Sindri Sindrason og í útsendingunni kemur saman sannkallað landslið íslenskra grínista, skemmtir þjóðinni með óborganlegu gríni og hvetur hana um leið til að styrkja verðugt málefni.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER ÞRIÐJA HJÓLIÐ

# *Utanveltu í einkapartýi*

Ég hlusta ekki oft á útvarpið. Ekki að mér leiðist talað mál í dagsins önn, ég hef bara engan tíma til þess. Dagskrá heimilisins býður ekki upp á það og ég ferðast sjaldan í bíl, en það er helsti tími vinnandi fólks til að hlusta. Í langferð milli landshluta um daginn gat ég þó hlustað á útvarpið drjúgan part úr degi. Ég hlustaði á Andra Frey og Gunnu Dís á Rás 2 velta því fyrir sér hvort Buffalóskór væru mögulega að koma aftur í tísku. Þau spjölluðu hlæjandi saman eins og þau væru ein í heiminum og mér leið eins og að asna að hlera einkasamtal. Ég verð þó að hrósa Andra Frey fyrir lagaval sem var sem betur fer í engu tengt umræðuefni þeirra. Hver vill ekki hlusta á Chris Isaak í rigningu? Svo hlustaði ég á Óla Palla spjalla um einhvern gamlan gítarleikara við annan mann. Lagaval Óla Palla féll hins vegar ekki í kramið, mér leið eins og ég væri föst í eftirpartýi miðaldra rokkhunda sem spiluðu instrúmental blús og drykkju viskí. Ég átti ekkert erindi í þetta partý og leiddist. Leiddist að vera eins og þriðja hjól undir vagni og slökkti á útvarpinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leynifélagið **20.30** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.25 Otrabörnin** (27:41)
**17.50 Galdrakrakkar** (39:47)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andri á flandri** (3:6) (Norðurland) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Reykjavík - Seltjarnarnes) Spurningakeppni sveitarfélaga. Lið Reykjavíkur og Seltjarnarness keppa.
**21.20 Skólafjör** (Campus Confidential) Skólastelpa hefur útgáfu á blaði til að fletta ofan af leyndarmálum vinsælu krakkanna í skólanum.
**22.45 Borowski og fjórði maðurinn** (Tatort: Borowski und der 4. Mann) Í þessari þýsku sakamálamynd fæst Klaus Borowski, lögreglufulltrúi í Kiel, við snúið mál eftir að mannsfótur finnst í dýragildru í nágrenni borgarinnar. Leikstjóri er Claudia Garde og meðal leikenda eru Axel Milberg, Susanne Wolff og Tonio Arango. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.15 Sérsveitin III** (Mission: Impossible III) Njósnarinn Ethan Hunt berst við hættulegan vopnasala en reynir að halda því leyndu hver hann er til þess að vernda kærustuna sína. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.50 Nornfélagið**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (2:175)
**10.15 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:4)
**11.05 The Amazing Race** (7:12)
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Woman**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Týnda kynslóðin** (8:40)
**19.50 LIFUM HEIL - söfnunarútsending fyrir SEM samtökin** Bein útsending í opinni dagskrá sem haldin er vegna söfnunarátaks SEM, Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra. Markmið þeirra er að efla samhjálp mænuskaddaðra, vinna að auknum réttindum þeirra og bættri aðstöðu í þjóðfélaginu. Boðið verður upp á veglega skemmtidagskrá þar sem sannkallað landslið íslenskra grínista kemur saman, skemmtir þjóðinni með óborganlegu gríni og hvetur hana um leið til að styrkja verðugt málefni. Kynnar eru Kolbrún Björnsdóttir og Sindri Sindrason.
**23.00 Waiting to Exhale** Áhrifamikil og skemmtileg mynd um fjórar vinkonur sem allar standa á tímamótum, Þær eru annaðhvort að stofna til eða slíta ástarsamböndum. Rauði þráðurinn í samskiptum kvennana eru eiginmenn, kærastar og karlmenn, þær ýmist dásama þá eða telja þeim allt til foráttu. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók Terry McMillan.
**01.00 Zodiac**
**02.35 You Don't Mess with the Zohan**
**04.25 Pretty Woman**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Ísland U21 - England U21**
**17.00 Ísland U21 - England U21**
**18.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**19.15 Portúgal - Ísland** BEINT
**22.00 Svartfjallaland - England** Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 18.55.
**23.45 F1: Föstudagur**
**00.10 Portúgal - Ísland**
**01.55 Formúla 1 - Æfingar**
**04.45 Formúla 1 2011 - Tímataka** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Man. Utd. - Norwich**
**18.40 Blackburn - Man. City**
**20.30 Football League Show**
**21.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**21.30 Premier League World**
**22.00 Wolves - Newcastle**
**23.50 Swansea - Stoke**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (129:175)
**20.15 Chuck** (9:19)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Heimsréttir Rikku** (7:8) Matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún helgar hvern þátt þjóð sem á sér ríkulega matarhefð.
**22.25 The Closer** (11:15)
**23.10 The Good Guys** (11:20)
**23.55 Sons of Anarchy** (11:13)
**00.40 Chuck** (9:19)
**01.20 The Doctors** (129:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (4:14) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (4:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Being Erica** (7:12) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Parenthood** (7:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (15:50) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (41:50)
**20.00 Will & Grace - OPIÐ** (19:24)
**20.25 According to Jim** (8:18)
**20.50 Mr. Sunshine** (8:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðsgóða dóma.
**21.15 HA?** (3:12) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.
**22.05 The Bachelorette** (8:12)
**23.35 Hæ Gosi** (2:8) (e)
**00.05 Tobba** (3:12) (e)
**00.35 30 Rock** (6:23) (e)
**01.00 Got To Dance** (6:21) (e)
**01.50 Smash Cuts** (37:52)
**02.10 Whose Line is it Anyway?** (42:42) (e)
**02.35 Judging Amy** (13:23) (e)
**03.20 Jimmy Kimmel** (e)
**04.05 Jimmy Kimmel** (e)
**04.50 Will & Grace** (19:24) (e)
**05.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Frys.com Open (1:4) **11.00** Golfing World **11.50** US Open 2011 (2:4) **17.05** Champions Tour - Highlights (19:25) **18.00** Frys.com Open (1:4) **21.00** Frys.com Open (2:4) **00.00** ESPN America

## N4

**18.15** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**11.30** Fawlty Towers **12.05** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **13.45** The Inspector Lynley Mysteries **14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.30** QI **18.00** QI **18.30** QI **19.00** QI **19.30** Live at the Apollo **20.15** Live at the Apollo **21.00** The Graham Norton Show **21.50** Skavlan **22.45** The Graham Norton Show **23.30** QI **00.00** Live at the Apollo **00.45** Live at the Apollo

## DR 1

**12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Den travle by **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.30** Lokkeduen **22.20** My Best Friend's Girl **04.00** Noddy **04.10** Gnotterne **04.40** Kasper & Lise

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.50** Queen - Days of Our Lives **22.50** Hvem tror du at du er? **23.50** Country jukeboks m/chat

## svt1

**11.30** Från Lark Rise till Candleford **12.30** Friday night dinner **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Street Kings **21.45** Radio **23.30** Rapport **23.35** True Blood **00.30** Rapport **00.35** Starke man **01.05** Livet som hund **01.50** Rapport **01.55** Doobidoo **02.55** Rapport **03.15** Go'kväll

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




SONY

make.believe




Tilboð

199.990,-

Sparaðu 50.000.-

## MYNDGÆÐI Á GÓÐU VERÐI

KDL-40EX720

Sony myndgæði í þrívíddarsjónvarpi með innbyggðum sendi. Hér getur þú notað netið án þess að ræsa tölvuna!

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- Motionflow 200 Hz X-Reality myndvinnsla
- X-Reality myndvinnslukerfi
- Bravia Internet sjónvarp
- Opera netvafri innbyggður
- USB tengi fyrir video, tónlist og ljósmyndir
- WI-FI innbyggt

Tilboð 199.990.- Verð áður 249.990.-

# Áhyggjulaus sjónvarpskaup

Nýja EX7200 línan frá Sony er þunn, 200 riða, með upptöku og Opera internetvafra










Álstandur er aukabúnaður

### GLÆSILEGT 40" LED SJÓNVARP Á GÓÐU VERÐI

KDL-40EX520

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp
- Opera netvafri innbyggður
- USB tengi fyrir video, tónlist og ljósmyndir

Tilboð 179.990.- Verð áður 209.990.-

### FLOTT 46" SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

KDL-46CX520

- Full HD 1920x1080 punktar
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp
- Opera netvafri innbyggður
- USB tengi fyrir video, tónlist og ljósmyndir
- Hægt að nota Smart síma sem fjarstýringu

Tilboð 199.990.- Verð áður 239.990.-

### GLÆSILEGT 46" LED SJÓNVARP

KDL-46NX720

- Full HD 1920x1080 punktar
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Motionflow 400 Hz X-Reality myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp
- Opera netvafri innbyggður, WI-FI innbyggt
- USB tengi fyrir video, tónlist og ljósmyndir

Tilboð 359.990.- Verð áður 419.990.-

Sony Center býður 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar

Kringlunni 588 7669 www.sonycenter.is

Sony Center

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Ég hlusta ekki á neitt sérstakt lag en kemst alltaf í góðan gír við að setja gamla góða vínyl kántríplötu á fóninn."*

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, tónlistarkona.

# Forstjóri CCP biður notendur Eve afsökunar

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, hefur beðið notendur tölvuleiksins EVE Online opinberlega afsökunar á vefsvæði sínu. Bréfið er óvenju einlægt miðað við bréf frá forstjóra í tölvugeira og hefur vakið mikla athygli hjá vefsíðum sem fjalla um tölvuleiki.

CCP lenti í miklum vandræðum fyrr á þessu ári þegar innanhússbréf fyrirtækisins lak til notenda EVE Online en þar voru meðal annars reifaðar hugmyndir um að gera fólki kleift að kaupa sér aukin völd inni í leiknum með venjulegum peningum. Trúir og tryggir notendur urðu æfir og hótuðu að segja upp áskrift sinni enda tekur það marga mánuði að byggja upp veldi í leiknum.

En nú hefur Hilmar sem sagt beðist afsökunar á þætti sínum í málinu og viðbrögðum. „Sú gjá sem notendur hafa upplifað að hafi myndast milli þeirra og CCP er mér að kenna og mér þykir það leitt," skrifar Hilmar en hann byrjar bréfið á því að segja að síðastliðnir mánuðir hafi verið honum lærdómsríkir. Hann hafi leitað mikið inn á við og komist að því að það sé honum nauðsynlegt að hreinsa andrúmsloftið. Hilmar biðlar jafnframt til notenda að þeir sýni honum þolinmæði. „Ég var óþolinmóður þegar ég átti að vera varkár [...] og hrokafullur þegar ég átti að vera auðmjúkur."

Forstjórinn segist hafa verið þrjóskur og barið hausnum við steininn þegar honum var bent á mistök. „Þið [notendurnir] hafið talað hátt og skýrt bæði í orði og á borði. Og það eru vissulega mikilvæg augnablik þar sem ég vildi að ég hefði hlustað og tekið aðrar ákvarðanir. Ég hafði rangt fyrir mér og ég viðurkenni það." **- fgg**




**AUÐMJÚKUR** Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, hefur beðist afsökunar á þeirri gjá sem hefur myndast milli notenda EVE Online og fyrirtækisins.






**FENGU GÓÐA GESTI** Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen fengu góða gesti til liðs við sig við upptökur á nýju plötunni, þar á meðal David Byrne og Damon Albarn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON:** DAVID BYRNE ER ALGJÖRT ÆÐI

# Damon Albarn og David Byrne á plötu Ghostigital

Tónlistarmennirnir heimsþekktu David Byrne og Damon Albarn eru á meðal góðra gesta á væntanlegri plötu hljómsveitarinnar Ghostigital, Division of Culture and Turism.

„Byrne kom hingað til lands einhvern tímann og þá spurði ég hvort hann væri ekki til í að vera með okkur á plötu og hann sagði: „Já, endilega"," segir Einar Örn. „Við létum hann fá lagið [Dreamland] og hann fór með það heim, kláraði og sendi." Sykurmolinn fyrrverandi er að sjálfsögðu ánægður með samstarfið við Byrne, sem er þekktur sem fyrrverandi forsprakki hljómsveitarinnar Talking Heads. „Þetta er þrusuflott sem hann gerir. Hann er algjört æði."

Einar Örn og Íslandsvinurinn Damon Albarn hafa lengi verið vinir. „Ég var að spila fyrir hann grunnana og sýna honum hvað við værum að gera. Þá sagði hann: „Má ég fá eitt lag?" Ég sendi honum þrjú lög og hann valdi eitt og spilar á píanó í því." Einar Örn hafði áður sungið fyrir Albarn í lagi sem átti að hljóma á plötu Gorillaz, Plastic Beach. „Þeir sáu sóma sinn í að nota mig ekki í lokaútgáfunni. Ég var inni á kynningarmyndunum, teiknaður inn sem páfagaukur, þannig að ég notaði ekki allt píanóið sem hann gerði fyrir mig, bara til að ná mér niðri á honum."

Aðrir gestir á plötu Ghostigital eru King Buzzo úr bandarísku hljómsveitinni Melvins, Alan Vega úr hinni áhrifamiklu sveit Suicide, rapparinn Sensational og Nick Zinner, gítarleikari Yeah Yeah Yeahs. Þeim síðastnefnda kynntist Einar Örn þegar þeir fóru saman til Eþíópíu í fyrra ásamt tónlistarmönnum á borð við Alex Kapranos úr Franz Ferdinand og þeim Flea og Josh Klinghoffer úr Red Hot Chili Peppers. Verkefnið nefnist African Express og í því eru ólíkir tónlistarmenn leiddir saman. Um nokkurs konar andsvar við hátíðinni Band Aid er að ræða þar sem lögð er áhersla á að draga upp jákvæða ímynd af Eþíópíu. „Við spiluðum einn konsert saman, ég, Flea og Klinghoffer. Þetta var alveg stórkostlegt. Ég söng með þeim tveimur og Flea sagði að það hefði verið alveg magnað að hafa tekið þátt í þessu." **freyr@frettabladid.is**







# Baðaði sig upp úr laxerolíu

„Já, þetta fór ekki alveg eins og þetta átti að fara," segir Sigrún Blomsterberg dansari en hún ætlaði sér stóra hluti í prufunum fyrir dansþáttinn Dans Dans Dans sem fóru fram um helgina.

Sigrún meiddist í nára á föstudeginum en reyndi að gera allt svo hún gæti tekið þátt í keppninni á laugardeginum. „Ég var byrjuð að finna fyrir smá eymslum á föstudaginn en svo þegar ég var að fínpússa atriðið mitt um kvöldið fór ég alveg í náranum," segir Sigrún. Hún var í beinu sambandi við sjúkraþjálfarann sinn um nóttina og lá meðal annars í laxerolíubaði góða stund, en það á að mýkja vöðva og hjálpa til við að vinna bug á meiðslum af þessu tagi.

„Ég er vön að harka öll meiðsli af mér og hef dansað bæði rófubeins- og rifbeinsbrotin. Ég er svo þrjósk að ég var meira að segja komin í gallann og á leiðinni upp í Laugardalshöll haltrandi á laugardagsmorguninn. Svo áttaði ég mig á því að ég væri ekkert að fara að taka þátt svona haltrandi og aum," segir Sigrún en hún sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir viku að hún væri með brjálað atriði í undirbúningi.

„Nú verð ég bara heima að horfa á þáttinn sem verður óneitanlega bæði gaman og skrýtið, því ég var orðin spennt yfir að taka þátt. Ég verð bara að geyma atriðið mitt til betri tíma," segir Sigrún sem verður bara að liggja heima og jafna sig á meiðslunum næstu daga og hefur því aflýst allri kennslu næstu daga. „Það er erfitt þegar maður vinnur við að hreyfa sig að þurfa að slaka á en ég verð róleg í smástund og kem svo aftur af fullum krafti." **- áp**



**GAT EKKI VERIÐ MEÐ** Sigrún Blomsterberg meiddist illa í náranum daginn fyrir prufur Dans Dans Dans og er mjög svekkt yfir að hafa ekki getað tekið þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# „AFHJÚPAR SPILLT VALDAKERFI“

1. sæti
Metsölulisti Eymundsson
Handbækur/fræðibækur/ævisögur
28.09.- 04.10.2011

„Þræðir valdsins er í senn afar áhugaverð bók og mikilvæg bók leyfi ég mér að segja. Þetta er bókin sem við þurfum að lesa til að minna okkur á og opna augu okkar fyrir þeirri spillingu sem viðgengst og hvernig og hvers vegna hún viðgengst. ... Þessari bók er ekki hægt annað en að mæla með.“ **– Brynjólfur Þór Guðmundsson, fréttamaður**

„Spennandi eins og góð glæpasaga. Afhjúpar spillt valdakerfi. Trúverðug rannsóknarvinna fyrsta flokks blaðamanns.“ **– Svanur Kristjánsson, stjórnmálafræðingur**



Jóhann Hauksson
fékk Blaðamannaverðlaunin árið 2010




VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Júlli verðlaunaður

Heldri knattspyrnumenn í Þrótti héldu lokahóf sitt um síðustu helgi. Glatt var á hjalla í veislunni og voru leikmenn verðlaunaðir fyrir ágæta frammistöðu í sumar. Í flokki 40-50 ára var kvikmyndaleikstjórinn **Júlíus Kemp** til að mynda verðlaunaður fyrir að greiða æfingagjöldin á réttum tíma. Þá hlaut Jón Kaldal, ritstjóri Fréttatímans og formaður knattspyrnudeildar Þróttar, verðlaunin Besti tuddinn. Þau verðlaun eru jafnan veitt grófasta leikmanni liðsins.



### Þýskir fá Snjóblindu

Glæpasagan Snjóblinda eftir **Ragnar Jónasson** kemur út hjá þýska útgáfufyrirtækinu Fischer í dag. Nefnist sagan Schneebraut þar í landi. Fréttablaðið sagði frá því í fyrra að forlagið hefði tryggt sér útgáfuréttinn tíu dögum eftir að Veröld gaf bókina út hér á landi. Síðar í þessum mánuði er væntanleg ný spennusaga frá Ragnari, Myrknætti.



### Popparar söðla um

Ný plata tónlistarmannsins Arnar Elíasar Guðmundssonar, **Mugison,** hefur vakið mikla athygli á þeirri viku sem liðin er frá því að hún kom út. Yfir tvö þúsund eintök hafa þegar selst, sem verður að teljast fantagóður árangur. Athygli vekur að útgáfufyrirtækið Kimi Records sér um dreifingu fyrir Mugison, sem undanfarið hefur látið Senu sjá um þá hlið mála. Senu hefur aftur á móti borist góður liðsauki því hljómsveitin Retro Stefson hefur gengið til liðs við útgáfuna. Retro Stefson var áður hjá Kima en næsta plata sveitarinnar, sem ráðgert er að komi út á fyrri hluta næsta árs, kemur út undir merkjum Senu. **- hdm**



## Mest lesið vísir

1. Fangar þurfa sjálfir að greiða fyrir stinningarlyfin
2. Minnast spámannsins í rúllukragabolnum
3. Heimaklettur baðaður bleiku
4. Vilja svipta ábúanda leyfi til búfjárhalds
5. Helgi Hjörvar: Ráðning Páls er hneyksli


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


